BIRGIR ÖRN SVEINSSON

*Hefur æft íshokkí í sautján ár*

Heilsa Jólin koma

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

BLEIK TÆKNIVÆÐING

*Bleiki liturinn herjar á tækniheiminn*

Sérblað um tölvur og tækni

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

**SÉRBLAÐ**

**TIGER ÍSLAND**

**FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG**


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. desember 2006 — 333. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

**Ríkisútvarpið**

Eldri hljóðritanir Gufunnar liggja undir skemmdum.

MENNING 64

**Furðuleg ástríða**

Róbert Douglas gerir heimildarmynd um áhuga Íslendinga á enska boltanum.

FÓLK 46

**Hófsamir jólasveinar**

„Hitt þykir mér verra þegar skórnir fyllast af verðmætum, langt umfram það sem eðlilegt má teljast“ segir Inga Rósa Þórðardóttir.

Í DAG 24

**Pardew rekinn**

Eggert Magnússon og stjórn West Ham rak í gær knattspyrnustjórann Alan Pardew.

ÍÞRÓTTIR 40

## VEÐRIÐ Í DAG




**STREKKINGUR** Í dag verður norðaustan strekkingur á Vestfjörðum og Snæfellsnesi, annars hægari. Éljagangur norðan og austan til en úrkomulítið syðra lengst af í dag. Yfirleitt frost.

VEÐUR 4



**SKÖTUVERKUN Á ÍSAFIRÐI** Meðlimir í Lionsklúbbi Ísafjarðar verka skötu í aðdraganda Þorláksmessu. Eina konan í hópnum, Bjarndís Friðriksdóttir, er einnig formaður klúbbsins þetta árið. FRÉTTABLAÐIÐ / HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

Lionsklúbburinn á Ísafirði:

## Skötuvertíðin að ná hámarki

**ÍSAFJÖRÐUR** Lionsklúbburinn á Ísafirði hefur til fleiri ára verkað og selt skötu í aðdraganda jóla og látið ágóðann renna til líknarmála. Að sögn Kára Jóhannssonar, gjaldkera klúbbsins, stendur skötuvertíð yfir í um tvo mánuði og hafa þau þegar sent frá sér um tíu tonn. Kári segir enda eftirspurnina vera mun meiri en framboðið. „Við erum að þessu fyrir Þorláksmessuna og sendum skötuna um allt land og jafnvel víðar. Það er mikið hringt í okkur frá gömlum Vestfirðingum sem vilja ekta skötu.“ Lionsklúbburinn fær skötuna gefins frá tveimur útgerðum í bænum. Hún endar síðan á borðum landsmanna á Þorláksmessu. - þsj

# Halldór Ásgrímsson hafði afskipti af tilboðum í ÍAV

**Halldór Ásgrímsson lét þau orð ganga inn á fund einkavæðingarnefndar að honum sýndist sem tvö tilboð í hlut ríkisins í Íslenskum aðalverktökum væru sambærileg. Nefndarmaður gagnrýndi aðkomu ráðherrans.**

**EINKAVÆÐING** Á fundi einkavæðingarnefndar hinn 28. mars 2003, viku eftir að tilboðsfresti í hlut ríkisins í ÍAV lauk, greindi Sturla Sigurjónsson, starfsmaður í utanríkisráðuneytinu, frá samtali sínu við þáverandi utanríkisráðherra, Halldór Ásgrímsson. Sturla sagði Halldór hafa sagt sér að hann væri „á þeirri skoðun að tvö tilboð væru sambærileg“.

Í kjölfarið er bókað að Baldur Guðlaugsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins og núverandi ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, hafi ekki talið framgang málsins vera í samræmi við fyrra vinnulag þar sem það væri hlutverk einkavæðingarnefndar að leggja tillögur fyrir ráðherranefndina en ekki öfugt.

Á fundinum var áframhaldið umræðu frá fundinum á undan þar sem rætt var um hvernig ætti að leggja mat á tilboðin eftir að umsjónaraðili útboðsins, Landsbanki Íslands, hafði sagt sig frá því vegna tengsla við tvo bjóðendur. Sú tillaga kom fram að einkavæðingarnefnd myndi sjálf leggja mat á tilboðin en ekki óháðir sérfræðingar af fjármálamarkaði líkt og áður var áætlað. Nefndin myndi síðan leggja það mat fyrir ráðherranefnd um einkavæðingu til samþykktar. Ekki er bókað hverjir lögðu fram þessa tillögu.

Sævar Þór Sigurgeirsson, sem sat sem annar fulltrúi Framsóknarflokksins í einkavæðingarnefnd, fór að þessu loknu yfir sitt mat á tilboðunum og gaf þeim einkunnir. Varð niðurstaða hans sú sama og Halldórs. Á fundi einkavæðingarnefndar hinn 16. apríl var Jafet Ólafsson frá Verðbréfastofunni hf. boðaður og ákveðið að fá fyrirtæki hans til að meta tilboðin. Á fundinum var rætt um tímaramma málsins og sagði einkavæðingarnefnd Jafeti að „pressa“ væri á málinu.

Viku síðar, hinn 23. apríl, var niðurstaða Verðbréfastofunnar kynnt á fundi einkavæðingarnefndar. Tveimur dögum seinna var gengið til samninga við EAV ehf. um kaup á hlut ríkisins. Hvorki náðist í Halldór Ásgrímsson né Baldur Guðlaugsson. - þsj / sjá bls. 6

Drukknir íslenskir bræður óku á dönsk ungmenni í bænum Hadsten:

## Íslendingar í haldi í Danmörku

**LÖGREGLUMÁL** „Þeir eru grunaðir um manndrápstilraun og um ölvunarakstur,“ segir John Dybdal, varðstjóri lögreglunnar í Randers, um tvo íslenska bræður sem eru nú í gæsluvarðhaldi í Danmörku.

Bræðurnir, sem eru 20 og 27 ára gamlir, lentu í átökum eftir heimsókn á diskótekið Goggen í bænum Hadsten sunnan við Randers á laugardagskvöld að því er segir í Ekstrablaðinu.

John Dybdal segir að bræðurnir hafi verið staddir öðrum megin járnbrautarteina við lestarstöð þegar grjótkast upphófst við tíu manna hóp danskra pilta á aldrinum 15 til 17 ára sem voru hinum megin við teinana.

„Þeir hentu steinum hverjir að öðrum. Síðan slógust menn með höndum og fótum. Íslendingarnir tveir hlupu að bíl sínum og ræstu hann og óku beint inn í hóp ungmennanna,“ segir John.

Að sögn danska varðstjórans urðu fjórir af piltunum fyrir bílnum. „Einn þeirra slasaðist alvarlega og var fluttur á sjúkrahús í Árhus. Hann mun lifa af en var mjög alvarlega slasaður. Annar piltur liggur á sjúkrahúsi hér í Randers en hinir tveir fengu að fara heim eftir skoðun á sjúkrahúsinu,“ segir John.

Bræðurnir létu sig hverfa af vettvangi en voru handteknir af lögreglu nærri Árhus. Þar kom í ljós að eldri bróðirinn var illa haldinn.

„Eldri bróðirinn lagðist skyndilega á jörðina. Drengirnir höfðu sparkað í miltað á honum. Hann liggur því líka á spítalanum í Árhus. Mér skilst að hann sé kominn á almenna deild og því úr hættu,“ segir John.

Bræðurnir voru úrskurðaðir í þriggja daga gæsluvarðhald á sunnudag. John segist hafa heyrt að eldri bróðirinn hafi ekið bílnum og að sá yngri hafi játað að þeir hafi verið drukknir. Óljósara sé með átökin.

John segir að þótt móðir bræðranna eigi heimili í Danmörku viti hann ekki hvort þeir sjálfir séu búsettir í landinu. Hann veit heldur ekki hvort bræðurnir hafi komist í kast við lögin fyrr. „Ég hef aldrei heyrt þeirra getið áður,“ segir John Dybdal.

- gar

Taktu enga áhættu! Veldu KEA í jólamatinn

**SPURNING DAGSINS**

*Bjarni, er virkilega svona sælla að gefa en þiggja?*

Auðvitað er sælla að gefa en þiggja. Í þessu tilfelli átti hins vegar enginn neitt til að gefa, nema þjóðin sjálf.

Þjóðkirkjan gaf á dögunum íslenska ríkinu eftir eignarrétt á gamla prestssetrinu á Þingvöllum og Þingvallakirkju. Bjarni Kr. Grímsson er formaður Prestssetrasjóðs.

Mikil spenna í stjórnmálum Palestínumanna:

# Skotárás á drengi vekur reiði

**GAZA, AP** Byssumenn skutu í gær til bana þrjá unga syni háttsetts öryggismálafulltrúa palestínsku heimastjórnarinnar. Yfir 60 skot dundu á bíl sem drengirnir sátu í á leið í skóla í Gazaborg.

Skotárásin er olía á eld átaka milli stríðandi fylkinga Palestínumanna. Faðir drengjanna átti fyrir tíu árum þátt í að stýra átaki palestínskra yfirvalda gegn liðsmönnum Hamas-samtakanna herskáu. Honum hefur tvisvar áður verið sýnt banatilræði, en hann var ekki í bílnum með sonum sínum í gærmorgun.

Talsmenn Hamas, sem nú halda um stjórnartauma heimastjórnarinnar, sóru af sér að samtökin hefðu komið nærri tilræðinu og hétu því að allt yrði gert til að hafa uppi á ódæðismönnunum.

**SORG** Mohammed Dahlan, þingmaður Fatah, þurrkar tár í útför þriggja drengja sem myrtir voru á Gaza í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Spenna hefur farið vaxandi að undanförnu milli liðsmanna Hamas og Fatah-hreyfingarinnar, sem áður var allsráðandi í heimastjórninni en Mahmoud Abbas, forseti Palestínumanna, er einn leiðtoga hennar. Á sunnudag hótaði Abbas því að boða á ný til kosninga til palestínska löggjafarþingsins, í kjölfar þess að viðræður um myndun samstjórnar Hamas og Fatah fóru út um þúfur. Hótunin fór illa í Hamas-menn, sem sökuðu Abbas um að leggja á ráðin um valdarán.

Þingmenn Fatah kröfðust þess í gær að Abbas ræki Hamas-stjórnina. - aa

Bandarískur sjávarútvegur:

## Styðja sjónarmið Íslendinga

**SJÁVARÚTVEGSMÁL „Á þessum fundi kom skýrt fram einarður stuðningur við okkar sjónarmið," segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra sem hitti í gær formann heildarhagsmunasamtaka bandarísks sjávarútvegs, John Connelly. Washington Post birti í gær bréf eftir Connelly þar sem hann andmælti sjónarmiðum leiðarahöfundar blaðsins varðandi botnvörpuveiðar. Einar segir þá einmitt hafa rætt um þetta við Connelly. „Hann undirstrikaði sterka stöðu Íslands og það góða orðspor sem Íslendingar hafa fyrir auðlindanýtingu sína," segir Einar.** - gar

# Bandaríkin sviki ekki eigin grunngildi

**Kofi Annan, fráfarandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, beindi spjótum sínum að Bandaríkjastjórn er hann hélt eina síðustu ræðu sína í embætti í gær. Bandaríkin hefðu sérstöku ábyrgðarhlutverki að gegna vegna risaveldisstöðu sinnar.**

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Í kveðjuávarpi sínu sem framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna gagnrýnir Kofi Annan ríkisstjórn George W. Bush Bandaríkjaforseta harkalega og varar við því að Bandaríkjamenn megi ekki fórna lýðræðisgildum sínum í stríði sínu gegn hryðjuverkum.

Annan flutti ræðuna í minningarsafni um Harry S. Truman, sem var forseti Bandaríkjanna á fimmta áratugnum, í Independence í Missouri í Bandaríkjunum í gær.

„Mannréttindi og réttarríki eru lykilatriði fyrir öryggi og velferð í heiminum," sagði Annan, samkvæmt ræðutexta sem AP-fréttastofan fékk í hendur áður en ræðan var flutt. Þegar Bandaríkin „virðast yfirgefa eigin gildi og markmið eru vinir þeirra í öðrum löndum skiljanlega undrandi og ráðvilltir," sagði Annan.

Annan lætur af embætti framkvæmdastjóra SÞ um áramótin, eftir tíu ára feril í þessu áhrifamikla starfi.

Allt frá því Bandaríkjamenn og Bretar ákváðu að ráðast inn í Írak árið 2003 án þess að hafa til þess ótvírætt umboð öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hefur Annan verið meðal helstu gagnrýnenda Íraksstríðsins, en mjög hefur borið á þessari gagnrýni hans nú undir lok embættistíðar hans.

Annan segir Bandaríkjamenn hafa sérstöku ábyrgðarhlutverki að gegna í alþjóðamálum vegna þeirra óhemju miklu valda sem þau ráða yfir sem eina risaveldi heimsbyggðarinnar.



**KVEÐJUÁVARP** Annan flytur ræðu sína í Truman-safninu í Missouri í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Annan dró saman fimm meginhugmyndir sem hann álítur nauðsynlegt að virða í siðmenntuðum heimi: sameiginleg ábyrgð, alþjóðleg samstaða, réttarríki, gagnkvæmt traust og fjölþjóðleg nálgun að lausn deilumála.

Annan kaus að flytja lokaræðu sína í Truman-safninu að hluta til vegna þess að það er tileinkað Bandaríkjaforseta sem átti mikinn þátt í stofnun Sameinuðu þjóðanna. Í ræðunni er ítrekað borið lof á Truman en Bush er hvergi nefndur á nafn.

Annan hvatti líka til þess að öryggisráðið verði endurskipulagt. Rétt væri að fjölga fastafulltrúum í því til að raddir heimshluta heyrðust, sem þar hafa haft lítið að segja til þessa enda endurspeglaði núverandi skipulag heiminn eins og hann var árið 1945. Hann brýndi líka núverandi fastafulltrúa-veldin fimm, sem hafa neitunarvald í ráðinu, til að „standa undir þeirri sérstöku ábyrgð sem fylgir forréttindum þeirra".

audunn@frettabladid.is

**HARÐRÆÐI** Börn væru betur haldin ef mæður réðu meiru um útgjöld fjölskyldunnar. NORDICPHOTOS/AFP

Skýrsla Barnahjálpar SÞ:

## Kúgun kvenna skaðar heilsu

**BANDARÍKIN, AP** Konur eru oft útilokaðar frá ákvarðanatökum fjölskyldunnar um matar- og lyfjakaup sem veldur því að börn þeirra eru vannærð og þeirra eigin heilsa í hættu. Þetta segir í nýrri skýrslu Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna um rannsókn sem náði til þrjátíu landa í öllum heimsálfum. Karlmenn í þróunarlöndunum, sem stýra oft fjármálum fjölskyldunnar, setja aðra hluti í forgang en mat. Í Kamerún verja konur 74 prósentum tekna sinna í mat fyrir fjölskylduna en karlar aðeins 22 prósentum af sínum tekjum. Segja skýrsluhöfundar að aukið jafnrétti kynjanna í heiminum myndi minnka vannæringu, bæta heilsufar fátækra og auka menntun bæði drengja og stúlkna. - smk

**SVÍÞJÓÐ**

### Fuglar aflífaðir

Fjögur hundruð sjófuglar hafa verið aflífaðir við Gautland í Svíþjóð því þeir voru útataðir í olíu. Yfirvöld hafa ekki hugmynd um hvaðan olían hefur lekið.

**ARMENÍA-AZERBAÍDSJAN**

### Kosið í Nagorno-Karabakh

Yfirgnæfandi meirihluti kjósenda í héraðinu Nagorno-Karabakh í Kákasusfjöllum hefur samþykkt drög að stjórnarskrá, þar sem héraðið er lýst sjálfstætt ríki.

Grund ósátt við Ísafold:

## Krefjast rannsóknar lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** Stjórn Grundar vill lögregluransókn á því hvort

REYNIR TRAUSTASON

blaðamaður og ritstjóri tímaritsins Ísafoldar hafi brotið lög með grein um elliheimilið. Segist stjórn Grundar meðal annars telja að Ísafold hafi brotið lög um friðhelgi einkalífsins. Óskað hafi verið eftir því við Reyni Traustason ritstjóra að síðari hluti greinarinnar verði ekki birtur. „Þess er vænst að lögreglustjórinn í Reykjavík hraði rannsókn málsins og þeir sem ábyrgir eru fyrir refsiverða háttsemi sæti opinberri ákæru fyrir brot sín," segir stjórn Grundar. Ritstjóri Ísafoldar hefur áður hafnað gagnrýni yfirmanna Grundar. - gar

Ung kona á Selfossi:

## Kærir gest fyrir nauðgun

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Selfossi rannsakar nú meinta nauðgun sem sögð er hafa átt sér stað aðfaranótt laugardags. Rúmlega tvítug kona lagði fram kæru á hendur tæplega fertugum karlmanni sem hafði fylgt henni heim sem gestur eftir að þau höfðu verið á skemmtistað þar í bænum. Eftir að konan lagði fram kæru á laugardagsmorgun var hún skoðuð á neyðarmóttöku fyrir fórnarlömb nauðgana. Maðurinn var látinn laus í hádeginu þann dag eftir yfirheyrslur. Hann neitar að hafa nauðgað konunni en segir þau hafa haft samfarir með vilja beggja.** - gar

Frambjóðendur Vinstri grænna voru almennt sparsamir fyrir forvalið:

## Svartar sokkabuxur vógu þungt

**STJÓRNMÁL** Svartar bómullarsokkabuxur voru dýrasti útgjaldaliður Steinunnar Þóru Árnadóttur, frambjóðanda í forvali VG á höfuðborgarsvæðinu. Steinunn Þóra keypti sokkabuxurnar, sem kostuðu 2.700 krónur, sérstaklega til að klæðast á kosningavöku og nýttust þær því ekki til atkvæðaveiða.

STEINUNN ÞÓRA ÁRNADÓTTIR

Alls varði Steinunn Þóra rétt tæpum 5.000 krónum til kosningabaráttunnar; fimm hundruð krónur féllu til vegna hráefnis í köku og eintak af tímaritinu Hér og nú kostaði 395 kr.

Paul Nikolov ferðaðist með leigubílum á kjördag fyrir tæpar 1.900 krónur og um 700 krónur fóru í kaup á hráefni í eplaböku. Alls kostaði kosningabarátta hans rúmar 2.600 krónur.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir hélt vöffluboð á kjördegi og áætlar að það hafi kostað um 6.000 krónur og varði að auki 2.500 krónum til kökugerðar fyrir sameiginlegan kosningafund frambjóðenda.

Katrín Jakobsdóttir varði rúmum 30 þúsund krónum fyrir lén og hýsingu heimasíðu en Friðrik Atlason getur ekki áætlað heildarkostnað sinn þar sem hann veit ekki hve mikið hann setti í kaffibaukinn á flokksskrifstofunni. Ljóst er þó að hann er ekki undir 1.500 krónum.

SIGURVEGARI FORVALSINS Ögmundur Jónasson varð efstur í prófkjöri Vinstri grænna á höfuðborgarsvæðinu.

Kristján Hreinsson kveðst svo hafa komið út í plús þar sem hann seldi slatta af bók sinni Aldrei kaus ég Framsókn.

Kostnaður VG vegna forvalsins er rúmar 1.200 þúsund krónur. Um 800 þúsund féllu til vegna útgáfu bæklings með upplýsingum um frambjóðendur. - bþs

# Jólagleðji

**2.259 kr.**

## L'ORÉAL – MEN EXPERT
Hydra Energetic krem sem endurnýjar orku húðarinnar. Rakgel fyrir viðkvæma húð. Hreinsigel og taska fylgir með sem kaupauki.

**3.995 kr.**

## CALVIN KLEIN – CK ONE
Nýr, ferskur og spennandi ilmur fyrir bæði herra og dömur.

**2.179 kr.**

## CLARINS – MASKARAKASSI
Wonder volume maskari, 30 ml augnfarðahreinsir og 5 ml augngel.

**4.259 kr.**

## VERSACE - GJAFAKASSI
Versace Bright Crytal dömuilmur. Nýr, aðlaðandi og ferskur blómailmur.

**2.139 kr.**

## VAN GILS – VGV
Nýjasti ilmurinn frá Van Gils.
Edt. 30 ml spray. 100 ml sturtusápa fylgir frítt með.

## LEVANTE – SOKKABUXUR
Vekja athygli!

**1.390 kr.**

## EUCERIN – GJAFATASKA
Dekur um jólin. Eucerin húðmjólk og sturtuolía.

**1.590 kr.**

## FRÁBÆRT FYRIR MATARBOÐIÐ!
Mataruppskriftir frá Ítalíu, Mexíkó, Indlandi og fleiri löndum ásamt 60 mín. af tilheyrandi tónlist á einum og sama disknum.

Einnig úrval geisladiska frá SENU.

## GJAFAPOKI FYLGIR GJAFAVÖRUM

Komdu til okkar og skoðaðu frábært úrval af gjafasettum handa henni eða honum.

Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 35133 11/06

**GENGIÐ 11.12.2006**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,41 | 69,75 |
| Sterlingspund | 135,4 | 136,06 |
| Evra | 91,57 | 92,09 |
| Dönsk króna | 12,28 | 12,352 |
| Norsk króna | 11,263 | 11,329 |
| Sænsk króna | 10,115 | 10,175 |
| Japanskt jen | 0,5935 | 0,5969 |
| SDR | 104,52 | 105,14 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
125,4188
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Rannsókn ríkissaksóknara á dauða þrítugs karlmanns stendur enn yfir:

# Bíða niðurstöðu úr sýnatöku

**LÖGREGLUMÁL** Ríkissaksóknari bíður þess að niðurstaða fáist úr rannsókn á blóð- og vefsýnum úr þrítugum karlmanni sem lést eftir að hafa fengið hjartastopp í lögreglubifreið á leið frá Radisson SAS Hótel Sögu niður á lögreglustöð.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu þurftu lögreglumenn að beita manninn harðræði til þess að yfirbuga manninn en hann hafði látið ófriðlega á hótelinu en hann hafði verið á jólahlaðborðsskemmtun á staðnum. Fíkniefni fundust á hótelherbergi mannsins.

Sigríður Friðjónsdóttir, hjá ríkissaksóknara, segir skýrslutökur standa enn yfir. „Það hafa verið teknar skýrslur af lögreglumönnum þar sem þeir hafa réttarstöðu sakborninga en það hefur ekkert komið fram ennþá sem bendir til þess að eitthvað óeðlilegt hafi átt sér stað. En það er of snemmt að tjá sig um hver niðurstaða málsins verður þar sem rannsókn stendur enn yfir. Mestu skiptir að fá á því ótvíræðar skýringar hvert banamein mannsins var. Líklega eru ennþá tvær til þrjár vikur í að það fáist úr því skorið."

Haft hefur verið eftir Geir Jóni Þórissyni, yfirlögregluþjóni í Reykjavík, í Fréttablaðinu að lögreglan hafi ekki þurft að beita manninn harðræði þegar hann skyndilega fékk hjartastopp. Maðurinn lést á sjúkrahúsi viku eftir að hann fékk hjartastopp í bifreiðinni. - mh

**LÖGREGLUSTÖÐIN VIÐ HVERFISGÖTU** Rannsókn á dauða karlmanns eftir hjartastopp í lögreglubifreið stendur enn yfir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lögreglumenn í Reykjavík:

## Báru ekki nein vopn á vaktinni

**LÖGREGLUMÁL Ásgeir Þór Ásgeirsson, aðalvarðstjóri í Lögreglunni í Reykjavík, neitar því alfarið að lögreglumenn hafi verið vopnaðir vegna ítrekaðra líflátshótana í kjölfar þess að maður lést eftir að hafa fengið hjartastopp í lögreglubifreið. „Það er ekki rétt að lögreglumenn hafi verið vopnaðir vegna líflátshótana, eins og greint var frá í fréttum Stöðvar 2 [í gærkvöld]. Sérsveitarmenn sem voru á vakt um helgina báru ekki heldur nein vopn."**

**Í fréttum Stöðvar 2 var frá því greint að lögreglumenn hafi borið vopn, meðal annars skotvopn, um liðna helgi.** - mh

# Fjármálaóreiða úti-loki ríkisborgararétt

**Árangurslaust fjárnám, gjaldþrotaskipti eða vanskil á skattgreiðslum leiða til höfnunar umsókna um íslenskan ríkisborgararétt, samkvæmt nýju frumvarpi dómsmálaráðherra. Ákvæði um kunnáttu í íslensku tekur gildi eftir tvö ár.**

**STJÓRNMÁL** Standast þarf próf í íslensku til að öðlast íslenskan ríkisborgararétt, samkvæmt nýju frumvarpi Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra. Ráðherra skal tilgreina kröfur um íslenskukunnáttu í sérstakri reglugerð þar sem jafnframt er mælt fyrir um undanþágur fyrir þá sem telja verður ósanngjarnt að gera þessa kröfu til. Ráðgert er að þetta ákvæði frumvarpsins taki ekki gildi fyrr en eftir tvö ár svo svigrúm gefist til að byggja upp íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Í frumvarpinu, sem samið er af nefnd ráðherra sem skipuð var í janúar, er einnig gert ráð fyrir að það leiði til höfnunar á umsókn um íslenskan ríkisborgararétt ef veruleg óreiða er á fjármálum umsækjanda þannig að árangurslaust fjárnám hafi verið gert hjá honum á síðastliðnum þremur árum eða bú hans tekið til gjaldþrotaskipta. Þá má viðkomandi ekki vera með skattgreiðslur í vanskilum.

Ennfremur þarf umsækjandi að sýna fram á að hann geti framfleytt sér hérlendis með lögmætum hætti og hafi ekki þegið framfærslustyrk frá sveitarfélagi síðastliðin þrjú ár. Sambærilegt ákvæði núgildandi laga kvað á um að slíkur styrkur hefði ekki verið þeginn í tvö ár.

Umsækjandi má ekki hafa sætt sektum eða fangelsisrefsingu eða eiga óloknu máli í refsivörslukerfinu. Þó eru undantekningar þar á, meðal annars sú að veita megi ríkisborgararétt að liðnu einu ári frá því að brot var framið sem sætti sekt lægri en fimmtíu þúsund krónur. Hafi maður verið dæmdur til afplánunar í fangelsi í eitt ár eða lengur þurfa fjórtán ár að líða þar til hann getur fengið íslenskan ríkisborgararétt.

Fjölmörg ákvæði núgildandi laga eru einnig í nýja frumvarpinu. Til dæmis þarf umsækjandi eftir sem áður að hafa verið búsettur hér á sjö ár til að öðlast ríkisborgararétt. Borgari í einhverju hinna Norðurlandanna þarf að hafa búið hér í fjögur ár.

Alþingismennirnir Bjarni Benediktsson, Guðjón Ólafur Jónsson og Guðrún Ögmundsdóttir sátu í nefnd ráðherra er samdi frumvarpið, ásamt Kristínu Völundardóttur sýslumanni og Fanneyju Óskarsdóttur og Hauki Guðmundssyni, starfsmönnum dómsmálaráðuneytisins.

bjorn@frettabladid.is

**BJÖRN BJARNASON** Nýtt frumvarp dómsmálaráðherra um íslenskan ríkisborgararétt miðar meðal annars að því að samræma og tengja saman skilyrði ríkisborgararéttar og skilyrði búsetuleyfis. Myndin er úr safni.

**JÓN BALDVIN HANNIBALSSON** Ágreiningur er uppi um hvort málið sé opinbert eða einkamál.

Kæra á hendur Jóni Baldvini:

## Úrskurðað um málsmeðferð

**DÓMSMÁL** Kæra uppkominna barna Sigurjóns heitins Sigurðssonar, fyrrum lögreglustjóra í Reykjavík, á hendur Jóni Baldvini Hannibalssyni, fyrrum ráð- og sendiherra, er nú fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Þar verður á næstunni kveðið upp úr um hvort málið skuli rekið og rannsakað sem opinbert mál eða sem einkamál.

Kæran á hendur Jóni fjallar um að hann hafi kallað Sigurjón „alræmdan lögreglustjóra", þegar Jón ræddi símhleranir í sjónvarpssal. Sigurjón lést árið 2004. Börn hans eru sex talsins og er hið yngsta fætt árið 1955. - kóþ

**NOREGUR**

### Kennslukona dæmd

Norsk kennslukona var í gær dæmd í þriggja mánaða fangelsisvist fyrir að misnota kynferðislega fjórtán ára gamlan karlkyns nemanda sinn. Hún var jafnframt fundin sek um að hafa gefið lögreglu rangar upplýsingar, en hún sagði piltinn hafa nauðgað sér.

### Nauðgari dæmdur

Tæplega þrítugur karlmaður var í gær dæmdur í fjögurra ára og átta mánaða fangelsi fyrir að hafa nauðgað konu í Þrándheimi í Noregi í sumar. Var dómurinn óvenju harður, því maðurinn er HIV-smitaður en notaði enga verju við verknaðinn. Konan slapp við smit.

**NORRÆNA** Fíkniefni hafa fundist nokkrum sinnum á þessu ári í ferjunni.

Litháar í Norrænu:

## Með 6,5 kíló af amfetamíni

**DÓMSMÁL** Tveir litháískir karlmenn, 24 ára og 31 árs, hafa verið ákærðir fyrir innflutning á 6,5 kílóum af amfetamíni til Íslands. Aðalmeðferð í málum þeirra beggja fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Mennirnir komu til landsins 31. ágúst með Norrænu. Tollverðir á Seyðisfirði fundu tæplega 4,5 kíló af amfetamíni undir mælaborði í Audi-bifreið eldri mannsins og í bifreið yngri mannsins fundust rúmlega tvö kíló af amfetamíni. Grunur leikur á að fíkniefnin hafi verið ætluð til söludreifingar. Óvíst er hvenær dómsuppsaga verður í málum mannanna. - mh

Seldu dætur sínar:

## Móðirin dæmd á réttargeðdeild

**DANMÖRK Móðir danskrar telpu, sem seld var mörgum karlmönnum í Tønder í Danmörku, var í gær dæmd til vistar á réttargeðdeild til frambúðar. Hún vissi af misnotkun eiginmanns síns á tveimur dætrum þeirra, sem og því að hann seldi öðrum karlmönnum aðgang að líkama eldri telpunnar.**

**Fyrir rétti kom jafnframt fram að faðirinn hefur verið meðlimur í djöfladýrkendaklúbbi. Hann bíður enn dóms, en auk móðurinnar hafa þrettán karlmenn hlotið dóm í málinu.**

**Telpurnar eru níu og tólf ára í dag. Þær eru nú í umsjá félagsmálayfirvalda.** - smk

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

KALDIR DAGAR
Kortin eru fremur kuldaleg í dag og næstu daga. Það eru smálægðir að nuddast af og til með suðurströnd landsins og því má búast við nokkurri úrkomu á landinu komandi daga. Yfirleitt verður þetta á hvítu formi en þó gæti það orðið fljótandi með suðurströndinni og sunnan til að deginum. Gangi spár eftir er að sjá harðnandi frost í hægum vindi á föstudag en helgarhorfurnar eru á nokkru reiki ennþá.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG
Fremur hæg austlæg átt. Skýjað með köflum og úrkomulítið. Vægt frost.

*um hádegi »*




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8°C skúrir | London | 11°C léttskýjað | Alicante | 16°C skúrir |
| Þórshöfn | 6°C skúrir | París | 8°C skúrir | Mallorca | 15°C skúrir |
| Osló | 6°C hálfskýjað | Frankfurt | 5°C skúrir | Algarve | 15°C skúrir |
| Stokkhólmur | 7°C skúrir | Friedrichshafen | 6°C skúrir | Krít | 20°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 9°C skúrir | Berlín | 7°C hálfskýjað | Las Palmas | 21°C alskýjað |

*» á morgun*




5-10 m/s.

*» fimmtudagur*




8-13 m/s á Vestfjörðum, annars hægur.

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Landslið matreiðslumeistara er samstarfsaðili Hagkaupa

# Besti hryggurinn

## að mati landsliðs matreiðslumeistara

Við fengum kokkalandsliðið til að taka út nýja hamborgarhrygg Hagkaupa. Dómar landsliðsins eru einróma - **þetta er besti hryggur sem það hefur smakkað!**

# Gæða hangikjöt

## í suðupoka

Við viljum vera viss um að gæði kjötsins haldist óskert alla leið á diskinn þinn. Þess vegna setjum við hangikjötið í suðupoka, þú smellir bara pokanum með hangikjötinu beint í pottinn og sýður skv. leiðbeiningum. **Þannig haldast öll bragðgæði kjötsins betur og gæðin koma skemmtilega á óvart.**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**KJÖRKASSINN**

*Er jólaleyfi þingmanna of langt?*

JÁ 86,1%

NEI 13,9%

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Er fátækt til á Íslandi?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Í útboðsgögnum vegna sölu Íslenskra aðalverktaka var ekki gert ráð fyrir fyrirvörum við tilboð:

# Verðbréfastofan dró gildi tilboðs EAV í efa

**EINKAVÆÐING** Í greinargerð Verðbréfastofunnar hf. um mat á tilboðum í hlut ríkisins í ÍAV kemur fram að hún hafi talið það orka tvímælis hvort tilboð EAV ehf. væri raunverulega gilt. Í útboðsgögnum hefði nefnilega ekki verið gert ráð fyrir því að bjóðendur gætu sett fyrirvara í tilboð sín. Það hafi hins vegar EAV ehf. gert. Enginn annar bjóðandi setti slíka fyrirvara í tilboð sín.

Fyrirvarar EAV ehf. voru umtalsverðir auk þess sem þeir gáfu upp verðbil á því hvað þeir væru tilbúnir til að borga fyrir hvern hlut í stað fasts verðs á hlut líkt og aðrir bjóðendur.

Verðbréfastofan hf. lagði þann skilning í málið að ef öllum fyrirvörum EAV ehf. yrði fullnægt myndu efri mörk tilboðsins gilda. Í greinargerðinni segir þó að matsaðilinn telji „þessa fyrirvara í besta falli ekki ganga upp og hægt er að velta upp þeirri spurningu hvort tilboðið sé í raun gilt“.

Samkvæmt upplýsingum sem einkavæðingarnefnd kom til Verðbréfastofunnar var ekki hægt að taka neina af þeim fyrirvörum sem settir voru fram í tilboði EAV ehf. gilda. Því hafi Verðbréfastofan hf. talið nærtækast að telja í besta falli að lægsta mögulega tilboð EAV ætti þá að gilda. Líkt og sést á meðfylgjandi töflu er það tilboð, sem matsaðilinn mælti með að tekið yrði gilt, ekki hæst.

Einkavæðingarnefnd ákvað samt sem áður að taka hæsta tilboð EAV ehf. gilt og ganga til samninga við það félag, sem að endingu eignaðist ÍAV hf. **- þsj**

**RÖÐ BJÓÐENDA**

Verðbréfastofan hf. var fengin til að meta tilboðin eftir að Landsbankinn sagði sig frá málinu vegna hagsmunatengsla við tvo bjóðendur.

| | |
|---|---|
| 1. EAV ehf. hæsta verð | 89 % |
| 2. Jarðboranir hf. | 88 % |
| 3. EAV ehf. meðalverð | 86 % |
| 4. EAV ehf. lægsta verð | 83 % |
| 5. Joco ehf. | 79 % |
| 6. JBB ehf. og TSH | 67 % |

JBB ehf. og TSH stendur fyrir JB Byggingarfélag og Trésmiðju Snorra Hjaltasonar. Verðbréfastofan hf. taldi nærtækast að ætla að lægsta tilboð EAV ehf. ætti að gilda vegna þeirra fyrirvara sem settir voru í tilboð þeirra. Samt sem áður ákvað einkavæðingarnefnd að selja þeim hlut ríkisins í ÍAV.

Safaríkar upplýsingar í Xerox litum gera það að verkum að útkoman er lesandanum í fersku minni.

Xerox litaprentarar, fjölnota kerfi og stafrænar prentvélar.

XEROX® EJS

BBC WORLD SERVICE


# Símasambandsleysi olli vanda á slysstað

**Símasambandsleysi á Gemlufallsheiði seinkaði viðbrögðum björgunarfólks er hóflutningabifreið fauk út af veginum í gærmorgun. TETRA-sendar verða settir upp á næstunni og þeir stórauka öryggi, segir yfirlögregluþjónn á Ísafirði.**

**UMFERÐARSLYS** „Það er í raun tilviljun að ekki fór verr því það er símasambandslaust á þessum slóðum sem hefði getað skapað meiri vanda,“ segir Jón Reynir Sigurðsson, bifreiðastjóri hjá fyrirtækinu Græði, undirverktaka Vegargerðarinnar, en hann var við störf á Gemlufallsheiði er hópflutningabifreið fauk út af veginum.

Bifreiðin var á leið frá Önundarfirði til Dýrafjarðar og var veður slæmt á staðnum er slysið varð.

Átta voru í bifreiðinni er hún fauk út af og valt 50 til 60 metra niður af veginum. Allir sluppu við alvarleg meiðsli en að sögn Jóns Reynis kvörtuðu nokkrir farþeganna undan verkjum í hálsi og baki. „Ég þurfti að keyra nokkra kílómetra á snjómokstursbílnum til þess að komast í nægilega gott símasamband og tilkynna um slysið. Ég byrjaði á því að kanna ástand þeirra sem í bifreiðinni voru og sem betur fer sluppu allir við mikil meiðsl. Hins vegar hefði getað farið verr og það er algjörlega ótækt að símasamband sé ekki fyrir hendi á þessum slóðum. Það munaði minnstu að bifreiðin




**VESTFIRÐIR** Slysið varð á Gemlufallsheiði sem er á milli Önundarfjarðar og Dýrafjarðar. Þar er ekki símasamband.

**FRÁ ÍSAFIRÐI** Símasambandslaust er víða á fjallvegum á Vestfjörðum en setja á upp TETRA-kerfið í landshlutanum í mars og apríl á næsta ári. Lögreglan á Ísafirði segir öryggi stóraukast með uppsetningu kerfisins. FRÉTTABLAÐIÐ/HALLDÓR

endaði ofan í árfarvegi og þá hefði hver mínúta getað skipt máli,“ segir Jón Reynir.

Lögregla fékk tilkynningu um slysið rétt eftir hálfátta í gærmorgun og var lögreglan, ásamt sjúkraflutningamönnum, komin á vettvang eftir um tuttugu mínútur frá tilkynningu um slysið. Greiðlega gekk að koma farþegum á sjúkrahús en skyggni var slæmt er slysið varð og var starf lögreglu og sjúkraflutningamanna erfitt fyrir vikið. Lögreglan gat ekki staðfest hvort allir farþegar bifreiðarinnar hefðu verið í bílbeltum.

Önundur Jónsson, yfirlögregluþjónn á Ísafirði, segist binda miklar vonir við uppsetningu fjarskiptakerfis eftir TETRA-staðli en það verður tekið í notkun í mars eða apríl á næsta ári. „Það er mikil þörf á því að styrkja fjarskiptakerfi á Vestfjörðum sem allra mest til þess að stytta viðbragðstíma bæði lögreglu og sjúkraflutningamanna. Það horfir til betri vegar þar sem TETRA-sendar svonefndir verða settir upp á fyrrihluta næsta árs. Þótt vissulega sé brýn þörf á því að bæta fjarskiptin þá horfum við bjartari augum fram á veginn en undanfarin ár.“

Nýlega var ákveðið að Neyðarlínan myndi festa kaup á TETRA-kerfinu til þess að stytta viðbragðstíma björgunarfólks þegar aðstoðar þess er þörf.

Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, sagði að þó ekkert gsm-samband væri á þessum slóðum væri langdræga farsímakerfið NMT virkt yfir alla heiðina. Til stendur að leggja NMT-kerfið niður árið 2008. **magnush@frettabladid.is**

Málflutningur vegna kæru fimm einstaklinga er tengjast Baugi Group:

# Ummæli ekki í réttu samhengi

**DÓMSMÁL** Gestur Jónsson, lögmaður Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, forstjóra Baugs Group, sagði fyrir dómi að gær að yfirmenn embættis ríkislögreglustjóra hefðu átt að leiðrétta ummæli þeirra í fjölmiðlum fyrst þau voru ekki rétt.

Sérstaklega var vitnað til ummæla sem höfð voru eftir þeim í Blaðinu þar sem Haraldur Johannessen sagði að rannsókn á skattamálum, sem nú eru til meðferðar hjá ríkislögreglustjóra, myndi fá umfjöllun líkt og um skattsvikamál væri að ræða.

Málflutningur vegna kæru Jóns Ásgeirs, Kristínar Jóhannesdóttur, Jóhannesar Jónssonar, Tryggva Jónssonar og Stefáns Hilmarssonar á hendur yfirmönnum ríkislögreglustjóra vegna meints vanhæfis fór fram í gær. Hélt Gestur Jónsson því meðal annars fram að yfirmenn ríkislögreglustjóra gæfu sér þá hugmynd fyrirfram að sakborningar í málinu væru sekir, án

**ÚR DÓMSAL** Lögmenn tókust á um hvort yfirmenn ríkislögreglustjóra væru vanhæfir til þess að koma að rannsókn Baugsmálsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

þess að sekt þeirra hafi verið sönnuð.

Jón H.B. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, sagði ummæli sem höfð voru eftir honum og Haraldi í Blaðinu ekki hafa verið í réttu samhengi og þá neitaði Jón H.B. því eindregið að ummæli yfirmanna ríkislögreglustjóra bentu til þess að embættið gæfi sér hugmynd um það fyrirfram að tilteknir aðilar máls væru sekir.

Ekki liggur fyrir hvenær úrskurðað verður í málinu en Eggert Óskarsson héraðsdómari hefur málið nú til umfjöllunar.

Aðalmeðferð í seinna Baugsmálinu sem tekið hefur verið til efnismeðferðar fyrir dómi fer fram 12. febrúar á næsta ári. **- mh**

# Gefðu mér gott í skóinn...

**CD TASKA**

Flottar CD töskur, fáanlegar fyrir 12, 24, 48 og 96 diska í litríkum töskum

VERÐ FRÁ: **199,-**

STK. **99,-**

**SPARIBAUKAR**

Litlir, sætir sparibaukar. Veldu þann sem að þér þykir flottastur, margar gerðir fáanlegar.

LÍTIÐ: **199,-**

**VASALJÓS**

Tvær stærðir af vasaljósum. Stór verð aðeins **299,-**

STK. **199,-**

**PÚSSLUSPIL**

Fyrir börnin.

**299,-**

**INNISOKKAR**

Þykkir og mjúkir innisokkar fyrir börn. Nokkrar mismunandi tegundir og litir.

VERÐ ADEINS: **990,-**

**„DISNEY" VEGGSKRAUT**

Flott plastskraut á frábæru verði til að setja á vegginn þinn! 3 stk. í pakka.

**199,-**

**BARNAFINGRAVETTLINGAR**

Flottir fingravettlingar á börnin. Til í nokkrum mismunandi litasamsetningum.

VERÐ FRÁ: **199,-**

**HÚFUR OG VETTLINGAR**

Góðar flíshúfur, prjónahúfur, flíshanskar og prjónavettlingar fyrir dömur og herra. Gott verð!

ST. 18 SM: **299,-**

**„PRINCESS" SKRAUTPÚÐAR**

Krúttilegir hjartalaga púðar með fjaðraskrauti. Stærð 18 sm.

## ... góði jólasveinn í nótt

PAKKINN: **790,-**

**FLÓNELSTEPPI**

2 stk. í gjafapakkningu, yndislega mjúk.

**399,-**

**GJAFASETT**

Glæsilegt 3ja hluta gjafsett fyrir litlu krílin. Settið inniheldur: húfu, hosur og smekk.

ALLT SETTIÐ: **990,-**

**DISNEY BAÐSETT**

Falleg Disney lína á baðherbergið. Settið inniheldur tannburstaglas, vatnsglas og sápuskammtara. 2 gerðir, Princess og Bangsímon.

STK. **99,-**

**LYKLAKIPPUR**

Mjúk og sæt dýr til að hafa sem lyklakippu.

STK. **199,-**

**„DISNEY" ÞVOTTAKLÚTAR**

Flottir „Disney" þvottaklútar, stærð 30x30 sm.

**„PRINCESS" GLÖS OG DISKAR**

Veldu á milli Prinsessu eða Bangsímon mynda. Glas, diskur og skál saman í pakka.

ALLT SETTIÐ: **990,-**

STK. **299,-**

**TASKA**

Frábær taska fyrir allt dótið. Fáanleg með „Care Bears", „Batman", „Spiderman" og „Bratz" myndum.

3 PÖR: **249,-**

**UNGBARNASOKKAR**

Góðir sokkar fyrir litlu krílin. Margar stærðir og gerðir fáanlegar. Stærðir: 0-6 mánaða, 6-12 mánaða og 12-24 mánaða.

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

Gerðu góðverk þegar þú kaupir jólagjöfina hjá okkur

Sharp GX 17
9.900 kr.
live! símtæki

Komdu með gamla símann þinn og:

Vodafone gefur 1.000 kr. til góðgerðamála fyrir hvern gamlan GSM síma.

Þú færð 1.000 kr. afslátt af nýjum síma.

Gamli síminn verður sendur til þróunarlanda eða endurunninn.

**Látum gott af okkur leiða um jólin**

Komdu við í verslun okkar eða hjá umboðsmanni, hringdu í 1414 eða smelltu þér á www.vodafone.is til að fá nánari upplýsingar.

Motorola PEBL
19.900 kr.
live! símtæki

vodafone
gríptu augnablikið og lifðu núna

Rannsóknin á dauða fyrrverandi rússneska njósnarans í London:

# Ný spor í Moskvu og Hamborg

**RÚSSLAND, AP** Breskir rannsóknarlögreglumenn yfirheyrðu í gær, að sögn rússneskra fjölmiðla, fyrrverandi leyniþjónustumanninn Andrei Lugovoi í Moskvu, en hann er einn þeirra sem átti fund á hóteli í Lundúnum þann 1. nóvember með Alexander Litvinenko, rússneska njósnaranum fyrrverandi sem dó úr geislunareitrun þremur vikum síðar.

Bresku lögreglumennirnir hafa verið í Moskvu í viku til að vinna að rannsókn málsins og heimsóttu í gær sjúkrahús sem sérhæfir sig í meðhöndlun geislunarsjúklinga. Annar lykilmaður í rannsókninni, Dmitry Kovtun, er talinn vera í meðferð þar vegna geislunareitrunar.

Lögregla í Hamborg í Þýskalandi hefur fundið leifar af geislavirka efninu pólon-210 í íbúð fyrrverandi eiginkonu Kovtuns þar í borg, en hann millilenti þar í fjóra daga áður en hann hélt á fundinn með Litvinenko í London 1. nóvember. Konan, sambýlismaður hennar og tvö ung börn kunna að hafa komist í snertingu við hið hættulega efni, að því er talsmaður þýsku lögreglunnar, Thomas Menzel, greindi frá. **- aa**

**GEISLAMENGUN** Starfsmenn geislavarna þýska ríkisins í Haselau, vestur af Hamborg, í gær, þar sem leifar af pólon-210 hafa fundist. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Krefja Aðalverktaka og bæinn um bætur

**Tryggingafélög íbúanna í Klapparhlíð 1 í Mosfellsbæ munu líklega gera kröfu um bætur frá bæjarsjóði og Íslenskum aðalverktökum. Mikið tjón varð í vatnsflóði. Bæjarstjórinn segir skýringar íbúanna um bilun í dælubúnaði ekki réttar.**

**FLÓÐ** „Ég gæti trúað að það yrðu einhver eftirmál," segir Vörður Leví Traustason, formaður húsfélagsins í Klapparhlíð 1, þar sem stórskemmdir urðu í miklu vatnsflóði aðfaranótt sunnudags.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær segja íbúar hússins að vatn hafi streymt inn í kjallara inn um loftræstiop eftir að tjörn myndaðist á nálægu hringtorgi þar sem rafmagnsdæla hafi gefið sig í brunni. Miklar skemmdir hafi orðið á húseigninni sjálfri og munum í geymslum íbúanna.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir bæjarstjóri dregur skýringar íbúanna í efa.

„Bæjarverkfræðingur upplýsti mig um það á fundi í morgun og taldi að það væri af og frá að því sem væri haldið fram að hafi gerst gæti hafa gerst vegna þess að dælur eru hér á fimm metra dýpi," sagði bæjarstjórinn í gær og vísaði að öðru leyti á Jóhönnu Hansen bæjarverkfræðing, sem ekki svaraði skilaboðum.

Vörður Leví ítrekar hins vegar frásögnina í Fréttablaðinu í gær um að vatnsdæla hefði gefið sig í brunni í fráveitukerfi bæjarins við hringtorg nálægt húsinu. „Ég horfði ofan í þetta. Raftaflan fyrir dæluna var á kafi í vatni svo hún sló út. Vatnið rann eftir götunni og flæddi inn um lofræstiopið hjá okkur."

**TÆKJAKLEFINN** Svarta röndin sýnir hversu hátt flóðið var í kyndiklefanum. Vatn flæddi upp á rafmagnstöfluna svo rafmagn sló út í sameigninni.

**LOFTRÆSTIRÖRIN LEKA** Vatnið hreinlega flæddi út um loftræstirörin í kjallaranum. MYND/VÖRÐUR LEVÍ TRAUSTASON

Húsið Klapparhlíð 1 er fyrir fólk yfir fimmtugt og er nýbyggt af Íslenskum aðalverktökum, en íbúarnir fluttu inn í sumar.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins munu fulltrúar tryggingafélaganna hafa haft á orði að tjón á persónulegum munum íbúanna yrði bætt en krafa síðan gerð á bæjarsjóð, hönnuði og byggjendur hússins um endurgreiðslu. Vörður segir þessi mál öll enn á frumstigi.

„Þeir ætla að skoða hvernig hönnun loftræstikerfis hússins er háttað og hvort hún sé samþykkt af bæjaryfirvöldum. Þeir vilja skoða þetta ofan í kjölinn með hönnuði hússins og verktakanum," segir Vörður sem trúir því ekki að eigendur íbúðanna sitji uppi með skaðann: „Það verður þá bara lögfræðimál, það er ekki spurning. Bærinn hlýtur að bera ábyrgð, ég trúi ekki öðru," segir Vörður.

**gar@frettabladid.is**

Neyðarhringingar úr bílum koma til með að auka öryggi ökumanna til muna:

# Sjálfvirk hringing úr bílum

**FJARSKIPTI** Sturla Böðvarsson samgönguráðherra er nú staddur í Brussel þar sem hann undirritar yfirlýsingu um að Ísland verði eitt af þeim löndum sem komi að sjálfvirkri neyðarhringingu úr bílum í Neyðarlínuna.

Samgönguráðuneytið, ND á Íslandi ehf. og Neyðarlínan hafa þegar undirritað viljayfirlýsingu um að vinna sameiginlega að því að hérlendis verði unnt að taka upp sjálfvirka hringingu úr bílum í Neyðarlínuna og að þróa notkun Saga-hugbúnaðarkerfisins vegna innheimtu veggjalda og eftirlits með hvíldarákvæðum í umferðarlögum.

**VILJAYFIRLÝSING UNDIRRITUÐ** Friðgeir Jónsson, framkvæmdastjóri ND á Íslandi, Sturla Böðvarsson samgönguráðherra og Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar.

Jóhannes Tómasson, upplýsingafulltrúi samgönguráðuneytisins, segir að neyðarhringingar úr bílum komi til með að auka öryggi ökumanna til muna þar sem sjálfvirk hringing verði um leið og slys verði sem flýti viðbragðstíma til muna. „Þetta flýtir einnig mjög fyrir réttum viðbrögðum, dregur úr afleiðingum slysa og getur jafnvel bjargað mannslífum." Gert er ráð fyrir að bílaiðnaðurinn verði búinn að taka upp viðkomandi tækni eigi síðar en árið 2010.

Skipuð verður verkefnisstjórn í byrjun næsta árs en hlutverk hennar er að setja fram verk- og kostnaðaráætlun um næstu skref og halda undirbúningi áfram í samræmi við viljayfirlýsinguna. **- hs**

HONDA
The Power of Dreams

Afsláttur

# 259.000

Drífðu núna

## Sláum 259.000 kr. af fjórhjóladrifnum CR-V

Drífðu þig núna!

Fullbúinn **CR-V** rúmgóður
fyrir þig, þína og allt dótið
tilboðsverð frá aðeins:

**2.890.000** kr.
beinskiptur ES

**2.990.000** kr.
sjálfskiptur ES

honda.is

Þú brunar áfram á framúrskarandi fjórhjóladrifnum Honda CR-V sem kemur þér þangað sem þig langar hvort sem það er út í næstu verslun á snjóþungum vetrardegi eða upp í næstu skíðabrekku. Honda CR-V er hlaðinn búnaði og með aksturseiginleika eins og best verður á kosið. Honda CR-V er einstaklega rúmgóður fyrir þig, þína og allt dótið.
**Drífðu þig og kynntu þér CR-V á Honda góðu tilboði.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
**www.bernhard.is**

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

Bíll á mynd er EXE útfærsla.

H:N markaðssamskipti / SÍA





Sameining Landsvirkjunar, Orkubús Vestfjarða og RARIK:

# Hamlar samkeppni

**ORKA** Óheppilegt er að Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins verði systurfélög á raforkumarkaði og dótturfélög Landsvirkjunar. Með sameiningunni minnka möguleikar til samkeppni.

Þetta er álit Gísla Tryggvasonar, talsmanns neytenda, á tillögu iðnaðarnefndar Alþingis um að eignarhlutur ríkisins í Orkubúi Vestfjarða og RARIK verði lagður inn í Landsvirkjun. „Ég sé ekki hvernig þessi ráðstöfun styður þá stefnu stjórnvalda að stuðla að samkeppni á raforkumarkaði, neytendum í hag," segir Gísli og vísar í fyrri umsagnir sínar um málið. **- kóþ**

**GÍSLI TRYGGVASON** Talsmaður neytenda telur sameiningu orkufyrirtækja ekki jákvæða fyrir neytendur.

**VIÐKVÆM UMRÆÐA** Íranski utanríkisráðherrann Manouchehr Mottaki talar í Teheran í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umdeild ráðstefna hafin í Teheran:

# Helförin var rædd í ríki klerkanna

**ÍRAN, AP** Umdeild ráðstefna um helförina gegn gyðingum var opnuð í Teheran í gær. Utanríkisráðherrann Manouchehr Mottaki sagði í opnunarávarpi að tilgangurinn væri „hvorki að afneita né sanna að helförin hafi átt sér stað", en frumkvæðið að boðun hennar átti Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti, sem hefur sagt helförina vera „goðsögn" og að þurrka bæri Ísrael af landakortinu.

Að sögn talsmanna alþjóðamálastofnunar íranska utanríkisráðuneytisins mættu 67 erlendir vísindamenn frá þrjátíu löndum á ráðstefnuna. Á henni gæfist tækifæri til að ræða þetta mál í andrúmslofti sem væri laust við „tabú Vesturlandabúa".

Stjórnvöld í Þýskalandi, Bandaríkjunum og fleiri vestrænum ríkjum fordæmdu tiltækið. Ísraelski forsætisráðherrann Ehud Olmert kallaði ráðstefnuna „sjúkt fyrirbæri".

Sá fáheyrði atburður átti sér annars stað í Teheran-háskóla í gær, að hópur námsmanna hafði uppi hávær mótmæli gegn Ahmadinejad forseta er til stóð að hann héldi þar ræðu. **- aa**

MEST

HÖFUM FLUTT SKRIFSTOFUR OKKAR AÐ FORNUBÚÐUM 5.
MEST hefur flutt skrifstofur sínar frá Malarhöfða 10 að Fornubúðum 5 í Hafnarfirði. Þar verður einnig vöruhús MEST.

STÆRRA OG MEIRA MEST

MEST / Malarhöfða 10, Bæjarflöt 4, Reykjavík / Bæjarhrauni 8, Hringhellu 2, Kaplahrauni 2-4, , Fornubúðum 5, Hafnarfirði / Hrísmýri 5, Selfossi / Leiruvogi 2, Reyðarfirði / Sími 4 400 400 / www.mest.is

# Humarveisla

Frábær humarsúpa

Bornholmshumarsúpa
**299** kr/stk

hvergi lægra verð

**799** kr/kg.

Hornafjarðarhumar 1 kg.

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda12. desember til 17. desember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi

H:N markaðssamskipti / SÍA

Réðust inn á verkfræðiskrifstofu Hönnunar á Reyðarfirði í ágúst síðastliðnum:

# Átta dæmdir vegna mótmæla

**DÓMSMÁL** Átta breskir ríkisborgarar hafa verið dæmdir í skilorðsbundið fangelsi fyrir húsbrot og tilraun til frelsissviptingar í Héraðsdómi Austurlands. Sex þeirra fengu sextíu daga fangelsisdóma og tvær stúlkur þrjátíu daga dóma.

Við ákvörðun refsingar var litið til þess að um samverknað margra var að ræða og brotin voru skipulögð. En einnig var litið til þess að ákærðu hafa ekki áður gerst sek um refsiverða hegðun. Stúlkurnar tvær hlutu mildari dóma því þær eru mjög ungar að árum. Fólkinu var auk þess gert að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, að upphæð rúmlega þrjú hundruð þúsund krónur.

Ákærðu kröfðust sýknu af öllum kröfum ákæruvalds og að sakarkostnaður skyldi greiddur úr ríkissjóði.

Forsaga málsins er sú að ákærðu réðust inn á skrifstofu verkfræðistofunnar Hönnunar hf. á Reyðarfirði hinn 15. ágúst síðastliðinn með það fyrir augum að mótmæla byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Mótmælendurnir neituðu að fara þegar starfsmenn verkfræðiskrifstofunnar báðu þá um það. Auk þess héldu mótmælendurnir starfsmönnunum nauðugum á skrifstofunni í um tuttugu mínútur. Starfsmenn Hönnunar hf. lýstu yfir furðu sinni á innrásinni því verkfræðistofan hafi komið lítið nálægt framkvæmdunum við Kárahnjúka. **- ifv**

**FRÁ KÁRAHNJÚKUM** Fólkið sem réðist inn á skrifstofu Hönnunar var að mótmæla byggingu Kárahnjúkavirkjunar.

**VATNSLEYSUSTRÖND**

## Engin kjarnavopn í Vogum

„Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga lýsir því að sveitarfélagið er, eftir bestu vitund bæjarfulltrúa, kjarnorkuvopnalaust svæði," segir í yfirlýsingu sem bæjarstjórn Voga samþykkti samhljóða í tilefni af erindi frá Samtökum herstöðvaandstæðinga. Bæjarstjórnin fól einnig félagsmála- og jafnréttisnefnd bæjarins að vinna að mannréttinda- og friðarstefnu sveitarfélagsins.

# Læknir í mál við ríkið

**Læknir sem var sagt upp störfum í kjölfar áminningar ætlar í mál við ríkið. Hann krefst tæplega 150 milljóna króna í skaða- og miskabætur.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Stefán E. Matthíasson, sem sagt var upp störfum sem yfirlæknir við æðaskurðlækningadeild Landspítalans hinn 28. nóvember árið 2005, ætlar í mál við íslenska ríkið. Uppsögnin kom í kjölfar áminningar sem hann fékk 31. október í fyrra.

**STEFÁN E. MATTHÍASSON**

Stefán höfðaði mál gegn Landspítalanum áður en honum var sagt upp til að fá áminninguna hnekkt og að beðið yrði með að segja honum upp þar til eftir að dómur yrði kveðinn upp. Stefáni var hins vegar sagt upp störfum áður en niðurstaða lá fyrir í dómsmálinu.

Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp dóm í máli Stefáns þann 29. júní 2006 og var niðurstaðan að áminningin hafi verið ólögmæt. Landspítalinn áfrýjaði ekki og greiddi Stefáni þann málskostnað sem kveðið var á um dómnum.

Í kjölfar úrskurðarins fóru fram viðræður á milli Stefáns og stjórnar Landspítalans um að hann yrði ráðinn aftur í starf yfirlæknis. Stjórnendur spítalans hafa ekki orðið við þeirri kröfu Stefáns. Þess vegna sendi lögmaður Stefáns, Ragnar H. Hall, Magnúsi Péturssyni forstjóra Landspítala-háskólasjúkrahúss kröfubréf 14. nóvember síðastliðinn þar sem farið er fram á skaða- og miskabætur vegna þess fjártjóns sem Stefán hefur orðið fyrir vegna uppsagnarinnar. Skaðabótakrafa Stefáns er rúmar 139 milljónir króna og miskabótakrafan tíu milljónir. Skaðabótakrafan er reiknuð út frá ætluðum tekjumissi Stefáns í tíu ár. Í bréfi Ragnars kom fram að spítalinn þyrfti að inna greiðsluna af hendi innan þrjátíu daga ellegar myndu dráttarvextir bætast við upphæðina.

**LANDSPÍTALI-HÁSKÓLASJÚKRAHÚS** Stefán E. Matthíasson, fyrrverandi yfirlæknir á spítalanum, ætlar í mál vegna ólögmætrar uppsagnar.

„Ég hef falið lögmanni mínum að undirbúa dómsmál gegn ríkinu. Engin svör hafa borist frá yfirmönnum Landspítalans annað en að málinu hafi verið vísað til ríkislögmanns. Þeir hafa ekki sýnt neinn lit í að reyna að leysa þetta mál. Þess vegna munum við fara með málið fyrir dóm," segir Stefán E. Matthíasson læknir. Ragnar H. Hallm, lögmaður Stefáns, segist vera að vinna í undirbúningi málshöfðunarinnar fyrir hönd hans og að ríkinu verði líklega stefnt innan skamms. **ingifreyr@frettabladid.is**

# Nýtt rúm
## Frááááábær hugmynd!

**Kynnum með stolti það allra nýjasta og besta í stillanlegum rúmum**

- Val um Tempur heilsudýnu eða Talalay Air Latex heilsudýnu.
- Gravity Zero er öflugasti stillanlegi botninn fáanlegur í dag.
- Botninn er á sleðakerfi þannig að þú nýtir ljósið á náttborðinu.
- Lyftigeta er yfir 40.000 Newton einingar sem er 4 sinnum meira en öflugustu botnar sem eru í boði í dag og u.þ.b. 7 sinnum meiri en algengasti mótorinn er, meiri krafur, hljóðlaus, meiri hraði.
- Öll tannhjól, fóðringar, festingar og liðamót eru úr næloni, ekkert að smyrja og ekkert ískur.
- 3mm hert stálgrind undir öllum botninum.
- Hæðastilling á fótasvæði hefur aldrei verið meiri.
- Mótor er prófaður og viðurkenndur sem læknatæki frá Nemko - Germany.
- Botn m. 2 nudd mótorum, 12 nuddkerfum og tímarofa.
- 11 ára ábyrgð á mótor & grind.

# Jólatilboðin í fullum gangi

Ný gerð

Tempur inniskór
**Tilboð kr. 7.700,-**

Tempur heilsukoddi
**Tilboð kr. 7.990,-**

Temprakon hitajöfnunarsængin
**Tilboð kr. 24.900,-**

Betra BAK

***Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477***
***betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is***
**Opið: Virka daga frá kl. 10-18**
**laugardaga frá kl. 11-16**

Pioneer

MEÐ **FULLKOMNA FORYSTU**
Í PLASMA–SJÓNVARPSTÆKJUM!

**PUREBLACK Panel 2** – Ótrúlega nákvæmir og náttúrulegir litir, mögnuð dýpt og skerpa.
**Direct Colour Filter 2** – Einstök filma í stað glerhlífar veitir glampavörn og nær ótakmarkað sjónsvið.
**Dynamic HD Converter** – Stækkar venjuleg sjónvarpsmerki upp í HD upplausn og gefur óvenju skarpa mynd.
Innbyggður DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari og C.I. rauf fyrir afruglarakort.
Tvö stafræn HDMI tengi og PC-tölvuinngangur.

Upplausn: 1024 x 768
Contrast: 3000:1
Birta: 1100 cd/m2
Svartími: ~0 ms
Mynd-í-mynd (2 tuner, multi-mode)

3ja ára ábyrgð!
PIONEER–ORMSSON

**PIONEER PDP-427XD 42" PLASMA: Verð kr. ~~399.900~~ TILBOÐ: Kr. 359.900**
**PIONEER PDP-507XD 50" PLASMA: Verð kr. 499.900**

# PIONEER PDP-427XD / PDP-507XD

## Sjöunda kynslóð margverðlaunaðrar plasmatækninnar frá Pioneer.
## **Það flottasta á markaðnum!**

Pioneer

Leiðandi í framleiðslu Plasma-sjónvarpstækja og með fullkomna forystu. Fagtímarit um víða veröld staðfesta það. M.a. hefur PIONEER fengið EISA verðlaunin *"European Plasma Television of the Year"* tvö ár í röð. Hér er framtíðin tryggð. Náttúrulegir litir – hreinni, skarpari og mun raunverulegri mynd en nokkru sinni fyrr. Komdu og sjáðu muninn!

SHARP®

LCD skjáirnir frá SHARP eru álitnir þeir bestu í heimi. Það kemur fáum á óvart sem fylgst hafa með þróun LCD sjónvarpa. Þar hefur SHARP verið í forystusveit frá upphafi. Vörulínan er stór – hún spannar frá 20" upp í 52". Ef myndgæðin skipta þig máli, þegar þú hugleiðir sjónvarpskaup þá treystu SHARP – ótvíræður frumkvöðull LCD tækninnar.

SHARP®

**SHARP LC32GD8E**
**32" LCD SJÓNVARP**
Skjástærð: 32"
DVB-T Stafrænn sjónvarpsmóttakari.
Upplausn: 1366 x 768 WXGA (16:9)
Contrast: 1200:1
Birta: 450 cd/m2
Sjónsvið: 176°/176°
6 ms svartími
Clear Flat hljóðkerfi
60,000 klst. ending á skjá
(samsvarar 16 árum m.v. 10 klst. notkun á dag)
Tengi: HDMI INPUT, 2x SCART IN, S-VIDEO IN, COMPONENT IN (VIA VGA), PC INPUT (VGA), RS232, C.I. SLOT

**SHARP LC32GD8E**
**TILBOÐ: 179.900.-**

SHARP®

**SHARP LC32GA9E**
**32" LCD SJÓNVARP**
Skjástærðir: 32" og 37"
Upplausn: 1366 x 768 WXGA (16:9)
Contrast: 1200:1
Birta: 450 cd/m2
Sjónsvið: 176°/176°
6 ms svartími
Clear Flat hljóðkerfi
60,000 klst. ending á skjá
(samsvarar 16 árum m.v. 10 klst. notkun á dag)
Tengi: 2x HDMI INPUT, 2x SCART IN, S-VIDEO IN, COMPONENT IN (VIA VGA), PC INPUT (VGA), RS232, C.I. SLOT

**SHARP LC32GA9E 32"**
**TILBOÐ: 179.900.-**

KVIKA BIRT MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTARVILLUR OG MYNDBRENGL.

**SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800 | SMÁRALIND · SÍMI 530 2900 | RADIONAUST-AKUREYRI · SÍMI 461 5000 | ORMSSON-KEFLAVÍK · SÍMI 421-1535**

# VIÐ BJÓÐUM GÆÐI, ENDINGU OG 3ja ÁRA ÁBYRGÐ

**32” LCD sjónvarp**

SAMSUNG LE32N71BX
Upplausn: 1366 x 768
Svartími: 8 ms
Contrast: 6000:1
Sjónsvið: 178°/178°

**TILBOÐ: 219.900.-**

**42" Plasma sjónvarp**

SAMSUNG PS42C7HX
Skjástærð: 42"
Upplausn: 1024x768
Contrast: 10.000:1
Sjónsvið: 175° x 175°
HDMI tengi
2 x scart og PC tengi.
Borðstandur fylgir.

**SAMSUNG PS42C7HX**
**Verð áður: ~~299.900~~**
**TILBOÐ: 249.900.-**

*Jólatilboð*

**32” LCD sjónvarp**

SAMSUNG LE32R71WX
32" og 40" skjástærðir
10-bita litavinnsla
Upplausn: 1366 x 768
Svartími: 8 ms
Contrast: 3000:1
Sjónsvið: 178°/178°

Litir: Hvítt / svart

**SAMSUNG LE32R71WX**
**TILBOÐ: 179.900.-**

**SAMSUNG LE40R71BX**
**TILBOÐ: 289.900.-**
Litur: Svart

**19” LCD sjónvarp**

SAMSUNG LE19R71BX
Upplausn 1440 x 900
Svartími: 8 ms
Contrast 800:1
Birta: 500cd/m2
Sjónsvið 160°/160°

Litir: Hvítt / svart

**TILBOÐ: 74.900.-**

## LOEWE.

LOEWE línan er glæsilega hönnuð, hvernig sem á það er litið. LOEWE er virtasti sjónvarpsframleiðandi Þýskalands og leggur ríka áherslu á tækni, þróun og glæsilega hönnun. LOEWE sjónvörp eru margverðlaunað fyrir gæði og afburða hönnun. LOEWE er Benzinn í LCD sjónvarpstækninni.

## SAMSUNG

Eitt framsæknasta raftæknifyrirtæki heims í dag er án efa SAMSUNG. Hjá SAMSUNG er markmiðið *„Toppvara á góðu verði“*. Í dag eiga þeir EISA útnefninguna: „Besta LCD sjónvarpið“. EISA-verðlaunin eru mikilvæg viðurkenningin og eru veitt ár hvert af samtökum evrópskra fag- og tæknitímarita. SAMSUNG er tæknirisi sem ýtt hefur Sony af stalli.

## LOEWE.

**LOEWE Xelos**
Vandaður frágangur og falleg hönnun – fáanlegt platínugrátt eða steinsvart.
HD-Ready, tilbúið fyrir næstu kynslóð sjónvarpstækninnar.
Image+ tækni eykur skerpu, mýkir hreyfingar og gefur bestu myndgæði sem völ er á. HDMI tenging og innbyggður DVB-T/C stafrænn sjónvarpsmóttakari.
Loewe Assist+ gerir tækið einfaldara og þægilegra í notkun. Kraftmikið Sound+ hljóðkerfi gefur frábær hljómgæði.

**LOEWE Xelos 32” SE**
**Verð: ~~299.900~~.-**
**TILBOÐ: 219.900.-**

## LOEWE.

**LOEWE Concept**
Concept línan tekur brot af því besta úr Xelos og býður hin einstöku LOEWE gæði á áður óþekktu verði.
Fáanleg silfurgrá eða steinsvört með fallegri háglans áferð.
HD-Ready tækni með stæfrænni HDMI tengingu og innbyggðum DVB-T/C stafrænum sjónvarpsmóttakara.
LOEWE Assist+ gerir tækið einfalt og þægilegt í notkun.
Sound+ hljóðkerfi með CRX surround hljómi.

**LOEWE Concept 32” SE**
**Listaverð: ~~239.900~~.-**
**TILBOÐ: 189.900.-**

## LOEWE.

**LOEWE Individual**
Individual línan frá LOEWE tekur alla tæknilega kosti Xelos tækjanna og sameinar þá einstakri hönnun og nýrri hugsun. LOEWE Individual er hannað til að falla að þínum aðstæðum, þínum vilja og þínum lífsstíl.
Fallegur háglans álrammi og glerhlíf yfir skjá.
Fáanlegt í mörgum litasamsetningum, með útskiptanlegum hliðarrömmum. Fjölbreyttir upphengimöguleikar, s.s. gólfstandar, loftfesting, súlufesting og veggfesting.
Einnig til í mjög takmörkuðu upplagi með ekta Swarovski-kristöllum í hliðum, innbyggðum hörðum disk til upptöku og rafdrifnum snúningsfæti.

**LOEWE Individual 32”**
**Listaverð: ~~309.900~~.-**
**TILBOÐ: 269.900.-**

HÁTÍÐ ER Í BÆ!

**ORMSSON**

WWW.ORMSSON.IS

**ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI · SÍMI 456 4751 | MODEL-AKRANESI · SÍMI 431 3333 | ÁRVIRKINN-SELFOSSI · SÍMI 480 1160 | ... og hjá UMBOÐSMÖNNUM UM LAND ALLT**

Deila Tyrkja og Evrópusambandsins:

# Vilja frysta viðræður

**BRUSSEL, AP** Utanríkisráðherrar Evrópusambandsins sátu í gær á rökstólum í Brussel um það hvernig bregðast skuli við því að Tyrkir hafa ekki staðið við skuldbindingar um að opna hafnir sínar og flugvelli fyrir umferð og viðskiptum frá gríska hluta Kýpur. Talsmenn sambandsins höfðu hótað Tyrklandsstjórn því að hlé yrði gert um óákveðinn tíma á aðildarviðræðum Tyrkja, yrði hún ekki við kröfum ESB að þessu lútandi.

Utanríkisráðherrarnir skiptust greinilega mjög í tvö horn hvað varðar afstöðuna til slíkra refsiaðgerða gegn Tyrkjum vegna málsins, og því benti flest til að ákvörðun um hvort frysta beri aðildarviðræðurnar yrði ekki tekin fyrr en á sjálfum leiðtogafundi ESB, sem hefst í Brussel á fimmtudag. **- aa**

**RÁÐHERRAR RÖKRÆÐA** Erkki Tuomioja, utanríkisráðherra Finnlands, sem gegnir ESB-formennskunni þetta misserið, heilsar grískri starfssystur sinni, Doru Bakoyannis, í Brussel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**SORG OG GLEÐI** Chile-menn brugðust á ýmsan hátt við fregnum af dauða einræðisherrans fyrrverandi, Augusto Pinochet. Sumir dönsuðu á götum úti en aðrir grétu beisklega. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Fær ekki viðhafnarútför

**Chile-menn hafa skiptar skoðanir á Augusto Pinochet, einræðisherra Chile um sautján ára skeið, sem lést á sunnudag. Sumir fagna láti hans en aðrir syrgja.**

**CHILE, AP** Einræðisherrann fyrrverandi, Augusto Pinochet, verður borinn til grafar í dag. Þjóðarsorg var ekki lýst yfir í landinu og fær Pinochet enga viðhafnarútför, þótt hefð sé fyrir því að fyrrum forsetar Chile fái slíka útför. Í stað þess verður hann jarðsettur að hermannasið.

Tilfinningar Chile-manna voru vægast sagt í miklu uppnámi þegar fregnir af láti Pinochets bárust á sunnudag. Sumir opnuðu kampavínsflöskur og dönsuðu á götum úti, aðrir grétu beisklega og enn aðrir lentu í útistöðum við lögregluna, en 99 manns voru handteknir aðfaranótt mánudagsins í átökum í Santíagó þar sem 43 lögreglumenn slösuðust.

AUGUSTO PINOCHET

Fórnarlömb Pinochets og ættingjar þeirra urðu að gefa upp vonina um að einræðisherrann fyrrverandi yrði nokkurn tímann dæmdur fyrir glæpi unna á valdatíma hans.

Pinochet leiddi valdarán hersins í Chile árið 1973, þegar sósíalíska forsetanum Salvador Allende var steypt af stóli. Sáu margir Chile-menn Pinochet sem bjargvætt þeirra frá kommúnisma, en hann stýrði landinu með járnaga fram til ársins 1990.

Chileska ríkisstjórnin hefur sagt að á meðan á valdatíma hans stóð hafi yfir þrjú þúsund manns verið myrtir, fleiri en eitt þúsund manns horfið sporlaust og talið er að nær þrjátíu þúsund manns hafi sætt pyntingum. Þúsundir Chilemanna voru jafnframt neyddir í útlegð. Faðir núverandi forseta Chile, Michelle Bachelet, var mikill andstæðingur Pinochet og lést hann eftir að hafa sætt pyntingum undir stjórn einræðisherrans.

Pinochet var aldrei dæmdur fyrir mannréttindabrot, því bágt andlegt og líkamlegt heilsufar hans seinustu árin hefur ætíð komið honum undan réttarhöldum.

Hann var hnepptur í stofufangelsi nýverið, ákærður fyrir mannréttindabrot og skattsvik. Skömmu áður hafði hann sent frá sér yfirlýsingu, þar sem hann sagðist taka „pólitíska ábyrgð á öllu sem gerðist“ í stjórnartíð hans, en minntist þó ekki á mannréttindabrot.

Þótt Pinochet sé minnst sem einvalds sem sinnti lítt um rétt andstæðinga sinna, lagði hann samt sem áður grunninn að stöðugum efnahag landsins sem áður var í molum.

Skrifstofa Margaret Thatcher, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, sagði að Thatcher væri „ákaflega sorgmædd“ yfir fráfalli Pinochet, en talsmaður Hvíta hússins sagði Bandaríkjastjórn vera hugsað til fórnarlamba stjórnartíðar hans. **smk@frettabladid.is**

Við söfnum geðveikt

**Allir geta tekið þátt í söfnun til styrktar samtökum sem vinna að úrbótum í geðheilbrigðismálum.**

Viðskiptavinir Sparisjóðsins þurfa ekki að greiða neitt, bara velja félag til að styrkja, og Sparisjóðurinn leggur þá fram 1.000 kr. til félagsins. Farðu inn á **www.spar.is** eða komdu við í næsta sparisjóði og veldu félagið sem fær þinn styrk.

Fíton/SÍA

SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína

**DÓTTIR FÆDD** Margrét II, gíraffi í Bronxdýragarðinum í New York í Bandaríkjunum, virðist afar sæl með dótturina sem kom í heiminn 6. desember.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þrettán frumvörp fjármálaráðherra voru samþykkt á nýliðnu haustþingi:

# 40 frumvörp urðu að lögum

**STJÓRNMÁL** Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra lagði fram þrettán af 40 frumvörpum sem urðu að lögum á haustþingi Alþingis þetta árið.

Sex frumvörp Jóns Sigurðssonar iðnaðar- og viðskiptaráðherra urðu að lögum og fimm frumvörp Magnúsar Stefánssonar félagsmálaráðherra.

Níu af tólf ráðherrum ríkisstjórnarinnar áttu frumvörp sem urðu að lögum en ekkert frumvarpa menntamálaráðherra, umhverfisráðherra og utanríkisráðherra voru tekin til endanlegrar afgreiðslu.

Fimm frumvarpanna sem samþykkt voru á þinginu komu til vegna reglna Evrópska efnahagssvæðisins og að auki voru samþykktar nokkrar þingsályktanir vegna EES-aðildarinnar.

Tvö frumvörp – sem ekki voru lögð fram í nafni ráðherra – urðu að lögum en fulltrúar allra flokka stóðu að þeim báðum. Annars vegar um aðgang nefndar að opinberum gögnum um öryggismál, sem þingflokksformenn og þingforseti lögðu fram, og hins vegar um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda sem formenn allra flokka stóðu að. Tvö frumvörp nefnda voru einnig samþykkt; allsherjarnefndar um ríkisborgararétt og landbúnaðarnefndar um óðalsjarðir. 30 af frumvörpunum 40 sem samþykkt voru á þinginu voru afgreidd á síðasta starfsdegi þess.

**METHAFINN** Þrettán frumvörp Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra urðu að lögum í haust.

- bþs

Kosningar í Aceh í Indónesíu:

# Uppreisnarforingi sigrar

**INDÓNESÍA, AP** Fyrrverandi uppreisnarforingi vann yfirburðasigur í fyrstu kosningunum sem fram fóru í Aceh-héraði á Súmötru síðan Indónesíustjórn og aðskilnaðarsinnar skrifuðu undir friðarsamkomulag í fyrra sem batt enda á langt aðskilnaðarstríð.

Samkvæmt spá byggðri á fyrstu tölum fékk Irwandi Yusuf 39 prósent atkvæða í kosningum til héraðsstjóra, en hann sat í fangelsi fyrir landráð árið 2004, þegar flóðbylgjan mikla skall á ströndum Aceh og yfir 140.000 íbúar héraðsins fórust.

Formleg úrslit verða ekki kunngjörð fyrr en 2. janúar.

- aa

Fastlaunasamningar:

# Vinnutíminn er aðeins styttri

**VINNUMARKAÐUR Rúmlega helmingur félagsmanna í Rafiðnaðarsambandinu fær laun greidd samkvæmt tímaskrift en 42 prósent eru á fastlaunasamningum. Þetta kemur fram í launakönnun sem Gallup vann fyrir Rafiðnaðarsambandið. Fastlaunasamningsmenn vinna að jafnaði tveimur og hálfri klukkustund skemur á viku en hinir og eru með fimm prósentum hærri laun.**

**Þeir sem fá laun greidd samkvæmt tímaskriftum unnu að jafnaði 206 klukkustundir í september og voru með 411 þúsund krónur í heildarlaun í vegnu meðaltali, eða 1.995 krónur í jafnaðartímakaup. Þeir sem eru á fastlaunasamningum unnu að jafnaði 195 klukkustundir og voru með 406 þúsund krónur í heildarlaun í vegnu meðaltali, eða 2.092 krónur í jafnaðartímakaup.**

- ghs

Grunur um að raðmorðingi gangi laus í Suffolk í Bretlandi:

# Fleiri vændiskonur horfnar í Ipswich

**BRETLAND, AP** Breska lögreglan óttast að raðmorðingi gangi laus í Suður-Englandi. Lík þriggja kvenna, sem allar störfuðu sem vændiskonur, hafa fundist á síðustu dögum og leikur grunur á að tvær konur til viðbótar séu horfnar.

Lögreglan varaði í gær vændiskonur við því að vinna á götum Ipswich-borgar, en konurnar hafa allar horfið þaðan. Lík þriggja þeirra fundust nakin nærri borginni á síðustu níu dögum, og staðfesti lögregla í gær að tvö þeirra hefðu fundist í ám.

Nú leitar lögreglan dyrum og dyngjum að hinni 24 ára gömlu Paulu Clennel, sem síðast sást til á laugardag, og annarri konu, Annette Nicholls, sem síðast sást til í byrjun þessa mánaðar.

Jacqui Cheer aðstoðarlögreglustjóri varaði allar konur í Ipswich við að vera einar á ferli og bað vændiskonur sérstaklega um að halda sig fjarri götunum. „Ef þið eruð einar úti að nóttu til setjið þið ykkur í hættu," sagði hún.

Lögregluforinginn Stewart Gull áréttaði að þótt grunur leiki á að hér sé raðmorðingi á ferð, hafi lögreglan síður en svo útilokað að um fleiri glæpamenn sé að ræða.

Tania Nicol, 19 ára, hvarf 30. október og vinstúlka hennar, hin 25 ára gamla Gemma Adams, hvarf tveimur vikum síðar. Þær stöllur unnu gjarnan saman. Kennsl hafa ekki verið borin á þriðju konuna, en hún var rúmlega tvítug.

**LÁTNAR STÚLKUR** Gemma Adams, 25 ára, t.v., og Tania Nicol, 19 ára, fundust myrtar skammt frá Ipswich í Englandi.

NORDICPHOTOS/AFP

- smk

**MIKIÐ FJÖR** Hundurinn Zorró skemmti sér konunglega í nýföllnum snjónum í Wildhaus í Sviss um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fiskifélagið um hugmynd Sameinuðu þjóðanna um togveiðibann:

# Skref í átt til heimsstjórnunar

**SJÁVARÚTVEGUR** Stjórn Fiskifélags Íslands hrósar stjórnvöldum fyrir að standa gegn alþjóðlegu banni við botnvörpuveiðum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og segir íslenska embættismenn hafa gætt hagsmuna þjóðarinnar með ágætum. Pétur Bjarnason, formaður Fiskifélagsins, segir óumdeilt að vernda eigi kóralrifin fyrir botnvörpunum, en ekki með alþjóðlegri fiskveiðistjórnun.

Í viðræðum um botnvörpubannið hafi komið fram tilhneiging til að koma á alþjóðlegri fiskveiðistjórn, segir Pétur, og að slík stjórn myndi skerða sjálfsákvörðunarrétt strandríkja.

Fulltrúar Íslands í viðræðunum hafi leitt málin til farsællar lausnar. „Þetta var fyrsta skrefið í þá átt að færa fiskveiðistjórnun í heiminum inn í alheimsstofnun og við vitum að sterk öfl innan svokallaðs umhverfisgeira vilja banna fiskveiðar alfarið. Svona bann hefði verið meira í átt til þeirra hagsmuna, heldur en hagsmuna strandríkja sem byggja afkomu sína á fiskveiðum.

Það eru engin vísindaleg rök fyrir banninu og í sjálfu sér ekki miklar veiðar sem fara fram á þessu dýpi. Þetta var spurning um prinsipp," segir Pétur.

- kóþ

**INN MEÐ TROLLIÐ INN** Þótt Íslendingar veiði í raun lítið með botnvörpu á miklu dýpi, þótti samt rétt að standa gegn hugmyndum um slíkt bann, segir formaður Fiskifélagsins.

Kirkjuhald í Grensáskirkju:

# Samverustund syrgjenda

**SAMVERUSTUND Jólin geta verið erfiður tími fyrir þá sem misst hafa sína nánustu. Nú býðst syrgjendum að taka þátt í samverustund í Grensáskirkju 14. desember klukkan 20. Eitt af því sem gefur samverunni gildi er minningarstund þar sem hver og einn getur tendrað ljós fyrir ástvin sinn.**

**Í samverustundinni verða sungnir jólasálmar, séra Sigfinnur Þorleifsson flytur hugvekju og Hamrahlíðarkórinn syngur. Hjúkrunarþjónustan Karítas og þjóðkirkjan standa fyrir samverustundinni.**

- hs

Bresk könnun um maka:

# Hinn fullkomni er læknir með góðan húmor

**BRETLAND** Hin fullkomna kona er mjúkholda hjúkrunarfræðingur frá Sheffield, en hinn fullkomni karlkyns félagi væri læknir frá Newcastle með ríkulegt skopskyn og smekk fyrir kasmírpeysum. Þetta er niðurstaða könnunar sem Grazia-tímaritið breska gerði um hinn fullkomna félaga.

Samkvæmt könnuninni laðast karlar síður að horrenglum og vilja helst að konur hafi brúna síða lokka. Þær eiga að brosa vingjarnlega og hafa áhuga á eldamennsku.

Meðan rúmum helmingi kvenna stendur á sama um fyrri kynlífsreynslu karlsins telja 97 prósent kvenna að börn karla frá fyrra hjónabandi séu fráhrindandi.

- kóþ

Ferð utanríkismálanefndar Alþingis til Eystrasaltsríkjanna hófst í gær:

# Stíf dagskrá þingmanna í „skemmtiferð"

**STJÓRNMÁL** Af dagskrá ferðar utanríkismálanefndar Alþingis til Eystrasaltsríkjanna að dæma er skipulagið stíft.

Guðjón Ólafur Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins, kallaði ferðina skemmtiferð í fréttum Ríkisútvarpsins í síðustu viku og hlaut bágt fyrir í þingsal á eftir.

**HALLDÓR BLÖNDAL** formaður utanríkismálanefndar Alþingis

Ferðin hófst í gær og lentu nefndarmenn síðdegis í Tallin í Eistlandi. Í gærkvöldi var snætt með formanni utanríkismálanefndar eistneska þingsins.

Í dag verður fundað og borðað með eistneskum þing- og embættismönnum og farið verður í klukkustundar kynnisferð um höfuðborgina.

Í kvöld flýgur nefndin til Ríga í Lettlandi og á morgun hittir hún fjóra lettneska þingmenn og ráðherra auk þess að skoða Hersetusafnið og heimsækja Lateko-bankann.

**RÍGA Í LETTLANDI** Fulltrúar utanríkismálanefndar halda til Ríga í kvöld. Á morgun hitta þeir þingmenn og ráðherra auk þess sem fulltrúarnir heimsækja Lateko bankann.

Annað kvöld verður aftur sest upp í flugvél og flogið til Vilníus í Litháen. Þar verða fundir með þingmönnum og ráðherra auk þess sem farið verður í skoðunarferð um borgina og litið inn í dómkirkjuna. Seinni partinn verður arkitektastofa í eigu Íslendinga heimsótt sem og höfuðstöðvar hins íslenska MP fjárfestingabanka. Að loknum kvöldverði býður Margeir Pétursson, stjórnarformaður bankans, nefndarmönnum heim til sín.

Fundahöld með þingmönnum, ráðherrum og embættismönnum halda áfram fyrri hluta föstudags en farið verður á safn og í heimsókn á íslenska verkfræðistofu síðdegis. Nefndarmenn fljúga heim á föstudagskvöld.

- þþs


Færð þú í skóinn?

**KLAPPAR PÄRLA** perlur ýmsir litir **495,-**

**BARNSLIG LEJON** taudýr L20 cm gult **395,-**



**BARNSLIG STRUTS** taudýr L42 cm **395,-**

**BLUND** taudýr H25 cm brúnt **195,-**

**TITTA** brúður 10 stk. ýmsir litir **495,-**

**MINNEN KANIN** taudýr L30 cm **495,-**

**KORALL HAJ** taudýr 62x16 cm dökkblátt **595,-**

**KLAPPAR APA** taudýr 2 stk. **895,-**

**KLAPPAR PÄRLA** perluform 4 stk. ýmsir litir **195,-**

**LILLABO** lestarsett 4 hlutir L7 cm **395,-**

**KORALL KRABBA** stólsessa Ø30 cm **495,-**

**KORALL BLÄCKFISK** taudýr 64x22 cm **595,-**

**MINNEN RÅTTA** taudýr L23 cm **395,-**

IKEA®

Lengri afgreiðslutími til jóla!

Opið frá 10-22
Sunnudaga 12-22

© Inter IKEA Systems B.V. 2006

**Af hverju seldu mjúkdýri renna 100,- til Barnaheilla.**

Láttu gott af þér leiða og styrktu gott málefni!

CITROËN

**Komdu núna. Jólatilboðið gildir aðeins til 22.12.2006**
**Gerðu bestu jólainnkaupin í Brimborg**

**Jólabíllinn í ár**
**Nýr Citroën C3 SX**
**1,4i 5 gíra 5 dyra**

*Veljir þú sjónvarpið þá greiðir þú 1.629.000 kr. fyrir Citroën C3 SX. Hvort viltu? Veljir þú afsláttinn og dekkin þá greiðir þú aðeins 1.519.000 kr. fyrir Citroën C3 SX.**

# Viltu sjónvarp?

Jólapakki fjölskyldunnar kemur beint frá París. Sýndu þig á franskri hönnun eins og hún gerist best. Kauptu nýjan Citroën C3 SX á jólatilboði Brimborgar.

Í hvaða formi viltu jólatilboðið? Viltu fá sjónvarp í afslátt að verðmæti 110.000 kr? Eða viltu fá beinan afslátt af bílnum og gæða vetrardekk að auki að verðmæti 160.000 kr, komin undir bílinn og sumardekkin pökkuð saman í skottið?

Veljir þú afsláttinn og dekkin þá greiðir þú aðeins **1.519.000 kr.** fyrir Citroën C3 SX.* Veljir þú sjónvarpið þá greiðir þú hinsvegar **1.629.000 kr.** fyrir Citroën C3 SX.* Hvort viltu?

Gerðu bestu jólainnkaupin í Brimborg. Komdu núna í Brimborg. Vertu á 5 dyra, beinskiptum Citroën C3 SX.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.citroen.is

**Gerðu bestu jólainnkaupin í Brimborg**
**Komdu núna. Jólatilboðið gildir aðeins til 22.12.2006**

Jólatilboð Brimborgar

**JÓLIN NÁLGAST**
**OFURJÓLATILBOÐ Á CITROËN**
**KYNNTU ÞÉR GREIÐSLUKJÖRIN**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is**

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd af C3 eru þokuljós og samlitun. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## „ORÐRÉTT“

*Boðið til veislu*

**„Ef maður tryði öllum þessum upphrópunum myndi maður halda að heimurinn stefndi hraðbyri til fjandans og það væri allt eins gott að halda eina allsherjar svallveislu þar til yfir lýkur.“**

BJÖRN LOMBORG TÖLFRÆÐINGUR RÆÐIR GRÓÐURHÚSAÁHRIFIN.

Háskólablaðið, 2. tbl

*Boðið til líkvöku*

**„Í mörgum tilvikum hafa frekari rannsóknir staðfest álit vísindamanna, sem töldu gróðurhúsaáhrif mikilvæg og rök gagnrýnenda hafa ekki staðist nánari skoðun.“**

TÓMAS JÓHANNESSON JARÐEÐLISFRÆÐINGUR RÆÐIR GRÓÐURHÚSAÁHRIFIN.

Morgunblaðið, 11. desember

nær og fjær **tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** BJARNI KLEMENZ, RITHÖFUNDUR

# Bíður átekta á Mímisbar

„Ég er búinn að vaka talsvert á nóttunni og berjast svo við að vakna á morgnana og ná í borð á Þjóðarbókhlöðunni,“ segir Bjarni Klemenz rithöfundur en hann gaf nýverið út spennu- og ástarsöguna Fenrisúlf hjá Nýhil-útgáfunni. „Undanfarnar nætur hef ég verið að fylgjast með bandarískri þvælu eins og Desperate Housewives, American Pie og Sopranos. Í framhaldi af því hef ég verið að hlusta á Elton John, hann kemur mér nú alltaf í gott skap, jafnvel jólaskap. En desembermánuður er fyrst og fremst sána- og sundmánuður hjá mér og ég hef verið mikið í því.

„Að öðru leyti er þessi desember nú eftirminnilegur að því leytinu til að mér finnst betri andi í loftinu og meiri velvild manna á meðal,“ segir Bjarni kíminn. „Hallgrímskirkja er líka skrítnari í laginu, hún breytist jú með hverri hátíð og ég er ekki frá því að hún hafi fríkkað frá í fyrra. Hún er alltént mýkri í laginu. Jólin eru svolítið eins og myndin Groundhog Day og maður bíður þess að þau klárist svo maður geti haldið áfram með lífið. Á meðan bíð ég átekta á Mímisbar.

„Þegar jólum lýkur held ég líklega í Mallorkaferð til að sigrast á jólaþunglyndinu. Það er kominn tími til að vinna aðeins í brúnkunni og taka grísaveisluna á þetta,“ segir Bjarni og skellir upp úr. „Svo mun ég náttúrlega skríða úr Satúrnusi í Júpíter í janúar, þannig að Mallorka er tilvalinn áfangastaður fyrir þá lífsins gleði.“

## FYRSTU VEÐURFRÆÐINGARNIR:

### HAFÐIR AÐ ATHLÆGI

Nútíma veðurfræði er jafngömul ritsímanum sem komst í gagnið árið 1837. Varð þá hægt að senda tilkynningar um veður yfir stór svæði, og því hægt að gera veðurspár. Fyrstu veðurfræðingarnir voru Bretarnir Fitzroy og Beaufort sem hlegið var að í fjölmiðlum en hlutu smám saman viðurkenningu og fór breski flotinn að treysta á spár þeirra.

**SJÓNARHÓLL**
STOFNUN NÝRRA BLAÐA

**HARALDUR HARALDSSON**
Athafnamaður.

## Búið að höggva nóg

„Þetta er ósköp einfalt. Mér finnst vera búið að höggva nóg af skógum fyrir það sem er, ég á erfitt með að komast yfir það sem þegar er á markaðnum,“ segir Haraldur Haraldsson athafnamaður, oft kenndur við Andra, um fregnir af væntanlegum útgáfum blaðs og vikurits. „Ég skil ekki þörfina á því að koma með viðbót. Mér er ákaflega vel fullnægt með þessum blöðum sem fyrir eru; Mogganum, Fréttablaðinu og Blaðinu. Ég hlýt að vera svona vitlaus, ég sé ekki annað en að það sé gagnrýnin umræða í þessum blöðum sem fyrir eru, bæði innsend bréf og svo geta allir haft sínar skoðanir sem vilja.
Ég get ekki ímyndað mér að þetta sé góður tími til að stofna nýjan fjölmiðil, ég myndi að minnsta kosti ekki vilja leggja mína peninga í þetta. Ég tel bara að það sé ekki grundvöllur fyrir þessu, ég get ekki séð að það sé eftirspurn eftir nýjum blöðum. Ætli fólk sé bara nokkuð tilbúið til að nota meiri peninga í fjölmiðla en það gerir í dag? Mér sýnist ekki. Þegar hart er á litið er þetta orðin ansi há fjárhæð ef menn eru með Stöð 2 og áskrift að Mogganum. Ég get ekki ímyndað mér að menn segi upp áskrift fyrir áskrift að einhverju sem þeir vita ekki hvað er.“

# Vanþakklátt starf veðurfræðinga

**„Maður þarf ekki veðurfræðing til að segja til um hvert vindurinn blæs,“ söng Bob Dylan á sínum tíma og gekk ávallt um með sólgleraugu innandyra. Við sem búum á veðurbarinni eyju í Norður-Atlantshafi höfum á fáu jafn mikinn áhuga og að vita hvort og hvaðan vindurinn blæs, og til þess er nauðsynlegt að hafa veðurfræðinga. Að minnsta kosti þegar hagamýsnar bregðast.**

**VEÐURSTOFA ÍSLANDS** Hjá Veðurstofunni starfar fríður hópur veðurfræðinga sem reynir eftir bestu getu að spá rétt fyrir um veðrið næstu daga.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Veðurfræðingar hafa það starf að spá fyrir um framtíðina, sem getur verið vandasamt verk. Móses spámaður var ef til vill einn fyrsti veðurfræðingurinn, og spáði fyrir um jafnt hríð sem engisprettufaraldur í Egyptalandi til forna. En erfitt er að vera spámaður í eigin föðurlandi, og er því oft fleygt að veðurspár sé lítið að marka. Veðurfræðinni hefur þó fleygt fram undanfarin ár en það er ávallt auðveldara að spá fyrir um vont veður en gott.

„Veðurspár hafa orðið nákvæmari, en það er einnig spurning um hvernig maður miðlar upplýsingunum,“ segir Magnús Jónsson veðurstofustjóri. Sem dæmi má nefna að slagviðri var spáð á laugardaginn á milli klukkan sex og níu og það gekk eftir.

**BOB DYLAN** Taldi sig ekki þurfa á veðurfræðingum að halda og gekk um með sólgleraugu innandyra.

„Við sáum fram á að talsverð umferð yrði á þessum tíma og ákváðum því að senda út tilkynningu, þó ekki væri um beint hættuástand að ræða. En það er ekki ástæða til að senda út sérstakar tilkynningar til að segja um hvort það verði skýjað eða sólskin,“ segir veðurstofustjóri.

**TRAUSTI JÓNSSON VEÐURFRÆÐINGUR** Trausti stendur oftast undir nafni en segir veðurspárnar stundum fara í vaskinn.

Samkvæmt könnun IBM sem birt er á heimasíðu Veðurstofunnar eru um 89 prósent ánægð með störf hennar en um eitt prósent neikvæð í hennar garð. En hvernig stendur á aukinni nákvæmni, og þá jafnframt vinsældum, veðurfræðinga?

„Spálíkönin sem notast er við eru að verða betri og einnig þjálfun á mannskap. Aðalstarf Veðurstofu Íslands felst í að vinna upplýsingar og leggja mat á þær. Veðurspálíkönin koma frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Frakklandi og Danmörku. Allajafna er veðurspá evrópsku veðurathugunarstöðvarinnar í Bretlandi nákvæmust, en það fer eftir því hvaða veðurlag er,“ segir Þóranna Pálsdóttir, sviðsstjóri veðursviðs.

„Ég hef ekki verið á skjánum í meira en ár, það er kannski þess vegna sem veðurspár hafa batnað,“ segir Trausti Jónsson, einn ástsælasti veðurfræðingur þjóðarinnar, sposkur. Hann tekur undir að fólk taki frekar eftir því þegar veðurspár eru rangar en þegar þær eru réttar.

„Það kemur fyrir að veðurspár fari í vaskinn. Tækin eru betri núna en kröfurnar eru meiri, þannig að það er ekki víst að það hafi orðið auðveldara að vera veðurfræðingur,“ segir Trausti.

Þeir sem vilja vita hvernig jólaveðrið verður verða þó að bíða ögn lengur, því fyrstu spár Veðurstofunnar þess eðlis birtast ekki fyrr en á mánudag.

valurg@frettabladid.is

**Nýjar hugmyndir að byggð á Kársnesi**

Kópavogsbær kynnir nýjar hugmyndir að byggð á Kársnesi í **Salnum** Hamraborg 6, á morgun **miðvikudaginn 13. desember kl. 20.00.**

Allt áhugafólk um byggð á Kársnesi er hvatt til að mæta og kynna sér hugmyndir að fyrirhugaðri byggð.

KÓPAVOGSBÆR

**INNRÁSIN Í NORMANDÍ** Í boði norskra veðurfræðinga.

# Í blíðu og stríðu

Veðurfræðingar hafa, eins og aðrar stéttir, haft sín áhrif á gang sögunnar. Á Grænlandi í seinni heimsstyrjöld störfuðu danskar Síríushundasleðasveitir við að uppræta hreiður þýskra veðurfræðinga sem höfðu komið sér fyrir á eyjunni.

Árið 1922 lögðu norskir veðurfræðingar eyjuna Jan Mayen undir sig og fengu síðar staðfestingu konungs á innlimun eyjarinnar. Norðmenn flúðu eyjuna eftir innrás Þjóðverja í Noreg vorið 1940, en sneru aftur ári seinna og fylgdust með veðurfari í tengslum við skipalestirnar til Múrmansk. Þýskir veðurfræðingar komu stöku sinnum í land með kafbátum, og kom til átaka á milli veðurfræðinga hinna stríðandi aðila.

Veðurathuganirnar höfðu sinn áhrif á gang stríðsins, svo sem þegar innrásinni í Normandí var frestað um einn dag vegna vondrar veðurspár, og hefðu hlutirnir ef til vill farið öðruvísi ef herir bandamanna hefðu orðið veðurtepptir í Ermarsundi.

- vg

# Afnemum virðisaukaskatt af öllum sófasettum og rúmum

Álagður virðisaukaskattur á húsgögn á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti

## 10% auka afsláttur af völdum vörum

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri

Gildir 12.-19. desember

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## Svona erum við

> Gestakomur á hótelum í október




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** EINKAVÆÐINGARNEFND

# Sala ríkisbréfa í höndum nefndar

Yfirstjórn einkavæðingarnefndar, sem fjallar um sölu hlutabréfa í eigu ríkisins og útboð í ríkisrekstri, er í höndum ríkisstjórnar og fjögurra manna ráðherranefndar á hennar vegum. Í þeirri nefnd eiga sæti forsætisráðherra, utanríkisráðherra, fjármálaráðherra og iðnaðar- og viðskiptaráðherra en á vegum ráðherranefndarinnar starfar framkvæmdanefnd sem annast undirbúning og samræmingu verkefna á sviði einkavæðingar.

**Hvaða verklagsreglum þarf að fara eftir?**
Einkavæðingarnefnd þarf samkvæmt sérstökum verklagsreglum að huga að: samræmingu þegar eignarhaldinu er breytt, úttekt á rekstri fyrirtækisins sem á að fara að einkavæða, annast auglýsingu á þeim hlut sem til stendur að selja, ákveða söluaðferð, meta tilboð staðgreiðsluverðs miðað við ávöxtunarkröfu, láta löggilt verðbréfafyrirtæki vinna úttektir á fyrirtækjum, ákveða takmarkanir á sölu til einstakra aðila, afnema öll sérréttindi tiltekins fyrirtækis áður en það er selt, fjalla um frávik ef þess er þörf og veita upplýsingar til fjölmiðla og annarra um stöðu einkavæðingarverkefna.

**Hverjir sitja í einkavæðingarnefnd?**
Formaður einkavæðingarnefndar er Jón Sveinsson lögmaður en auk hans eiga Baldur Guðlaugsson, Illugi Gunnarsson og Sævar Þ. Sigurgeirsson sæti í nefndinni. Starfsmenn nefndarinnar eru Stefán Jón Friðriksson úr fjármálaráðuneytinu og Þórhallur Vilhjálmsson úr forsætisráðuneytinu. Jón tók við formennsku í nefndinni af Ólafi Davíðssyni, fyrrverandi ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneytinu, núverandi sendiherra í Þýskalandi.

**Hver eru stærstu verkefnin?**
Stærstu verkefni einkavæðingarnefndar til þessa hafa verið einkavæðing ríkisbankanna (Landsbankans og Búnaðarbankans) og Landssímans. Einkavæðing Landssímans er stærsta einstaka verkefni nefndarinnar til þessa en þá var 98,8 hlutur ríkisins seldur á tæplega 67 milljarða króna en gengið var frá sölunni í fyrra.

**SPURT & SVARAÐ**
**VINNUTÍMI STJÓRNENDA AÐ LENGJAST**

## Aðgerðir árangurslausar

**GUNNAR PÁLL PÁLSSON**
Formaður VR

Það færist sífellt í vöxt að stjórnendur ferðist í vinnutíma sínum og síðasta könnun VR sýndi að íslenskir stjórnendur vinna að jafnaði yfir 50 stundir á viku og rúmlega þriðji hver um helgar.

**Er vinnutími íslenskra stjórnenda að lengjast?**
„Já, það er mín tilfinning og ég skynja það einnig í gegnum þær kannanir sem við hjá VR höfum gert. Vinnutíminn hjá stjórnendum hefur lengst þónokkuð vegna útrásarinnar sem felur í sér aukin ferðalög. Það er mín skoðun að skilgreina eigi ferðalög sem vinnutíma, allavega að hluta til vegna þess að ferðalög þýða aukna fjarveru frá fjölskyldunni."

**Hvað er til ráða?**
„Við hjá VR höfum verið með áróður gegn lengdum vinnutíma og árið 2000 styttum við vinnuvikuna á almennum vinnumarkaði um hálftíma í skilgreiningu okkar á fullri vinnuviku en þessar aðgerðir hafa ekki haft áhrif."

**Hversu lengi getur þróunin orðið á þennan veg, það er að vinnuvikan lengist?**
„Það lítur út fyrir að þróunin hér á landi sé svipuð og í Bandaríkjunum, þar sem vinnudagur er langur, og við erum almennt að vinna lengur en vinnandi fólk á hinum Norðurlöndunum."

# Ummerki um vatn fundin á Mars

**Vísindamenn NASA segjast hafa fundið ummerki sem gætu verið eftir rennandi vatn á Mars. Ef þetta reynist rétt eru miklar líkur taldar á því að líf finnist, hafi fundist eða geti þrifist á Mars.**

Á miðvikudag kynntu vísindamenn NASA að nýjar rannsóknir þeirra af ljósmyndum, sem teknar voru af yfirborði reikistjörnunnar Mars, þættu benda til þess að vatn hafi runnið þar á undanförnum árum. Niðurstöðurnar, sem fjallað er ýtarlega um í nýjasta töluhefti vísindatímaritsins Science, eru ákaflega „sannfærandi", kom fram í máli vísindamannanna og eru þeir sem leita eftir lífi á öðrum hnöttum afar spenntir fyrir rannsókninni.

„Við erum að uppgötva að meira á sér stað á Mars en við áður héldum og að miðbreiddargráðusvæðið virðist vera þar sem allt gerist," hefur AP fréttastofan eftir Phil Christensen, prófessor í háskólanum í Arizona, en Christensen tók ekki þátt í rannsókn NASA.

**Ljósmyndir teknar**
Mars myndaðist fyrir meira en 4,5 milljörðum árum síðan og telja vísindamenn að fyrstu 1,5 til 2,5 milljarða árin hafi verið hlýtt og rakt á plánetunni. Þar ríkir nú ákaflega þurrt og kalt loftslag, og ekki hafa fyrr fundist ummerki um fljótandi vatn þar. Vatnið getur ekki verið lengi í fljótandi formi á Mars vegna kuldans sem ríkir þar, en vísindamennirnir leiða að því getgátum að það geti sprautast út á yfirborðið líkt og í hverum.

Þó ekkert vatn sjáist beinlínis á myndum vísindamannanna, þá eru greinilegar nýlegar breytingar á yfirborði plánetunnar, sem taldar eru vera eftir vatn sem hefur spýst út í gegnum jarðskorpu plánetunnar.

**Rannsóknin**
Rannsóknin hófst þegar nokkrir vísindamenn tóku eftir tugþúsundum gilskorninga á myndum sem geimskip NASA á sporbaug umhverfis plánetuna, Mars Global Surveyor eða MGS, hafði tekið. Þeir töldu gilin vera tiltölulega ný og sýndust þau líkjast mjög skurðum sem vatn myndar þegar það brýtur sér leið niður kletta og brattar gýghlíðar á jörðinni.

Vísindamenn við Malin-geimrannsóknastofuna í San Diego, sem starfrækja myndavélina um borð í MGS, ákváðu því að láta taka aftur ótal myndir í leit að frekari breytingum.

Tveir gilskorningar á suðurhluta plánetunnar, sem voru upphaflega myndaðir árin 1999 og 2001 og svo aftur árin 2004 og 2005, sýndu breytingar sem virtust líkjast þeim sem fljótandi vatn myndar.

Í báðum tilfellum fundu vísindamennirnir nokkur hundruð metra langt ljósleitt botnfall í giljunum sem ekki var sýnilegt á upphaflegu myndnum. Þeir komust að þeirri niðurstöðu að botnfallið – sem hugsanlega er aur, salt eða ís – hafi orðið eftir þegar vatn rann nýverið eftir farvegunum.

**Koltvísýringur**
Kenneth Edgett, vísindamaður við Malin-stöðina, telur fullvíst að ryk hefði skilið eftir dökkt botnfall, á meðan vatn gæti skilið eftir ljósa bletti í landslaginu.

En vísindamenn eru þó ekki á eitt sáttir um hvort um vatn sé að ræða.

„Ekkert á þessum myndum, sama hversu flottar þær eru, sannar að framstreymið hafi verið blautt eða að það hafi verið neitt meira spennandi en sand- og rykskriður," sagði Allan Treiman, jarðfræðingur við Tungl- og plánetustofnunina í Houston, í tölvupósti við fréttamenn AP fréttastofunnar.

Aðrir telja líklegra að um fljótandi koltvísýring hafi verið að ræða.

Ein ástæðan fyrir þeim röksemdum er sú að tölvulíkön af jarðskorpu Mars sýna að vatn getur eingöngu fundist þar á margra kílómetra dýpi. Fljótandi koltvísýringur getur hins vegar fundist mun nær yfirborði plánetunnar, þar sem hitastigið getur verið allt niður í 107 stiga frost.

Oded Aharonson, aðstoðarprófessor í stjörnufræði við Tæknistofnun Kalifornía (Caltech) sagði í samtali við fréttamenn AP að á meðan hugmyndir um vatn á Mars væru „sannfærandi" þá væru þær bara ein af mörgum hugsanlegum skýringum og frekari rannsókna væri þörf áður en hægt væri að útiloka að ekki væri bara um rykflæði að ræða.

**Líf á Mars?**
Þó fæstir búist lengur við því að litlir grænir karlar byggi plánetuna, þá renna þessar niðurstöður óneitanlega stoðum undir þá kenningu að lifandi verur geti þrifist á Mars, en almennt er talið að vatn og trygg hitauppspretta sé undirstaða alls lífs í heiminum.

**GÍGUR** Nýjar rannsóknir vísindamanna NASA benda til þess að þessi gígur geti hafa veðrast svona vegna vatnsflæðis. Myndin var tekin í október síðastliðnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SAMANBURÐUR** Þessar tvær myndir, sem teknar voru af sama svæði á Mars með sjö ára millibili, sýna breytingar á yfirborði plánetunnar sem vísindamenn NASA telja að sanni tilvist fljótandi vatns.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Því má álykta að ef vatn er að finna undir yfirborði plánetunnar, þá getur það væntanlega hýst örverur eða bakteríur.

Vísindamenn telja að til forna hafi vatnstjarnir verið að finna um alla plánetuna og á norðurpól Mars er enn í dag að finna ummerki um ís. Geimfarajepplingar NASA, sem lentu á plánetunni árið 2004, sendu á sínum tíma sterkar vísbendingar um að fljótandi vatn hefði fundist á yfirborðinu fyrr á öldum og byggðu vísindamennirnir niðurstöður sínar á athugunum á breytingum í gömlu bergi.

Nú eru vísindamenn um heim allan sammála um að nauðsynlegt sé að ákvarða hvað það var sem olli breytingunum sem sjá má á myndunum, svo hægt sé að komast að frekari niðurstöðum um hvort líf geti þrifist á Mars.

„Þetta undirstrikar mikilvægi þess að leita að lífi á Mars, hvort sem er núna eða forðum," sagði Bruce Jakosky, geimlíffræðingur við Colorado-háskólann í Boulder, sem ekki tók þátt í rannsókn NASA. „Þetta er enn ein ástæðan til þess að telja að líf geti fundist þar."

**Týnt geimskip**
Þó gæti reynst erfiðara og kostnaðarsamara að halda þeim rannsóknum áfram en gert hafði verið ráð fyrir því starfsfólk NASA missti sambandið við geimskipið MGS í síðasta mánuði. Allar tilraunir til að finna geimskipið, sem hefur tekið myndir og kortlagt plánetuna síðan árið 1996, hafa mistekist og óttast vísindamenn að skipið sé þeim að eilífu glatað.

Hins vegar hafa vísindamenn Geimstofnunar Evrópu lofað að nota geimfar sitt, Mars Express, til að fylgja eftir rannsóknum NASA – enda er um að ræða verkefni sem hefur vakið mikla athygli um heim allan.

FRÉTTASKÝRING
**SIGRÚN MARÍA KRISTINSDÓTTIR**
smk@frettabladid.is

# Bætum nýjum vörum við daglega!

Fylltu fataskápinn fyrir smápeninga!

Barnafatnaður
Jakkaföt
Stakir jakkar
Frakkar
Buxur
Skyrtur
Bindi
Bolir
Peysur
Kápur
Blússur
Pils
Kjólar
Toppar
Sokkar
Hanskar
Treflar
Vettlingar
Húfur
Nærfatnaður

Nú einnig leikföng

Sængurfatnaður
og handklæði
á gjafverði!

Hin eina sanna

## RISA lager ÚTSALA
## HÖFÐABAKKA 9

**Opið virka daga 11-19  laugardaga og sunnudaga 12-18**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Snoturt hjartalag:

# Hvað svo?

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Í huga manna hefur Háskóli Íslands löngum tengst sjálfstæði og fullveldi landsins. Í byrjun síðustu aldar litu margir svo á að sýnileg menningarleg reisn væri forsenda þess að vænta mætti alþjóðlegrar viðurkenningar á stjórnskipulegum rétti fámennrar þjóðar sem gerði tilkall til að vera engum öðrum háð.

Fátt horfir nú á annan veg við að þessu leyti. En heimurinn hefur eigi að síður breyst. Í byrjun þessarar aldar er flestum ljóst að vel sýnilegir þróttmiklir háskólar eru forsenda efnahagslegs sjálfstæðis og framfara þar sem sérhver frjáls þjóð er öðrum háð með nokkuð öðrum hætti en áður.

Í þessu ljósi setti rektor Háskóla Íslands fram þá stefnu að koma skólanum í röð þeirra fremstu á alþjóðlega vísu. Stúdentaráð notaði fullveldisdaginn til þess að kalla eftir viðhorfum stjórnmálaflokkanna til þessara áforma. Þau báru vissulega vott um snoturt hjartalag. En hvað svo?

Í raun réttri er varla unnt að gera kröfu til þess að stjórnmálaflokkarnir eigi við svo búið svör við því hvernig kosta á framkvæmd þessarar metnaðarfullu stefnu. Hitt veldur meiri áhyggjum að fátt bendir til þess að á þeim vettvangi sé í alvöru verið að skoða með hvaða hætti þetta megi gera.

Talið er að Háskólinn þurfi um fimm milljarða króna í viðbótartekjur til þess að eiga möguleika á að gera þessi áform að veruleika. Það eru miklir fjármunir. Þeir fást ekki með töfralausnum. Hér þarf ákvarðanir þar sem gera þarf upp á milli margvíslegra hagsmuna. Ella gerist ekkert.

Sum af þessum viðfangsefnum lúta að stjórnsýslu Háskólans sjálfs. Sú staðreynd breytir hins vegar ekki því að á herðum stjórnvalda hvílir hitinn og þunginn af því verkefni að varða veginn að niðurstöðu í fjármáladæminu. Það er pólitískt verkefni.

Fjárlög fyrir næsta ár gefa ekki vísbendingu um að stjórnarflokkarnir geri ráð fyrir miklu svigrúmi á þessu sviði. Fjárlagatillögur stjórnarandstöðuflokkanna voru kynntar sem fyrsti áfangi nýrrar stjórnarstefnu. Eftir að hafa skorið niður óverulegt framlag ríkissjóðs til efnahagslegs stöðugleika sýnist olnbogarými á þeim vængnum vera enn þrengra en ríkisstjórnar megin.

Bæði utanríkisráðherra og formaður þingflokks Samfylkingarinnar hafa lýst nauðsyn þess að hafa hér virkar sýnilegar loftvarnir á friðartímum. Það verkefni mun kosta peninga. Hvort eiga loftvarnirnar eða Háskólinn að hafa forgang? Það er ein af mörgum pólitískum spurningum sem þarf að svara.

Formaður menntamálanefndar Alþingis vakti réttilega athygli á því í umræðunni á fullveldisdaginn að skólagjöld yrðu að vera hluti af lausninni. Það er mikilvægt skref í rétta átt þegar tekið er á viðkvæmu deilumáli sem þessu af ábyrgð og án hiks. Þetta er eitt af pólitísku viðfangsefnunum. Á einhverju stigi þarf Háskólinn að taka afstöðu til þess. En fyrst þurfa stjórnvöld að sýna með trúverðugum hætti hvernig þau vilja leysa dæmið um tekjur Háskólans.

Lítil von er til þess að við höldumst í hópi best settu þjóða heims ef við getum ekki þróað starf Háskólans á þann veg að jafna megi við það sem best er gert á því sviði. Eigi að tryggja fjárhagslegar stoðir þessa metnaðarfulla viðfangsefnis fyrir aldarafmæli skólans 2011 þarf pólitíkin að gefa fyllri svör fyrir upphaf næsta kjörtímabils um raunveruleika hins snotra hjartalags.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚAR RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Kona ársins**

Tímaritið Nýtt líf útnefnir konu ársins í sextánda sinn í kvöld. Verður það gert við hátíðlega athöfn í Iðusölum og er búið að bjóða fjölda fólks að vera viðstatt. Í fyrra var Thelma Ásdísardóttir útnefnd kona ársins 2005 eftir að hafa vakið umræðu um kynferðislega misnotkun barna í kjölfar útgáfu bókarinnar Myndin af pabba. Margar konur geta gert tilkall til titilsins. Ein þeirra er Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, sem er nú að ljúka fyrsta heila árinu í embættinu fyrst kvenna. Hvort það rætist kemur í ljós í dag.

**Jón varðhundur**

Í nýju háskólablaði nemenda við Háskólann í Reykjavík er að finna stórgott viðtal við danska tölfræðinginn Björn Lomborg, sem segir að kostnaður við að fylgja ákvæðum Kýótóbókunarinnar í eitt ár sé svo til sá sami og það kostar að tryggja hverjum einasta jarðarbúa ferskt drykkjarvatn til eilífðarnóns. Einnig er farið yfir séráatkvæði Jóns Steinars Gunnlaugssonar þá 25 mánuði sem hann hefur gegnt embætti hæstaréttardómara. „Þeir voru margir sem efuðust um ráðningu Jóns Steinars á sínum tíma. Á skoðun sératkvæða Jóns Steinars má þó sjá að skipun hans er borgurum landsins mikið gæfuspor, enda er hér á ferð óþreytandi varðhundur mannréttinda," er dómur ritstjóranna eftir þá yfirferð.

**Prinsipp-menn**

Ekki er fylgst ítarlega með hvernig einstakir þingmenn greiða atkvæði við afgreiðslu frumvarpa á Alþingi. Samband ungra sjálfstæðismanna gagnrýndi harðlega frumvarp um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda. Samt flaug það í gegn á síðasta þingfundi vetrarins. Þrír stjórnarþingmenn sátu þó hjá, þeir Birgir Ármannsson, Einar Oddur Kristjánsson og Sigurður Kári Kristjánsson. Þegar kom að því að hækka tekjuskattinn greiddi Pétur Blöndal atkvæði gegn því en Birgir Ármannsson sat hjá. Aðrir voru fjarstaddir eða studdu frumvarpið.

bjorgvin@frettabladid.is

# Hófsamir jólasveinar

INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

**Í DAG** | Jólasveinarnir

Stekkjarstaur kom í nótt, fyrstur jólasveinanna þrettán. Hans biðu þúsundir skóa í þúsundum glugga um allt land. Hugsanlegt er að í einhverjum skónum finnist kartafla nú með morgninum en vonandi finnur ungviðið þó eitthvað ánægjulegra þar. Ég veit ekki hvernig kartöfluhefðin komst á, þessi siður að refsa börnum fyrir óþægð í gegnum jólasveinana með því að sjá til þess að þeir setji þar niður kartöflu. En þess voru dæmi í mínu uppeldi að til þessa ráðs væri gripið – og virkaði vel eins og mörg gömul og góð uppeldishúsráð, hvað sem líður mati sérfræðinga á þeim.

Hitt þykir mér verra þegar skórnir fyllast af verðmætum, langt umfram það sem eðlilegt má teljast. Líklega er það hluti af taumlausri neysluhyggjunni hér á landi að í sumum skóm eru svo dýrir hlutir að eigendur skónna segja helst ekki frá því í skólanum hvað þeir fengu. Þeim finnst þetta sjálfum vandræðalegt og óeðlilegt. Það er jafn vont að vakna með tóman skó og alltof dýrmætan skó, álíka skammarlegt. Þegar foreldrar semja við jólasveinana um skóna er rétt að hafa þetta í huga. Ef marka má samtöl skólabarna um skóna þessa daga í desember má ætla að kartafla sé mun skárri kostur en t.d. fjarstýrður bíll eða iPod.

En jólasveinarnir eru auðvitað óttalegir jólasveinar og þar með ólíkindatól. Í einhverjum tilfellum gera þeir sér aukaferðir til byggða um helgar frá 1. desember. Kannski hefur bræðrunum fjölgað þótt Grýla hafi ekkert sagt og við ekki fengið að vita nöfnin á þeim. Nema sá ameríski sé hér í helgarferðum framan af desembermánuði. Hinn ótímabæri helgarjólasveinn, hvaðan sem hann kemur, virðist þó hafa mjög takmarkaðar upplýsingar um fjölda barna og búsetu hér á landi því skódreifing hans er mjög tilviljanakennd. Fyrst og fremst eru ferðir hans þó ótímabærar. Okkar duga vel þessir þrettán, þeir sinna sínu hlutverki ágætlega. Þeir hafa enda þróast skemmtilega, eru oftar en ekki komnir í rauðan sparigalla og fylgja þar fordæmi frænda síns í Ameríku, þeir koma úr ýmsum fjöllum landsins og eru áfram hrekkjóttir og gamansamir en vilja þó öllum vel, eru hlýlegir, söngelskir og skemmtilegir, óttalegir jólasveinar eins og vera ber.

*Hitt þykir mér verra þegar skórnir fyllast af verðmætum, langt umfram það sem eðlilegt má teljast. Líklega er það hluti af taumlausri neysluhyggjunni hér á landi að í sumum skóm eru svo dýrir hlutir að eigendur skónna segja helst ekki frá því í skólanum hvað þeir fengu.*

Svo eru auðvitað allir hinir jólasveinarnir. Það er t.d. fátt skemmtilegra en þegar „jólasveinarnir" koma heim fyrir jólin eins og sagt er í dreifðum byggðum þegar framhaldsskólanemar koma á æskustöðvarnar til að halda jól með fjölskyldu og vinum. Þeir jólasveinar eru brosandi aftur fyrir bæði eyru og koma sannarlega með jólin með sér í byggðarlögin sín. Stundum er svo sagt að einhverjir séu óttalegir jólasveinar og það eru ekki meðmæli. Þingmennirnir okkar fá t.d. stundum þennan dóm, að hafa verið óttalegir jólasveinar. Í slíkum tilvikum hefur viðkomandi yfirleitt gert eitthvað af sér, hegðað sér kjánalega, kannski verið svolítið eins og álfur út úr hól. Þótt þeim fækki sem rekast á álfana úr hólunum á víðavangsferðum lifir þjóðtrúin þannig í orðtökum og málsháttum tungunnar og ég er ekki í minnsta vafa um að bæði álfar og huldufólk, tröll og jólasveinar lifa góðu lífi í náttúru Íslands. Ef við sjáum þau ekki er það vegna þess að við höfum blindast, glatað tengingunni við þessa náttúru, en ekki vegna þess að þau séu ekki til, hafi orðið útdauð.

Ef við glötum álfunum og huldufólkinu, tröllunum og jólasveinunum, höfum við glatað stórum hluta þjóðtrúar okkar og þar með menningu, rótunum sjálfum. Þessi trú speglast t.d. í örnefnum víða um land og ef sögurnar gleymast glata örnefnin tilgangi sínum. Þess vegna er mikilvægt að viðhalda sögunum og vera trú þjóðtrúnni og menningararfinum. Og ef við skiptum okkur af fjárráðum jólasveinanna með þeim afleiðingum að í skónum verða fokdýrir hlutir, á skjön við eðli jólasveinanna sjálfra sem eru höfsamir að þessu leyti, þá erum við að eyðileggja hluta af þessum arfi. Það er því rétt að jólasveinarnir fái áfram að gæta hófs þegar þeir setja eitthvað í barnaskóna næstu nætur.

# Skáldlegur Össur

**UMRÆÐAN**

Össuri Skarphéðinssyni svarað

HJÁLMAR ÁRNASON

Heldur var þingflokksformaður Samfylkingarinnar brjóstumkennanlegur í Fréttablaðinu í gær, 12. desember. Pistill hans fjallar eingöngu um Framsóknarflokkinn og ekki í fyrsta sinn. Aðfinnsluefni þau er hann tekur fyrir eru afbökuð og rangtúlkuð af þeirri natni sem Össuri einum er lagið – kryddað með samsæriskenningum, sérfræðisviði þingflokksformannsins. Það skondna í þessu öllu er að Össur er í reynd ekki að fjalla um Framsókn. Skammir hans snúa allar að Samfylkingunni! Stöðu sinnar vegna og tengsla við formann sinn kýs Össur að skamma Framsókn en meinar auðvitað Samfylkinguna og ekki síður ISG. Hann er barinn og smáður eftir að Ingibjörg Sólrún kvað upp þann dóm að þingflokkurinn undir forystu Össurar væri ekki á vetur setjandi því þjóðin treysti þessu liði ekki. Sárt fyrir Össur að fá slíka flengingu en í stað þess að svara Ingibjörgu Sólrúnu beint þá velur hann að sneiða til hennar í gegnum Framsókn.

Eða hver skilur ekki talið um vingulshátt? Í raun skiptir engu hvar borið er niður. Stefna SF ræðst af því hver talar hverju sinni. Nú síðast í RÚV-málinu þar sem sjálfur varaformaður SF virðist sama sinnis og stjórnarsinnar meðan aðrir vilja annað. Frægur er hringlandinn um stóriðjustefnu SF. Skiptir þar máli hvort tala Kristján Möller og Einar Már eða Þórunn og Mörður. Sama má segja í félagsmálum og heilbrigðisstefna varaformannsins frjálslynda er öll önnur en hinnar varkáru Jóhönnu. Í sjávarútvegsmálum þarf marga talsmenn til að fá fram allar stefnur SF. Þannig má taka fyrir hvern málaflokkinn af öðrum. Stefnan er jafn skýr og talsmenn eru margir. Líkist helst kvikuhlaupi sem enginn veit hvar brýst fram. Það er þetta stefnuleysi sem Ingibörg Sólrún skammar þingflokkinn fyrir og Össur bregst við með því að skamma Framsókn. Þetta er alþekkt stílbragð þegar menn vilja koma föstum skotum fram en vera samt í skjóli. Össuri er þetta skjól Framsókn að þessu sinni og verður fróðlegt að sjá hvar næsta haldreipi finnst. Nú er hins vegar orðið tímabært fyrir Össur að líta í eigin barm því þar undir slær þrátt fyrir allt milt hjarta og vænt.

*Höfundur er þingflokksformaður Framsóknarflokksins.*

## ALLT HITT

[HEILSA JÓLIN KOMA]

**Reykingar** minnka samkvæmt nýrri könnun sem Lýðheilsustöð kynnti nýlega. Aðeins 18,8% reykja daglega nú miðað við 30% árið 1991. Umfangið er á hægri en stöðugri niðurleið. Karlmenn eru 21% þeirra sem reykja daglega miðað við 17% kvenna. Einnig kemur fram að einstaklingar með háskólamenntun reykja síður en einstaklingar með minni menntun. Nánar: www.lydheilsustod.is



**Sparisjóðurinn** stendur fyrir söfnun til að styrkja verkefni á sviði geðheilbrigðismála. Talið er að fjórði hver Íslendingur eigi við einhver þau geðræn vandamál að stríða einhvern tíma á ævinni þar sem miklar líkur eru á bata ef rétt aðstoð fæst. Nánar: www.spnor.is

**Vatn** er algengasti drykkur Íslendinga og hefur neysla þess hvorki meira né minna en þrefaldast síðastliðin ár. Langvarandi vökvaskortur hefur mjög slæm áhrif á líkamann. Þótt það sé vatn í kaffi, te, ávaxtasafa, bjór, víni og öðrum drykkjum nýtir líkaminn það ekki jafn vel og hreint vatn. Mælt er með átta glösum af vatni á dag.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 12. desember, 346. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.11 | 13.21 | 15.32 |
| Akureyri | 11.24 | 13.06 | 14.48 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
**550 5000**
Auglýsingasími Allt
**550 5880**
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

Birgir gegnir stöðu markmanns hjá íshokkíliði Skautafélags Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Ekki klúbbur hörkutóla

***Birgir Örn Sveinsson leikur íshokki með Skautafélagi Reykjavíkur. Hann hefur æft íshokkí í sautján ár og segir íþróttina hafa þróast töluvert hérlendis.***

„Vinur minn dró mig út í þetta þegar búið var til skautasvell á Akureyri árið 1989," segir Birgir um ástæðu þess að hann byrjaði að æfa íshokkí og bætir við að áhuginn hafi ekki síst vaknað vegna þess hversu ólíkt hokkíið hafi verið öðrum íþróttagreinum.

„Ég byrjaði sem útispilari en snemma kom í ljós að ég var ekki nógu góður svo ég fór í markið og hef haldið mig þar," segir Birgir hlæjandi. „Nei, í alvöru talað fann ég snemma hversu vel staða markmanns átti við mig."

Frá þeim tíma sem Birgir byrjaði að æfa segir hann mikla þróun hafa átt sér stað í hokkíi. „Aðstaðan hefur náttúrlega batnað til muna síðan skautahús risu í Reykjavík og á Akureyri, en við værum skammt komin án þeirra," útskýrir hann.

„Liðunum hefur að sama skapi fjölgað," heldur Birgir áfram. „Nú eru starfrækt þrjú karalið og tvö kvennalið. Ætli það séu ekki liðin fimm ár frá því að stelpurnar byrjuðu að æfa markvisst og hefur þeim fjölgað nokkuð á þeim tíma."

Birgir segir að þótt hokkí geti í fyrstu virst harkaleg íþróttagrein, sé engin ástæða til að láta það stöðva sig. „Þessi íþrótt reynir á styrk og fimi. Við æfum á ís að meðaltali þrisvar-fjórum sinnum í viku og tökum einn leik á viku. Kepnnistímabilið hófst í september í ár og lýkur í apríl. Eftir það er úrslitakeppni haldin. Ég vil bara hvetja sem flesta að kynna sér þessa skemmtilegu íþrótt."

*roald@frettabladid.is*

Jólakortin eru úr póstkortasafni Sveinbjörns Jónssonar.

## Rafræn jólakort

GÖMUL OG FALLEG JÓLAKORT FLYTJA KVEÐJUR MILLI VINA Á VERALDARVEFNUM.

Tími jólakortanna er genginn í garð. Ekki hafa allir tíma eða getu til að handskrifa þau, líma á umslög frímerki og koma þeim í póstkassa. Á þessari tækniöld er ekki úr vegi að senda jólakortin rafrænt. Við það aðstoðar þig Borgarskjalasafn Reykjavíkur en á vefsíðu þess er nú hægt að senda jólakort að kostnaðarlausu. Kortin eru falleg og gamaldags, flest frá fyrri hluta 20. aldar og hægt að senda með jólakveðju á yfir 25 tungumálum.
Þetta er þriðja árið sem Borgarskjalasafn býður upp á rafræn jólakort og hafa þau mælst mjög vel fyrir. Í fyrra voru 10 þúsund kort send út í gegnum vef Borgarskjalasafns. Jólakortin eru úr stóru póstkortasafni Sveinbjörns Jónssonar sem Kristín S. Árnadóttir afhenti safninu vorið 2004 og spannar kortasafnið alla 20. öldina.
Jólakortin eru að finna á www.reykjavik.is

# allt jólin koma

**Jólahlaðborðin** eru ávallt gleðilegir atburðir. Með því að borða lítið en oft daginn sem farið er í veisluna kemst meira fyrir af gúmmulaðinu á hlaðborðinu.

Hátíðarkaffi
stundin - bragðið - stemningin

VERSLANIR: Kringlunni · Smáralind · Laugavegi 27 · Suðurveri · Akureyri · Egilstöðum

allt tíska
Alla fimmtudaga

Snjórinn er fallegur á grænu greninu. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Ljósakransinn frá IKEA nýtur mikilla vinsælda og hefur sést víða.

Látlaus krans þar sem grenið fær að njóta sín. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# *Jólunum boðið í bæinn*

***Krans á útidyrahurðinni býður jólunum inn og gestum og gangandi gleðileg jól.***

Einn krans á útidyrahurðina getur nægt til að gera heimilið jólalegt. Margar tegundir eru til af krönsum en krans úr greni er algengastur hér á landi. Tiltölulega auðvelt er að útbúa sinn eigin krans og getur hráefnið verið ótrúlegustu hlutir. Sniðugt er til dæmis að notast við vírherðatrén sem maður fær frá fatahreinsuninni. Þá er herðatréð mótað í hring og greni, þurrkaðir ávextir, borðar, rósir, könglar eða trjágreinar festar viðhringinn og hankinn á herðatrénu notaður til að hengja kransinn upp.

Kransar sóma sér einnig vel í gluggum eða í hillum, eða jafnvel hangandi á stólum.

Ljósasería lýsir kransinn upp í rökkrinu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Köngla er hægt að týna út í náttúrunni og gera úr þeim krans. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES


HÖNNUNARHÚSID 2004/11

Sígræna jólatréð
— eðaltré ár eftir ár

Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum prýðir nú þúsundir íslenskra heimila.

- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir, 90 - 500 cm
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Truflar ekki stofublómin
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar
- Traustur söluaðili
- Skynsamleg fjárfesting

550 9800
www.skatar.is

Sölustaður:
Skátamiðstöðin Hraunbæ 123

Bandalag íslenskra skáta

# Góðverk með gjöf frá Thorvaldsen basar

***Allur ágóði rennur til líknarmála.***

Það er óhætt að fullyrða að verslunin Thorvaldsen basar sé sú elsta í borginni. Verslunin, sem alltaf hefur verið í Austurstræti, var fyrst opnuð árið 1901 og frá upphafi hafa allir starfsmenn hennar, utan verslunarstjórinn, unnið störf sín þar í sjálfboðavinnu. Ágóðinn af þeim vörum sem seldar eru hjá Thorvaldsen basar rennur allur til líknarmála og þá eru það helst veik börn sem njóta góðs af starfi Thorvaldsenfélagsins. Það má því segja að með því að kaupa jólagjafirnar í Thorvaldsen basar sé verið að slá tvær flugur í einu höggi -styrkja gott málefni og gefa gjöf.

Sigríður Sigurbergsdóttir formaður Thorvaldsenfélagsins og Kristín Zoëga, sjálfboðaliði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jólaleg lopapeysa í barnastærð. Kr 5.600 kr.

Vöruúrval verslunarinnar er fjölbreytt en til jólagjafa er einkar heppilegt að kaupa margs konar sígildar hannyrðavörur. Til dæmis dúnmjúka ullarnærboli úr soðinni ull, sjónvarpssokka, lopapeysur, húfu eða vettlinga. Allt sterkar og endingargóðar vörur, sem eru flestar handunnar af íslenskum hannyrðasnillingum og nýtast okkur vel í kuldanum í vetur.

Í jólaösinni verður opið hjá Thorvaldsen basar frá klukkan 9-10 (frá 14. desember), til klukkan 23 á Þorláksmessu og frá klukkan 9-12 á aðfangadag. *- mhg*

Húfa 2.250 kr.
Sokkar 990 kr.
Vettlingar 990 kr.



Ullarnærbolur á 2.400 kr. Frábær gjöf fyrir konur sem hafa barn á brjósti, sem og alla aðra sem ekki vilja láta væsa um sig.



Mittissíð lopapeysa í sauðalitunum, kr. 10.600.

Mittissíð lopapeysa með rennilás á 10.600 kr.

Sjónvarpssokkar kr.2.800.
Handprjónaðir vettlingar kr. 2.800.
Innisokkar kr. 1.800.


NILFISK
Ryksugur
Hreint út sagt, frábærar ryksugur!

- Nilfisk ryksugurnar þekkja allir enda hafa þær þjónað Íslendingum í yfir 70 ár.
- Nilfisk ryksugurnar eru sérlega hljóðlátar.
- Þær eru búnar fullkomnu síunarkerfi sem fangar ofnæmisvaka.
- Þær eru sterkbyggðar og léttar og búa yfir miklum sogkrafti.
- Komdu í Fönix og sjáðu úrvalið og gæðin með eigin augum.

FÖNIX
***- fyrsta flokks.*** Stór orð sem reynslan réttlætir.

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Hátúni 6a ▪ 105 Reykjavík ▪ Sími 552 4420 ▪ www.fonix.is

allt jólin koma
Alla þriðjudaga til laugardaga

PANDORA Jewelry

BRILLIANT
LAUGAVEGUR · KRINGLAN · SMÁRALIND

Handsmíðaða skartið hennar Önnu Maríu

ANNA MARÍA DESIGN GULLSMIÐUR
Skólavörðustígur 3
Sími 551 0036

jólaskrautið }

# Með persneskum blæ

***Jette Frölich hefur hannað jólaskraut síðan 1964.***

Jette Frölich hefur verið samnefnari jólanna í heimalandi sínu Danmörku í fjölda ára. Hún teiknaði sína fyrstu pappírsóróa árið 1964. Skömmu síðar fór hún til Teheran með manni sínum sem var í utanríkisþjónustunni og bjó þar í fjögur ár. Hún varð fyrir miklum áhrifum af persneskri list og hélt áfram að hanna jólaskraut en nú með fínlegum austurlenskum blæ.

Árið 1976 fékk hin virta danska húsgagnaverslun, Illums Bolighus, Jette til að skreyta fyrir sig fjórtán metra hátt jólatré sem vakti gríðarlega athygli og síðan hafa Illums Bolighus og Jette verið nátengd og hún hefur verið jólalistamaður þeirra um hver jól. Þetta fínlega jólaskraut úr bronsi fer afskaplega vel á grænni grein eða úti í glugga og er til bæði skraut á tré og fristandandi.

Þetta fallega jólatré sem er líka kertastjaki kostar 2.980 krónur og fæst í Tékkkristal á Laugavegi og Kringlunni.

ECC

Hágæða fótboltaborð!

Fótboltaborð í kepnnisgæðum frá Solex.
Borðið þolir mikið álag. Á borðinu eru stigatöflur, glasahaldarar, stillanlegar lappir, 22 leikmenn á hágæða stöngum og 4 boltar fylgja.
Frábært borð fyrir heimilið eða vinnustaðinn.
**Komdu í verslun ECC og taktu leik!**

ECC Bolholti 4 – Sími 511 1001

www.ecc.is

VÍSIR www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

# Maturinn og tónlist eftir Bach mynda stemningu

***Tilhugsunin um hátíðamat, ásamt tónlist eftir Bach kemur Mikhael Aaroni Óskarssyni, japönskunema við Háskóla Íslands, í jólaskap.***

Michael kemst í jólaskapið strax í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heima hjá Mikhael er ávallt kalkúnn á borðum á aðfangadagskvöld. „Sennilega er það eitthvað sem mamma hefur vanist í sínum uppvexti og fært inn í okkar líf," segir Mikhael. Hann kveðst hafa byrjað að hlakka til jólamáltíðarinnar strax í nóvember og það er ekki bara jólamaturinn, heldur líka allur undirbúningurinn sem kyndir undir þeirri tilhlökkun. Sjálfur hefur hann svolítið gaman af matreiðslu og þá helst nýjungum. „Ég er samt þeirrar skoðunar að tilraunir í eldhúsinu eigi að leyfast á öllum öðrum tímum en um jólin. Þá á að halda sig við hefðir og elda eitthvað sem góð reynsla er komin á og öllum þykir örugglega gott," segir Mikhael sem finnst samt allt í lagi að nota aðventuna í að prófa eitthvað spennandi, til dæmis í eftirréttageiranum.

Svo er líka annað sem kemur Mikhael í jólaskap og það er að spila kórlög eftir Bach á píanóið. „Þetta eru ekki endilega jólalög heldur einföld lög eins og Höfuð dreyra drifið og fleiri slík. Stutt lög en hátíðleg. Það er rólegur helgiblær yfir þeim sem mér finnst hæfa vel aðventunni, vetrinum og skammdeginu." Samt þykist hann enginn píanóleikari vera. „Ég er nú bara amatör á þessu sviði og spila mér til gamans," segir hann hógvær.

Þá er honum bent pent á að nafn hans sé letrað á plötuumslag sem fylgir nýju nótnahefti eftir Snorra Sigfús Birgisson. Það nefnist Píanólög fyrir byrjendur og Hymni. „Það er rétt, ég spila eitt lítið lag með guðföður mínum, Snorra Sigfúsi, á þessum diski. Lagið tileinkaði hann mér þegar ég var tveggja ára og þar leik ég rödd nemanda en hann rödd kennara."

Mikhael er sonur tónlistarmannanna Óskars Ingólfssonar og Nóru Kornblueh og er í lokin spurður hvort mikið sé spilað og sungið á heimilinu um hátíðarnar. „Nei," svarar hann. „Þegar foreldrar manns eru tónlistarmenn þá fagna allir því að fá frí frá iðkun tónlistar um jólin."

*gun@frettabladid.is*

## Á jóladöfinni 12. desember }

**Stekkjastaur** kemur í Þjóðminjasafnið kl. 11.

**Tendrum ljós á tré** -Aðventutónleikar Domus Vox verða haldnir í Hallgrímskirkju og hefjast kl. 20.00. Kvennakórarnir Domus Vox, Vox, Junior, Stúlknakór Reykjavíkur, Gospelsystur Reykjavíkur, Hanna Björk Guðjónsdóttir sópran og hljóðfæraleikarar flytja aðventu og jólatónlist undir stjórn Margrétar J. Pálmadóttur.

**Aðventutónleikar** Söngsveitarinnar Fílharmoníu verða haldnir í Langholtskirkju og hefjast kl. 20.00. Þar verða flutt tónverk helguð Maríu mey og jólalög frá ýmsum löndum. Hulda Björk Garðarsdóttir syngur einsöng og stjórnandi er Magnús Ragnarsson.

## Adam átti syni sjö

ÍSLENSK ÞJÓÐVÍSA

Adam átti syni sjö,
sjö syni átti Adam.
Adam elskaði alla þá
og allir elskuðu Adam.
Hann sáði, hann sáði,
hann klappaði saman lófunum,
stappaði niður fótunum,
ruggaði sér í
lendunum
og sneri sér í
hring.

BYLTING Í SVEFNLAUSNUM
BETRI HVÍLD, DÝPRI SVEFN OG MEIRI VELLÍÐAN.

FRÍ LEGUGREINING
OG FAGLEG RÁÐGJÖF

Rúmgott er leiðandi í þróun og framleiðslu á heilsudýnum og rúmbotnum undir vörumerkinu EZ-sleep á Íslandi. Við höfum yfir að ráða fullkomnum tækjabúnaði til að mæla þrýstijöfnun á líkama hvers einstaklings sem gerir okkur kleift að framleiða svæðaskiptar heilsudýnur sniðnar að viðkomandi.

20-65% AFSLÁTTUR



55 ÁRA
Húsgagnavinnustofa RH

Rúm Gott

Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16

www.rumgott.is

# Tjúttuð diskójól

***Sinn er siður í hverju landi og á hverju heimili. Jólin eru frekar hátíðleg og hæg á Íslandi. Þar situm við stífpuntuð í sparigallanum og borðum þangað til við ranghvolfum augunum og föllum í djúpt dá kjötsvimans.***

Í mörgum löndum tíðkast hins vegar að borða minna og dansa meira.

Það er stórkostleg tilbreyting í skammdeginu að kasta af sér nýju lakkskónum, og virkilega dansa á jólunum. Maður getur bara borðað minna og þá oftar. Skellt einhverri skemmtilegri tónlist á fóninn og virkilega tjúttað. Það er hægt að undirbúa leikinn vikurnar fyrir jól, sanka að sér skemmtilegri tónlist, taka létta diskósyrpu fyrir mömmur og pabba og vals fyrir ömmu. Krakkarnir mega gera hvað sem er. Við dönsum of lítið og jólin er tilvalin hátíð til að taka nokkur spor.

*-rh*

Á jólunum er sjálfsagt að taka sporið.

# Englahár og bómull eða svartar palíettur

***Tískustraumar í jólaskrauti breytast frá ári til árs.***

Það má með sanni segja að allt sé breytingum háð og jólaskrautið okkar er þar engin undantekning. Fyrir ekki svo mörgum árum var skrautið yfirleitt svipað á milli áranna og lítið um nýjungar. Falleg lítil jólahús voru föndruð úr pappa og svo voru þau skreytt með bómull og glimmeri. Músastigar voru fléttaðir og hengdir upp í loft og þegar það kom að því að skreyta tréð, þá var það vafið svokölluðu englahári. Útiseríur voru með stórum ljósaperum í gulu, rauðu og bláu en hvergi sáust upplýstir jólasveinar á íburðamiklum sleðum uppi á húsþökum.

Í dag er öldin önnur. Jólaskraut föndrar fólk sjaldnast sjálft heldur er það keypt í stórverslunum víða um borgina. Jólatrén eru oft endurnýtanleg og þau má fá bæði bleik, græn og blá. Fyrir þessi jól virðist svartur vera orðin að tískulit í jólaskrauti. Í Blómavali má til dæmis finna margs konar jólaskreytingar í svörtum lit, hvort sem það eru palíettutré, jólakúlur með silfurlitu glimmeri eða svartir englar. Að finna kreppappír í músastigann er hins vegar orðið öllu flóknara.

Hver sem smekkur fólks er ættu allir að geta fundið eitthvað fallegt til að skreyta heimilið með, enda er það sannarlega hluti af jólastemningunni að prýða heimilið með ljósum og litum í þessum dimmasta mánuði ársins.

Þessi hefur verið á undan sinni samtíð.

Mennirnir breytast og jólaskrautið með.


kokkarnir
VEISLUÞJÓNUSTA

Hátíðlegar og nytilegar jólagjafir af öllum stærðum

Karfa 1
Kr. 1.980.-

Karfa 2
Kr. 2.690.-

Karfa 3
Kr. 3.690.-

Karfa 4
Kr. 4.990.-

Karfa 5
Kr. 7.890.-

Karfa 6
Kr. 5.990.-

Karfa 7
Kr. 9.590.-

KOKKARNIR Veislubjónusta stilar inn á að vera alltaf með það nýjasta og ferskasta hverju sinni ásamt hinu hefðbundna.

kokkarnir VEISLUÞJÓNUSTA

Vertu í sambandi og settu saman þína eigin sælkerakörfu

Osta- og Sælkerabordinu Hagkaupum í Kringlunni og Smáralind

Hringdu og fáðu upplýsingar í síma 511-4466
eða sendu tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is

www.kokkarnir.is

Hönnun: Spör - Ragnheiður Ágústsdóttir

Flott föt

bianca
gæði og glæsileiki
Nýbýlavegi 12
Sími 554 3533
Opið virka daga 10-18 Laugardaga 10-16

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

**Grænt te** er betra en kaffi. Það gefur meiri orku og blóðsykurjafnvægi er betra en hjá þeim sem drekka kaffi. Gott í jólastressinu.

allt
matur
Alla föstudaga

# Börnin læra tal í leik

***Hrafnhildur Halldórsdóttir er talmeinafræðingur. Hún hjálpar börnum sem stríða við tal- og málmein.***

Hrafnhildur notar leiki og leikföng til að fá börnin á sitt band og gera þau duglegri við æfingarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Starf talmeinafræðinga felst í ráðgjöf, greiningu og meðferð. Meðal þeirra sem leita aðstoðar þeirra eru fatlaðir einstaklingar, þeir sem eru í endurhæfingu eftir heilablóðfall, þeir sem stríða við kyngingarvandamál í kjölfar sjúkdóma, þeir sem stama, og þeir sem eru með málgalla. „Svo vinnum við líka með hljóðkerfisvitund og þá aðallega hjá börnunum. Við kennum þeim að segja hljóðin og gerum þau meðvituð um hljóðumhverfið," segir Hrafnhildur. „Starfið felst líka í því að virkja aðstandendur, til dæmis kennara og foreldra, og fá þá til að styðja við börnin og hvetja þau áfram í æfingunum."

Talmeinafræðin er ekki kennd hérlendis en það stendur til bóta. „Það er í undirbúningi að hefja kennslu í talmeinafræði við Háskóla Íslands haustið 2008. Það er frábært því hingað til hafa allir sem hafa viljað læra talmeinafræði þurft að fara utan," segir Hrafnhildur.

Sjálf sótti Hrafnhildur nám sitt til Svíþjóðar, nánar tiltekið Gautaborgar. „Ég fór í áhugasviðspróf á stúdentsárinu mínu í Kvennaskólanum og þar komst talmeinafræðin ofarlega á blað en ég vissi voðalega lítið um hana," segir Hrafnhildur. „Í kjölfarið varð ég forvitin og fór að lesa mér til og hafði samband við talmeinafræðinga hér heima til að kynna mér þetta. Ég sá þá að þetta var eitthvað fyrir mig og því fór ég út í nám."

Hrafnhildur sinnir börnum en hún segir það mjög frábrugðið því að sinna fullorðnu fólki. „Þegar maður vinnur með börn gengur það mikið út á að lokka þau til að gera æfingarnar. Maður er endalaust að fá þau til að gera hitt og þetta gegnum leik. Þau eru auðvitað mjög mörg sem sjá í gegnum þetta og loka bara munninum," segir Hrafnhildur og hlær. „Það er allt öðruvísi að vinna með fullorðnu fólki. Þá er metnaðurinn meiri og það gerir allar æfingar og leggur sig fram. Það þarf ekki að plata það til að gera eitt og annað."

Þegar Hrafnhildur er beðin um að rifja upp eftirminnilegt atvik segir hún að fyrst komi upp í hugann lítill strákur sem hún vann með úti í Svíþjóð. „Hann var í málörvunarhópi hjá mér. Hann gat ekki sagt f, t, s, eða r og var í raun ótalandi," segir Hrafnhildur. „Við náðum afskaplega vel saman og eftir veturinn var hann orðinn jafnvígur jafnöldrum sínum. Það er alltaf gaman að sjá að starfið manns hefur skipt máli."

*tryggvi@frettabladid.is*

Líður þér ekki vel?
Finnurður fyrir þunglyndi, kvíða, sorg?
Varðst þú fyrir ofbeldi í æsku? Er hjónabandið ekki í lagi?
Einstaklings miðuð meðferð
- Hugræn meðferð - Hjónaráðgjöf.
Tímapantanir í s. 868 2118
**Gréta Jónsdóttir, Fjölskyldu- og hjónaráðgjafi**

Hálsmixtúra og Magamixtúra úr íslenskum fjallagrösum

allt tilboð
Alla föstudaga

## Persona.is

**EYJÓLFUR ÖRN JÓNSSON**
**SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR**

### Prófkvíði

Á sama tíma og sumir upplifa mikinn kvíða vegna álagsins sem þeim finnst fylgja jólahátíðunum, er stór hluti fólks sem upplifir gífurlega streitu sem tengist þessum árstíma en sú er af allt öðrum toga. Menntastofnanir víðs vegar halda annað matstímabil sitt á þessum sama tíma og eru því námsmenn undir talsverðri pressu alveg fram að síðustu dögum fyrir jól.

Það er fullkomlega eðlilegt að upplifa kvíða og streitu á álagstímabilum sem þessum og getur það í raun hvatt okkur áfram og hjálpað okkur að ná árangri. Þegar þessar tilfinningar verða okkur hins vegar ofviða getur það þó orðið vandamál og haft áhrif á getu okkar til að undirbúa okkur eða takast á við kvíðavaldinn.

Eitt af því sem hefur hvað mest áhrif á prófkvíða er undirbúningur, og í raun er því hægt að skipta kvíðanum í tvennt – kvíða vegna þess að þú ert illa undirbúin/n og kvíða þrátt fyrir að vera vel undirbúin/n. Ef kvíðinn er vegna slæms undirbúnings er hann í raun fullkomlega eðlilegur og ætti að vera hægt að slá á hann með því að bæta undirbúninginn. Ef kvíðinn er aftur á móti til staðar þrátt fyrir að undirbúningur sé í góðu lagi verður hann að teljast órökréttur og er mikilvægt að læra að takast á við hann.

En hvað getur maður gert til að minnka prófkvíða? Líkt og ég sagði hér áður getur undirbúningur haft mikið að segja og ef tíminn er okkur hliðhollur er mikilvægt að huga að honum og skipuleggja tíma sinn vel og forðast þannig lestrartörn í lok annar. Næst er mikilvægt að huga að viðhorfi til prófsins, til þess að auðvelda þér að gera námið áhugavert og jafnvel skemmtilegt.

- Minntu þig reglulega á að próf eru ekki endanleg og þau munu vafalaust verða fleiri í framtíðinni.
- Forðastu að hugsa um sjálfa/n þig á neikvæðan hátt.
- Minntu þig á að markmið prófsins er að koma eins miklu af þeirri þekkingu sem þú hefur öðlast til skila.
- Reyndu að halda áfram með áhugamál þín, bæði félagsleg og líkamleg, á meðan á prófleestri stendur þar sem það stuðlar að vellíðan þinni.
- Passaðu þig að skipuleggja þig í próflestrinum þannig að þú lærir á sem fjölbreyttastan hátt og taktu reglulega pásur.
- Passaðu að fá nægan svefn fyrir prófið þar sem breytingar á svefni geta aukið kvíða.
- Það er alltaf hægt að læra meira, en þegar þér finnst þú vera tilbúin/n skaltu gera eitthvað afslappandi og forðastu tilraunir til að fara aftur yfir lesefnið á lokastundu.
- Verðlaunaðu þig með því að gera eitthvað skemmtilegt að prófi loknu.

Á prófdaginn getur þú svo gert ýmislegt til þess að ná stjórn á kvíðanum og tryggja að þú sért undirbúin/n andlega fyrir próf. Passaðu að borða morgunmat og gera eitthvað afslappandi áður en þú ferð í prófið og forðastu að hendast yfir efnið „einu sinni enn", þar sem það truflar iðulega meira en það hjálpar. Mættu tímanlega í prófið og forðastu að umgangast samnemendur sem kunna að auka kvíða þinn. Þegar þú svo færð prófið skaltu fara vandlega yfir það og reyna helst að lesa tvisvar yfir allar leiðbeiningar. Líttu á prófið sem tækifæri til að sýna fram á allt sem þú veist um efnið, skipuleggðu þig vel og byrjaðu á því sem þér finnst einfaldast. Skipulag og vandvirkni eru mjög mikilvæg atriði í prófum, þar sem það getur komið í veg fyrir að maður lendi í tímaþröng og gerir það sem maður lætur frá sér skiljanlegra og kemur þannig í veg fyrir klaufavillur og illskiljanleg svör. Að prófi loknu skaltu svo forðast að velta fyrir þér mistökum og reyna að fara aftur yfir prófið í huganum heldur reyna að slaka á og leiða hugann að einhverju öðru.

Ein ástæðan fyrir því að við kvíðum prófum er sú merking sem við leggjum í þau. Okkur hættir til að líta á próf sem eitthvað meira en þau í raun eru og þannig hafa þau mun meiri merkingu fyrir okkur persónulega en þau ættu að gera. Þegar okkur kvíðir fyrir prófi hættir okkur til að hugsa um framtíðarmerkingu prófsins og gerum það gjarnan á afar neikvæðan hátt. Þessi neikvæði hugsunarháttur um merkingu prófsins fær okkur gjarnan til að bregðast við á neikvæðan hátt og gera hluti sem í raun auka kvíðann. Þannig reynum við til dæmis að læra allan sólarhringinn, hættum að gera allt sem við annars gerum reglulega, skipuleggjum okkur illa og reynum að komast yfir allt í einu. Að breyta þessu atferli og þeim neikvæðu hugsunum sem við upplifum fyrir prófið gerir okkur kleift að ná hámarks afköstum og minnkar þannig líkurnar á neikvæðum afleiðingum.

Gangi ykkur vel,

# Ágóðanum varið til forvarna

***Októberátak gegn brjóstakrabbameini undir merkjum bleiku slaufunnar gekk vel.***

Ágóði af bleiku slaufunni, sem nýlega var afhentur Krabbameinsfélaginu, var um ein 1,4 milljónir króna samkvæmt því sem kemur fram í frétt á vef krabbameinsfélagsins, www.krabb.is. Söfnunin fór þannig fram að á útsölustöðum Estée Lauder snyrtivara var bleikum slaufum dreift og tekið við frjálsum framlögum í sérmerkta söfnunarbauka.

Ágóðanum af bleiku slaufunni verður varið til forvarna og fræðslu um gildi brjóstaskoðunar og brjóstakrabbameinsleitar og verða verkefnin valin af Krabbameinsfélaginu og Samhjálp kvenna.

Krabbameinsfélagið metur mikils þennan stuðning við baráttuna gegn brjóstakrabbameini og þakkar öllum sem lögðu októberátakinu lið.

*- eö*

Margar byggingar voru baðaðar bleiku ljósi í október til að minna á átakið gegn brjóstakrabbameini. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Burt með frunsurnar

***Nýr frunsuplástur sem veitir skjótan bata kominn á markað.***

Plásturinn, sem kallast Compeed, á að minnka kláða og sviða og hraða því að sárið grói. Auk þess er því lofað að plásturinn loki sárinu, hindri smit og dragi úr líkum á hrúðurmyndun.

Frunusplásturinn er gerður úr þunnu, glæru efni, sem hleypir lofti í gegn, sýgur vökva úr sári og dregur úr sýnileika þess. Þeir sem vilja geta sett farða yfir plásturinn.

Compeed-frunusplásturinn fæst í apótekum um land allt.

## fyrsta hjálp }

### Hættuleg efni

EITRUNARMIÐSTÖÐUN HEFUR STARFAÐ Á LANDSPÍTALA FRÁ 1994. Á HEIMASÍÐU HENNAR ERU UPPLÝSINGAR UM HVERNIG BREGÐAST SKULI VIÐ ÞEGAR EINHVER VERÐUR FYRIR EITRUN.

Komist barn eða fullorðinn í tæri við hættuleg efni, eitraðar plöntur eða lyf, veitið fyrstu hjálp og hafið síðan strax samband við eitrunarmiðstöðina í síma 543 2222 til að fá leiðbeiningar um hvað eigi að gera. Símaþjónustan er opin allan sólarhringinn.

**Gott að hafa við hendina eftirfarandi upplýsingar:**
1. Hvaða efni og hversu mikið magn er um að ræða? (Hafið hjá umbúðir utan af lyfi eða efni þegar hringt er)
2. Aldur, kyn og þyngd viðkomandi.
3. Hvað er langt síðan atburðurinn átti sér stað?
4. Hvaða einkenni hafa komið fram?

**Fyrsta hjálp:**
**Ef efni berst í augu** er mikilvægt að skola það burt sem fyrst. Notið vatn og fáið einhvern til að hjálpa til ef hægt er, mikilvægt er að halda auganu opnu. Notið þægilega volgt vatn, fyllið hreint ílát til dæmis bolla, haldið auganu opnu og hallið höfðinu aftur og til hliðar og látið vatnið renna frá augnkrók þvert yfir augað. Haldið áfram í 15 mínútur.

**Inntaka**. Þynning er ráðlögð ef um er að ræða ertandi efni fyrir slímhúð í munni og hálsi til dæmis sápur, hreinsiefni og ýmis súr eða basísk efni. Meta skal þó hvert tilfelli fyrir sig. Ef alvarleg einkenni eins og slæmur verkur í vélinda eða maga eða öndunarerfiðleikar eru til staðar, á strax að leita læknishjálpar. Ef þessi einkenni eru ekki til staðar, drekkið 1-2 glös af vatni eða mjólk. Gætið þess þó að þröngva aldrei vökva ofan í fólk.
Ef um er að ræða inntöku á lyfjum getur þynning orðið til hins verra. Að drekka eða borða eftir lyfjainntöku getur líka orðið til þess að erfiðara verður að framkvæma magatæmingu ef nauðsynlegt er að gera það.

**Uppköst** eru aldrei ráðlögð í heimahúsi nema í sérstökum tilfellum (alltaf í samráði við eitrunarmiðstöð eða lækni). Ekki má nota saltvatn til að framkalla uppköst og ekki skal setja fingur í kok vegna hættu á meiðslum. Ef uppköst verða ósjálfrátt þarf að gæta að stöðu sjúklings svo sem að hann liggi alls ekki á bakinu.

**Innöndun.** Komið sjúklingi í ferskt loft og losið um föt sem þrengja að.

Ef eiturefni koma á húð skal skola með miklu vatni og mildri sápu, fjarlægja föt og skartgripi.

Hauskúpumerki SS

Eitt með öllu

Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Dæmi: 160 x 200 cm kr. 369.900 stgr.

JÓLAPAKKI
að verðmæti kr. 31.580 fylgir öllum stillanlegum hjónarúmum
2 IQ-CARE heilsukoddar
2 hlífðardýnur og 2 lök

Mest selda stillanlega rúmið
Frábær reynsla

PROFLEX
Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Dæmi: 160 x 200 cm kr. 219.900 stgr.

Bjóðum upp á fría þrýstijöfnunarmælingu sem greinir hvaða dýna hentar þér best

Opið alla daga fram að jólum

Frí heimsending og uppsetning á stillanlegum rúmum. Frí heimsending á öllum heilsudýnum.
Gildir á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri og nágrenni. Safnsendingar sjá www.svefn.is

Chiropractic

Sú besta
samkvæmt stærstu samtökum kírópraktora í heimi

Ný sending af svefnsófum

JÓLAPAKKI
fylgir öllum heilsurúmum
Dæmi: Queen kr. 22.180
Dæmi: King kr. 24.680
Pífa, hlífðardýna og 2 lök

Þýskar hágæðasængur
betty www.betty.de
NASA Outlast með 100% hvítum Síberíu gæsadúni • Thalascá dúnsængur og koddar fyrir asmasjúklinga. • Thinsulate sængur. www.thinsulate.com • Sængur úr camelhárum, silki eða kasmír • Sensofill sængur og heilsukoddar

MINE silkidamask sængurverasett í gjafapakkningum

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150

STÆRSTA HEILSUVÖRUVERSLUN Á LANDSBYGGÐINNI
Póstsendum um land allt
Heilsu-hornið
Glerártorg Akureyri S: 462-1889
heilsuhorn@simnet.is
www.simnet.is/heilsuhorn

Kröftugu Detox tækin komin




Hjálpar líkamanum að hreinsa eitur og úrgangsefni úr sogæðakerfinu.
Pantanir óskast sóttar sem fyrst, takmarkað magn.
Uppl. Í símum 692-9079 (þóra) / 892-8861 (Sóley)

alltmatur
Alla föstudaga

Þóroddur er líka meðlimur í kórnum Vox academica og undirbýr nú tónleika sem haldnir verða í Grafarvogskirkju klukkan 20.00 á föstudag, þar sem fyrsti hluti Messíasar eftir Händel verður fluttur auk Magnificat eftir Bach. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Vasa-gangan er draumur hvers skíðagöngumanns

***Þóroddur F. Þóroddson, sérfræðingur við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda hjá Skipulagsstofnun, mun í mars leggja af stað í 90 km göngu.***

Þóroddur notar frídagana um jólin til æfinga á gönguskíðum. Ætlar að ganga á Esjuna ef með þarf, aka norður eða fara dagsferð upp á jökla.

„Gangan nefnist Vasa-gangan og er farin frá Salem suður til Mora í Svíþjóð," útskýrir Þóroddur. „Það er ræst klukkan átta um morguninn og hafa menn tólf tíma til að ljúka göngunni. Síðan eru sex hlið á leiðinni sem menn verða að ná á tilsettum tíma, annars eru þeir úr leik."

Vasa-gangan er að sögn Þórodds draumur hvers skíðagöngumanns. Sá draumur rættist reyndar í hans tilfelli á þessu ári þegar hann tók þátt ásamt bróður sínum og sonum hans. Vegna lélegs ásigkomulags hafi hann hins vegar orðið frá að hverfa eftir 45 km.

„Ég ætla að vera betur undirbúinn fyrir næstu göngu svo leikurinn endurtaki sig ekki," útskýrir Þóroddur. „Af þeim sökum hjóla ég, skokka og er á hjólaskíðum til að bæta þolið. Svo var ég í 25 manna æfingabúðum í nóvember á Ísafirði. Ég ætla líka að gæta þess að ná góðri hvíld fyrir keppnina. Í göngunni mun ég síðan klæðast sérstökum fatnaði, það er léttum skíðagalla, og mun nærast vel, en margar drykkjarstöðvar verða á leiðinni."

Þess skal getið að Þóroddur er enginn nýgræðingur heldur alvanur skíðagöngumaður. Til marks um það hefur hann gengið á 62 tinda af 151 í bókinni Íslensk fjöll, farið nokkrar þriggja til fjögurra daga bakpokaferðir og gengið á skíðum yfir Vatnajökul. Hann gekk í einn dag í Chile og fjóra daga á Nýja-Sjálandi árið 2004, sextán daga í Nepal og átta í Eþíópíu árið 2005. Hefur Þóroddur gengið 865 km frá ársbyrjun 2006 fram til 31. október. Vonandi að sú reynsla komi að góðum notum í mars á næsta ári.

Útivera er þó ekki eina áhugamál Þórodds því söngur er honum einnig ofarlega í huga. Milli þess sem hann æfir sig á gönguskíðum æfir hann fyrir tónleika með kór sínum Vox academica. Á dagskránni er að syngja verkin Magnificat eftir Bach og Messías eftir Händel 15. desember næstkomandi í Grafarvogskirkju klukkan 20.00.

*roald@frettabladid.is*

## Áhugi á úrbótum geðheilbrigðismála

FJÁRÖFLUN SEM SPARISJÓÐURINN HEFUR STAÐIÐ FYRIR TIL STYRKTAR VERKEFNUM Á SVIÐI GEÐHEILBRIGÐISMÁLA, ÞÚ GEFUR STYRK, FER VEL AF STAÐ.

„Við erum himinlifandi yfir góðri þátttöku," segir Margrét Tryggvadóttir, forstöðumaður markaðssviðs Sparisjóðsins. „Á þeim tæpa hálfa mánuði síðan átakið fór af stað, hafa ellefu miljónir króna safnast, en við settum okkur það markmið að safna 25 milljónum fram til jóla," bætir hún við.

Margrét segir viðskiptavinum gefast kostur á að velja sér eitt af átta verkefnum sem tengjast átakinu og Sparisjóðurinn leggi þá fram 1.000 krónur til þess. Viðskiptavinir þurfi ekki að greiða neitt, en þeim sé þó frjálst að leggja fram fé.

„Hugmyndin með átakinu er fyrst og fremst sú að kynna verkefnin átta fyrir almenningi, enda brýn þörf á bæta geðheilbrigðismál hérlendis þar sem þetta málefni snertir marga," heldur Margrét áfram. „Með kynningu vonumst við jafnframt til að draga úr fordómum."

Margrét er ánægð með áhuga landsmanna á verkefninu Þú gefur styrk, sem er ætlað að styrkja verkefni á sviði geðheilbrigðismála. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Hægt er að koma við í næsta Sparisjóði eða fara inn á vefsíðuna www.spar.is til að kynna sér málefnið og leggja því lið. Menn þurfa ekki að vera viðskiptavinir Sparisjóðsins til að geta tekið þátt. *roald@frettabladid.is*

# Tölvur og tækni

## EFNISYFIRLIT

**BLEIK TÆKNIVÆÐING**
*Bæði fyrir stráka og stelpur*
BLS. 2

**NINTENDO WII**
*Ný Nintendo slær í gegn*
BLS. 4

**TÖLVUTÖSKUR**
*Heimili fartölvunnar*
BLS. 4

**PEGI-KERFIÐ TIL BJARGAR**
*Veldu réttan tölvuleik* BLS. 6

**NÝR HEIMUR OPNAST**
*Námskeið fyrir byrjendur*
BLS. 6

**FYRSTA LEIKJATÖLVAN**
*Saga Ralphs Baer* BLS. 6

**TÖLVUTÓNLISTIN**
*Ekki eru öll lög ástarlög*
BLS. 10

# Bleik fartölva málið í dag

Bleiki liturinn er ekki aðeins ráðandi í fatnaði heldur herjar hann líka á tækniheiminn.

Hinn 8. nóvember síðastliðinn kom á markaðinn ný Playstation-leiktölva í takmörkuðu upplagi. Það er kannski ekki í frásögur færandi nema að leiktölvan er í bleikum lit. Salan á tölvunni hefur gengið betur en haldið var og ekki þá bara hjá stelpum heldur eru strákarnir líka að tapa sér yfir þessu bleika undri.

Undanfarið er bleiki liturinn búinn að ryðja sér meira til rúms í rafrænum vörum og eru fyrirtæki eins og Apple, Nokia, Vaio og fleiri farin að framleiða vörur sínar í bleikum lit. Eins og það sannaðist með Playstation er kominn markaður fyrir fólk sem vill fá hluti í litríkara formi en í hinum staðlaða svarta eða silfurgráa lit. Enda er bleiki liturinn „hinn nýi svarti.“

*- óhó*

Bleik iBook-tölva.

Bleik playstation-tölva.

Bleikur farsími frá Nokia sem kemur á markaðinn janúar 2007.

Bleikur farsími frá Samsung.

Bleikur iPod Shuffle.

Bleik fartölva frá Sony-tölvufyrirtækinu.

iPod fyrir tyggjókynslóðina.

# Ný nálgun á tölvuleiki

Nintendo Wii slær í gegn um gjörvallan heim enda gædd spennandi nýjungum.

„Þetta er fimmta kynslóð leikjatölva frá Nintendo-fyrirtækinu og hefur hún slegið rækilega í gegn,“ segir Rúnar Hrafn Sigmundsson, starfsmaður hjá Bræðrunum Ormsson.

Til marks um eftirspurn seldust 50.000 eintök Nintendo Wii á einungis sex klukkustundum í Bretlandi. Hérlendis seldist fyrsta sending af leikjatölvunni upp í forpöntun hjá Bræðrunum Ormsson og er næsta sending einnig upppöntuð. Verður þriðja pöntunin tekin inn hjá fyrirtækinu fyrir jól, svo menn geta enn orðið sér úti um eintak.

„Vinsældir Nintendo Wii eru ekki ástæðulausar, þar sem tölvan er gædd ýmsum spennandi nýjungum,“ útskýrir Rúnar. „Ber þar fyrst að nefna þráðlausa fjarstýringu, með fullri þrívíðar-skynjun sem þýðir að tölvan skynjar allar handahreyfingar nær og fjær. Mönnum nægir einfaldlega að miða á skjáinn

Nintendo-fyrirtækið hefur verið duglegt við að framleiða alls kyns fylgihluti með tölvunum sínum.

í skotleikjum og hleypa af.“ Rúnar bætir við að tölvunni fylgi svokölluð „nun-chuck“, sem er „anolog“ stýripinni. „Í því tilviki er um að ræða hefðbundinn leikjatölvu-stýripinna,“ útskýrir hann. „Maður stýrir persónum á gamla mátann með þessari gerð stýripinna, færir þær úr einum stað í annan. Þráðlausu fjarstýringuna notar maður til að stýra hreyfingum höfðus og handa.“

Ekki nóg með að Nintendo Wii sé gædd ofangreindum eiginleikum heldur munu eigendur hennar geta spilað við aðra leikmenn á netinu, þegar opnað verður fyrir sérstaka vefsíðu í síðari hluta desember. „Tölvan er í raun sítengd netinu,“ segir Rúnar. „Auk þess að geta spilað við aðra leikmenn munu eigendur geta vafrað um á netinu og hafa aðgengi að fréttaog veðurssíðum.“

Þess má loks geta að allir klassísku Nintendo-leikirnir standa notendum til boða á netinu gegn gjaldi og verður hægt að spila þá í nýju Nintendo-tölvunni. Nintendo Wii mun því vafalaust vekja upp nostalgíu hjá einhverjum um jólin.

*- rve*

Nintendo Wii hefur slegið í gegn um heim allan, en í Bretlandi seldust upp 50.000 eintök á einungis sex klukkustundum.

# start

TÖLVUVERSLUN

# NÝ OG BETRI VERSLUN Í SÍÐUMÚLA 35

**149.900.-**
**Flottasta HP vélin!**

HP pavilion dv6095 - AMD Turion 64 X2
2GB DDR2 667MHz, 100GB SATA 5400rpm,
15.4" WXGA BrightView Widescreen,
NVIDIA Geforce 720 - Innbyggð 1.3 vefmyndavél

**35.990.-**
Samsung 931C 19"
Besti 19" skjárinn í dag!
2000:1 - sá skarpasti!
2ms - sá hraðasti

**Hvergi ódýrari!**
19.990 á BT.IS
16.999 á almax.is

**15.990.-**
HP Photosmart D7160
10x15cm ljósmynd á 12 sek.
1200x1200dpi í svörtu,
4800x1200dpi í lit
Innbyggður LCD skjár

**15.900.-**
Sarotech Abigs 3.5"
Frábær sjónvarpsflakkari,
spilar myndir og tónlist í
sjónvarpinu þínu.

**start.is**

Síðumúla 35, Reykjavík — Sími 534 0500
Bæjarlind 1, Kópavogi — Sími 544 2350

# Tölvan fína í réttri tösku

Í dag erum þeytumst við langflest um með fartölvur. Mikilvægt er að búa vel um þær svo tölvurnar verði ekki fjölbreytileika íslenska veðursins að bráð.

Fartölvurnar þola mismikið og á Íslandi marg borgar sig að eiga góða fartölvutösku. Það er gaman að eiga fallegar töskur með skemmtilegu munstri en það er líka mikilvægt að taskan verji tölvuna vel og fari vel með bakið. Sumir vilja skondrast um með fín tölvuveski en aðrir vilja bakpoka. Hjá Apple í Kringlunni eru töskurnar á kr. 7.900-21.990 og hjá Ormsson eru þær á kr. 2.350-10.900.

*-rh*

Apple.

Apple.

Apple.

Apple.

Bræðurnir Ormsson.

Bræðurnir Ormsson.

Bræðurnir Ormsson.

Bræðurnir Ormsson.

Bræðurnir Ormsson.

Bræðurnir Ormsson.

Bræðurnir Ormsson.

# Dansandi vélmenni og glefsandi risaeðla

Flest börn hafa látið sig dreyma um að leikföngin þeirra lifni við. Sá draumur er ekki fjarri því að verða að veruleika í nýjustu leikföngunum, þeim robosapien og roborabtor sem eru fjarstýrð leikfangavélmenni. Robosapien sem lítur út eins og Storm trooper í Star Wars á sterum og minnir jafnvel á vélmennið í myndbandi Bjarkar við lagið All is Full of Love, er hannaður af eðlisfræðingi sem er sérfræðingur í vélmennum og vann hjá NASA. Fyrirtækið Wowwee, sem sér um framleiðsluna á robosapien og hinni glefsandi risaeðluroboraptor, hefur það að markmiði að innleiða nýjustu tækni í leikföng. Roboraptor býr yfir t.d. yfir gervigreind en nýjasta afsprengi fyrirtækisins er sjimpansi sem lítur mjög raunverulega út og getur haft samskipti við fólk. Sjá www.wowwee.com.

WWW.SVAR.IS

# BESTU SJÓNVÖRPIN

## ERU ÓDÝRUST HJÁ SVAR TÆKNI*

SÆTI Í FLOKKI 1 LCD SJÓNVARPA

2 ÁRA ÁBYRGÐ

**Panasonic** 32” LCD 32LX60

HD Ready
1366x768 Upplausn
1200:1 Skerpa
500 cd/m2 birtustig
8 ms Svartími
2x Scart tengi, 2x HDMI tengi
V-Real myndvél skilar betri mynd

Sparaðu 50.000-

**TILBOÐ: 159.900-**

ALGENGT VERÐ: 209.900-

Í sameiginlegri gæða og verðkönnun ICRT (International Consumer Research and Testing) og Neytendasamtakanna eru LCD og Plasma sjónvörpin frá Panasonic ótvíræðir sigurvegarar! Í flokki plasma sjónvarpa hirti Panasonic öll þrjú efstu sætin sem sýnir gríðarlega yfirburði.

32” LCD sjónvarpið frá Panasonic fær einnig hæstu einkunn í flokki LCD sjónvarpa. Sjónvörpin voru metin út frá myndgæðum, hljóðgæðum, textavarpi, notendaviðmóti og orkunýtingu. Það sem vekur einnig sérstaka athygli er að Svar tækni býður í flestum tilfellum einnig lægsta verðið á þessum sjónvörpum!

KYNNTU ÞÉR NIÐURSTÖÐURNAR NÁNAR Í NÝÚTKOMNU NEYTENDABLAÐI NEYTENDASAMTAKANNA

SÆTI Í FLOKKI 1 PLASMA SJÓNVARPA

Sparaðu 130.000-

**Panasonic** 42” PV600 PLASMA

1024x768 upplausn / 10.000:1 skerpa
litafjöldi 29 milljarðar / Real-Black Drive System
V-Real myndvél skilar betri mynd / rauf fyrir SD minniskort sýnir ljósmyndir á sjónvarpinu
Mynd í mynd / Fótur á mynd fylgir ekki

**TILBOÐ: 299.900-**

FULLT VERÐ: 429.900-

SÆTI Í FLOKKI 2 PLASMA SJÓNVARPA

Sparaðu 30.000-

**Panasonic** 42” PA60 PLASMA

852x480 upplausn / 10.000:1 skerpa
litafjöldi 29 milljarðar / Real-Black Drive System
V-Real myndvél skilar betri mynd

**TILBOÐ: 219.900-**

FULLT VERÐ: 249.900-

SÆTI Í FLOKKI 3 PLASMA SJÓNVARPA

Sparaðu 60.000-

**Panasonic** 42” PV60 PLASMA**

1024x768 upplausn / 10.000:1 skerpa
litafjöldi 29 milljarðar / Real-Black Drive System
V-Real myndvél skilar betri mynd
Fótur á mynd fylgir ekki

**TILBOÐ: 259.900-**

FULLT VERÐ: 319.900-

* Skv. sameiginlegri gæða- og verðkönnun ICRT (International Consumer Research and Testing) og Neytendasamtakana haust 2006.

** Í könnun var útgáfan PX60 sem hefur einungis stafrænan móttakara fram yfir PV60.

svar tækni

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SVAR.IS - SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

# Fyrsta leikjatölvan

Fyrsta leikjatölva fyrir sjónvörp leit dagsins ljós í Bandaríkjunum árið 1968 og hlaut nafnið Odyssey. Tölvan sem var kölluð brúna boxið varð ekki langlíf, en er engu að síður formóðir þeirra sem við þekkjum og notum í dag.

Árið 1966 voru leikjatölvur aðeins í spilahöllum þar sem leikirnir voru í þar til gerðum spilakössum. Þýskættaði verkfræðingurinn Ralph Baer fékk síðan þá flugu í hausinn að nota mætti sjónvarpið til annars en venjulegra útsendinga, nefnilega tölvuleikja.

Baer var menntaður innan útvarps- og sjónvarpsfræða og hafði meðal annars unnið fyrir bresku leyniþjónustuna í heimstyrjöldinni síðari. Hann vann sleitulaust að hugmynd sinni í tvö ár ásamt aðstoðarmönnum. Árið 1968 var brúna boxið tilbúið, ásamt 12 tölvuleikjum, þar á meðal Ping pong sem flestir kannast við.

Sjónvarpsframleiðendur höfðu enga trú á fyrirbærinu, þar til hugsjónamenn hjá sjónvarpsframleiðandanum Magnavox sannfærðust. Þremur árum síðar var tölvan tilbúin fyrir Bandaríkjamarkað og var sýnd úti um allt land á hinum ýmsu ráðstefnum og mörkuðum. Tölvan varð ekki langlíf en hafði þó gríðarleg áhrif á leikjatölvur framtíðarinnar. Enda var það einmitt á einni slíkri sýningu sem ungur maður heillaðist upp úr skónum og þróaði nýja leikjatölvu að nafni Atari. Ralph Baer hélt áfram sínu frumkvöðlastarfi og þróaði meðal annars stimpilklukku hjá IBM sem er enn notuð um allan heim. *-rh*

Leikjatölvur voru aðeins í spilahöllum þar til Ralph Baer fékk þá hugmynd að nota sjónvörp til tölvuleikja árið 1968.

Þýskættaði verkfræðingurinn Ralph Baer er faðir fyrstu sjónvarpsleikjatölvunnar og Ping pong leiksins sem flestir kannast við.

Haukur kennir byrjendum á tölvur í Mími-símenntun og segir að allir geti lært á þær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Mörgum opnast nýr heimur

Tölvunámskeið fyrir byrjendur hafa verið mjög vinsæl og mörg stéttarfélög standa til dæmis fyrir slíkum námskeiðum. Hjá Mími-símenntun eru haldin tölvunámskeið fyrir byrjendur á öllum aldri og einnig boðið upp á sérstök námskeið fyrir eldri borgara.

Haukur Harðarson kennir á tölvur hjá Mími-símenntun og hann segir að námskeiðin hjá þeim séu fyrst og fremst hugsuð fyrir þá sem hafa aldrei notað tölvur og kunna ekki neitt. „Við byrjum hreinlega á að kenna fólki að kveikja á tölvunum," segir hann. „Við förum svo í þessi grunnatriði eins og að fara á netið, taka á móti tölvupósti og nota Word," bætir hann við.

Byrjendanámskeiðin eru fyrir fólk á öllum aldri og eru haldin á kvöldin. „Flestir sem koma til okkar eru eldri en þrjátíu ára, því yngra fólkið hefur náttúrulega fengið einhverja kennslu í skólunum. Í rauninni þarf svolítið að meta hópinn hverju sinni, hvar hann er staddur, en við erum fyrst og fremst að kenna þennan grunn. Fólk er aðallega að hugsa um að geta komist í gegnum heimilistölvuna inn í allt sem er orðið svo einfalt að sinna á Netinu eins og fjármál í gegnum heimabanka."

Mímir býður einnig upp á tölvunámskeið fyrir eldri borgara sem eru haldin á daginn og hafa verið mjög vel sótt. "Eldra fólkið fær oft á tilfinninguna að það sé að fjarlægjast börnin og barnabörnin ef það hefur ekki vald á tölvutækninni. Það vill geta skrifast á við börnin sem búa erlendis í gegnum tölvupóst og skoðað nýjustu myndirnar af barnabörnunum á Barnalandi. Við horfum líka á þessar praktísku hliðar því það er svo margt sem er ekki hægt að gera nema í gegnum tölvu, eins og að panta sér flug til Akureyrar á Netinu eða leita að ódýru flugfari út í heim."

Námskeiðin eru haldin á hverri önn og eru tuttugu kennslustundir hvert. „Við erum með litla hópa, svona tíu manns, sem gefur okkur færi á að sinna hverjum og einum vel. Við reynum að tala um alla hluti á mannamáli og ég vil meina að allir geti lært á tölvur þó að það geti tekið fólk mislangan tíma. Í flestum tilvikum getur fólk notað tölvuna sína sem samskiptatæki eftir svona námskeið og fyrir sumum opnast alveg nýr heimur."

Haukur segir að auk byrjendanámskeiðanna sé boðið upp á námskeið þar sem fólki er kennt á stafrænu myndavélarnar sínar. „Nánast allir eru komnir með stafrænar vélar en svo gerist það kannski þegar fólk er búið að taka fullt af myndum að það lendir í vandræðum með að færa þær yfir í tölvurnar sínar. Við kennum fólki að færa myndirnar, byggja upp geymslu utan um þær, hvernig á að vista þær þannig að þær séu öruggar og smávegis í myndvinnslu Þessi námskeið hafa

# Það sem koma skal

Tækninni hefur fleytt fram í sjónvarpsheimum og eru nýjustu tækin HD flatskjáir. En hvað er HD?

Meiri skerpa og hærri upplausn á sjónvarpsefni er það sem HD sjónvörp bjóða upp á, en HD er skammstöfun á high defintion. "Þetta er eins og að horfa á ljósmynd í mjög góðri upplausn, nema að myndin er lifandi," segir Daníel Rúnarsson, markaðsstjóri Svartækni, sem segir HD-sjónvörp vera það sem koma skal. Íslenskar sjónvarpsstöðvar hafa ekki enn hafið ústendingar í HD en líklegt er að það verði að veruleika innan tveggja ára þar sem bæði Stöð 2 og RÚV hafa tekið frá rásir til að senda út sjónvarpsefni í HD. Daníel segir það þó ekki nauðsynlegt fyrir fólk að hafa HD sjónvarpstæki til að taka á móti HD útsendingu, því önnur sjónvörp geti tekið á móti henni, nema þau breyta henni í þá upplausn sem tækið ræður við. "Sjónvarpsefni í HD er nú þegar sent í gegnum gervinhnött og geta því þeir sem eru með gervihnetti notið þess," segir Daníel.

Upp úr áramótum munu svo koma á markaðinn dvd spilarar sem spila HD efni.

Úrvalið af sjónvarpstækjum er mikið og getur sumum þótt það mikill frumskógur. Íslensku neytendasamtökin lögðu þó sitt af mörkum á dögunum til að auðvelda fólki valið og birti gæðakönnun á stórum sjónvarpstækjum. Var þeim skipt í LCD, Plasma tæki og önnur tæki. Í flokki LCD tækja fékk Panasonic TX-32LX60F hæstu einkunn en í flokki plasma tækja fékk háskerpusjónvarpið Panasonic TH-42PV600 hæstu einkunn.

Nýverið gerði íslensku neytendasamtökin ásamt ICRT gæðakönnun á sjónvarpstækjum og þar var háskerpwustjónvarpstækið Panasonic TH-42PV600 í efsta sæti í flokki plasma sjónvarpa.

# Réttur leikur fyrir réttan aldur

Ekki er heiglum hent fyrir fullorðna fólkið að velja tölvuleik sem hæfir aldri barnanna.

Að velja tölvuleiki getur verið heldur flókið. Úrvalið er gríðarlegt og oft erfitt að vita hvaða leikir henta hvaða aldurshópum. Þeir sem lítið vit hafa tölvuleikjum ættu því að gleðjast yfir tilkomu PEGI-tölvuleikjamerkingarkerfisins.

Af sérstökum ástæðum fæst 9 mánaða labrador hvolpur gefins á gott heimili. Uppl. í s. 567 6691 & 821 6691.

Fræðslufundur um flugeldahræðslu hjá hundum 14. des kl.20. Skráning í nr. 897 1525 eða sif@dyrin.is Sif Traustadóttir dýralæknir.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Guesthouse**

Herbergi frá 40 þús. pr. mán. Uppl. í s. 869 3531

Sumarhús/heilsárshús, 103 fm örskammt norðan Mosfellsbæjar. 3-4 svefnherbergi, leiga aðeins 80 þús/mán+hiti&rafmagn. Uppl. í s. 822 0493.

2ja og 4ja herb. íbúðir til leigu í Hafnarfirði. Uppl. í s. 895 1696.

## Húsnæði óskast

Smiður með 2 börn óskar eftir 3ja -4ra herbergja íbúð í Hlíðunum eða nágrenni. Uppl. í s. 847 1481.

## Atvinnuhúsnæði

35 fm kjallaraherbergi til leigu á Skólav. stíg. Hentugt fyrir léttan iðnað. Uppl. í s. 553 1293 & 552 1355.

## Geymsluhúsnæði

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is www.geymslaeitt.is

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

S.l. fimmtudag týndist þessi köttur á Reykjavíkurflugvelli þeir sem hafa hans orðið varir eru vinsamlega beðnir um að hafa samband við Sólveigu. Meðfylgjandi sendi ég mynd af Grímu og hér eru upplýsingar með: Gríma 8 ára læða. Dökkbrún með ljósbrúnum yrjum og mjög loðin, ca. 5,5 kg. Eyrnamerkt, örmerkt og með ljósbleika hálsól. Bergstaðastræti 33, s. 661 5754 og 551 2988.

Loðhúfa, brúnleit, alhærð, tapaðist á mótum Laugavegar og Smiðjustígs að kvöldi 2. des. Sími 860 2698. Góð fundarlaun.

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Jólatilboð í gangi. Hafðu samband í síma 869 6914.

Langar þig í gott nudd? Hringdu í s. 662 0841.

Karlmaður um fimmtugt óskar e. að kynnast konu á svipuðum aldri m. vináttu og ferðal. í huga (er einmana um jólin). Svör sendist m. nafni og s. merkt „ betri jól" fyrir 15 des.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**American Style**
**Vantar þig góða aukavinnu með skólanum eftir áramót? Lausar stöður á American Style í Tryggvagötu, Bíldshöfða og Nýbýlaveg.**
**Enga feimni, sæktu um á americanstyle.is**

**Eldhús og ræsting. Móttökueldhúsið Norðurbrún 1 Vilt þú vinna með okkur? Komdu í heimsókn !**
**Í boði er hlutavinna eða heilsdagsvinna með eða án helgarvinnu. Starfi í eldhúsi getur fylgt ræsting í matsal.**

**Við bjóðum upp á:**

**Fjölbreytni í starfi**

**Sveigjanlegan vinnutíma**

**Góðan liðsanda.**

**Starsfmaður þarf að geta hafið störf sem fyrst.**
**Laun samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkur og Eflingar.**

**Nánari uppl. veitir Sigríður Ólafsd. s. 568 6960, netfang: sigridur.olafsd@reykjavik.is**

**Frístundaheimili**
**Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.**
**Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.**

**Kaffihús, Bakarí**
**Bakarameistarinn, Smáratorgi, Austurveri, Suðurveri, Glæsibæ og Mjódd óskar eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19 og 13-19 og 07-13 og 08.00 - 16.00. Einnig laus helgarstörf. Góð laun í boði.**
**Uppl. í s. 897 5470 til kl.17.00.**
**Einnig umsókareyðublöð http://www.bakarameistarinn.is**

**Hreingerningar/bónun**
**Ræstingaþjónustan sf óskar eftir að ráða hrausta starfsmenn í framtíðarstörf við aðalhreingerningar og bónvinnu. Mikil vinna framundan.**
**Nánari upplýsingar gefur Þráinn í síma 821-5050, á skrifstofutíma.**

ÍTALÍA

**Skrifstofu- og bókhaldsstarf**
**Veitingahúsið Ítalía leitar eftir starfsmanni í hlutastarf á skrifstofu. Starfið felur í sér umsjón með bókhaldi og launakerfi fyrirtækisins, ásamt almennum skrifstofustörfum og öðrum tilfallandi verkefnum. Reynsla af færslu bókhalds nauðsynleg.**
**Nánari upplýsingar eru gefnar í síma 562 4630 eða með tölvupósti á italia@italia.is**

**Kokkarnir veisluþjónusta.**
**Við leitum eftir manneskju í afgreiðslu í Osta- og sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni. Einning vantar okkur manneskju í Osta- og Sælkeraborðið í Hagkaupum Smáralind til afgreiðslu. Okkur vantar líka aukafólk seinnipart viku í bæði borðin. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi mikinn áhuga á mat og matargerð.**
**Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík**

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

MS Reykjavík óskar eftir að ráða bílstjóra með meirapróf til vörudreifingar á höfuðborgarsvæðinu. Nánari upplýsingar veitir Þórður í síma 569 2320.

Múrland ehf. óskar eftir að ráða Íslending vönum múrverki til starfa, mikil vinna framundan, góð laun í boði, reglusemi og góð mæting skilyrði. Uppl. í síma 661 7099.

**Barnafataverslun.**
Óska eftir góðum starfsm. í hlutastarf. Reyklaus. S. 694 2171.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

## ATVINNA

das HRAFNISTA

**NÁMSMENN**

**Vantar ykkur vinnu um jól og áramót eða kannski til lengri tíma ?**

**Við á Hrafnistuheimilunum erum að leita að fólki til umönnunarstarfa á flestar deildir okkar.**

**Við erum að leita að fólki á öllum aldri sem hefur áhuga á að vinna gefandi starf í þágu aldraða.**

**Um er að ræða vaktavinnu og er starfshlutfall og vinnutími sveigjanlegur.**

**Þroskandi og gefandi störf með góðu fólki.**

**Ef þú hefur áhuga þá endilega hafðu samband við okkur á Hrafnista.is eða hringdu í okkur í síma 585-9529**

# TILKYNNINGAR

Hjálpartækjamiðstöð Tryggingastofnunar við Smiðjuveg 28, Kópavogi, verður lokuð miðvikudaginn 13. desember vegna starfsdags starfsmanna.

Starfsfólk hjálpartækjamiðstöðvarinnar.

# TILBOÐ

## TRÉSMÍÐAVÉLAR

Tilboð óskast í eftirtaldar trésmíðavélar í eigu þrotabú Tegra innréttinga ehf.

**Cehisa kantlímingarvél 403 árg. 1996.**
**Lasm kantslípivél LBK 150 m/framdr. árg. 2000.**
**Steton plötusög 402,6 árg. 1996.**
**Viet þykktarslípivél 221A KRR+R, árg. 2000.**
**Renner skrúfupressa RS 9,0 comp. árg. 2000.**
**Spónsog Maxiquapp 4/16 árg. 2002.**
**Steinberg sambyggð af eldri gerð.**
**Kuper spónsaumavél óvíst um árg.**
**Geirskurðarhnífur óvíst um árg.**
**Lakkdælur Wagner Colora 2 stk.141/201 árg. 98/99.**
**Danfugt rakatæki veggf. 2 spíss. Digit. árg. 2000.**
**Lakkklefi m/útsogi árg. 1999.**

Tækin verða til sýnis að Eyjaslóð 3 Reykjavík, **miðvikudaginn 13. desember n.k.,** frá kl. 16:30 til 18:30. Tilboðum skal skilað á sýningarstað sama dag eða á skrifstofu Lögmanna Hafnarfirði ehf., Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði fyrir kl. 15:30 14. desember nk.

Ingi H. Sigurðsson, hdl.,

skiptastjóri.

**Starfsmaður Landsskrifstofu**

**Ungmennafélag Íslands hefur tekið að sér rekstur Landsskrifstofu fyrir ungmennaáætlun Evrópusambandsins Youth in Action 2007-2013.**

Landsskrifstofan leitar að starfsmanni í fullt starf.
Um er að ræða mjög fjölbreytt og skemmtilegt starf sem krefst sjálfstæðis og öruggrar framkomu. Starfsmaðurinn þarf að ferðast nokkuð bæði innanlands og erlendis.

**Starfssvið er meðal annars:**
- Samstarf við æskulýðsfélög og æskulýðssamtök sem vinna með ungu fólki.
- Kynna áætlunina, umsóknarfresti og miðla upplýsingum til væntanlegra umsækjenda.
- Eiga samstarf við Framkvæmdastjórn ESB vegna reksturs áætlunarinnar.
- Vinna mat á styrkumsóknum og forgangsraða fyrir valnefnd.
- Gera samninga um verkefni sem hljóta styrki.

**Hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi.
- Mjög góð enskukunnátta, bæði í máli og riti.
- Kunnátta í Norðurlandamáli eða frönsku er kostur.
- Sjálfstæði í starfi.
- Góðir samskiptahæfileikar.
- Auðvelt með að halda kynningar og námskeið.
- Áhugi á því að vinna með og fyrir ungt fólk.

**Umsóknarfrestur er til 20. desember**

- Skriflegri umsókn með upplýsingum um fyrri störf, menntun og reynslu skal skila til Þjónustumiðstöðvar UMFÍ, Fellsmúla 26, 108 Reykjavík, **fyrir 20. desember 2006**. Umsóknir má einnig senda í tölvupósti á umfi@umfi.is fyrir sama tíma.
- Allar nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma **568 2929**.

843-INDIGÓ

Menntamálaráðuneytið — Ungmennafélag Íslands

# HVUNNDAGURINN

## *Fastakúnnarnir eru yndislegir*

Hildur Friðriksdóttir vaknar eldsnemma á hverjum morgni þegar dæturnar Steingerður og Þura vakna. Eftir að hafa komið þeim í pössun fær hún smá púst áður en dagurinn byrjar. „Það er frábært að setjast aðeins niður, borða morgunmat, og fletta Fréttablaðinu áður en ég fer í vinnuna," segir Hildur. Hún er eigandi Tes og kaffis sem kúrir á góðum stað í Hafnarstræti í miðbæ Akureyrar. Þegar hún opnar kl.10.00 streyma að fastagestir sem eru forsenda fyrir góðum degi hjá Hildi. „Það yndislegasta við starfið mitt eru fastakúnnarnir. Maður upplifir algjört þversnið af þjóðfélaginu, þar sem fólk úr öllum stéttum og á öllum aldri kemur til að fá kaffið sitt og segir manni nýjustu fréttir." En það eru samt ekki allir á eitt sáttir um opnunartímann hjá Hildi. „Verkamennirnir fara í kaffi hálf tíu og finnst að ég ætti nú að opna fyrr, svo ég er að skoða þann möguleika. En það verður reyndar opið fram á kvöld núna fyrir jól," segir Hildur hlæjandi. Eftir góðan tíma með fastakúnnunum fer Hildur að sinna öðrum störfum verslunarinnar. „Í fyrstu reiknaði ég með að hafa sérhæfða verslun með kaffi og ráðgjöf og aðeins kaffibar til að gefa staðnum karakter, en dæmið hefur alveg snúist við og Akureyringar voru svo sannarlega tilbúnir í „take away" menninguna," segir Hildur. Gestir geta einnig fengið alhliða kaffiþjónustu, enda Hildur með langa reynlsu og þekkingu á kaffi. „Ég gef ráð um kaffitegundir, hvernig á að hella upp á eða laga kaffi ásamt könnum og vélum." Það er að mörgu að huga fyrir jólin svo Hildur fær sem betur fer dygga aðstoð á meðan hún sér til þess að nóg sé af súkkulaði og kaffi ásamt góðum gjöfum í hillunum fyrir jólin. Þegar degi lýkur rétt rúmlega sex fer Hildur beint heim í mat. „Ég er svo vel gift að maðurinn minn er alltaf búinn að ná í börnin og elda," segir Hildur brosandi. Deginum lýkur með fjörugum dömum, eins og þriggja ára, sem fara í rúmið um áttaleytið og mömmu og pabba sem hafa það huggulegt með kertaljós og góðri tónlist spjallandi um heima og geima.

Hildur Friðriksdóttir eigandi Tes og kaffis á Akureyri situr ekki auðum höndum nú fyrir jólin

FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

-rh

## VISSIR ÞÚ...

... að lengstu tónleikar hljómsveitar eru 48 klukkustundir? Það var ungverska hljómsveitin Sciami sem setti þetta heimsmet í mars á síðasta ári.

... að lengsta perluhálsfesti heims er 150 m löng? Roberto Moschetto De Wan frá Ítalíu bjó hana til úr 12.000 perlum í tilefni af opnun tískuvikunnar í Mílanó á Ítalíu 17. febrúar 2006.

... að fiskurinn sem leikið getur flestar brellur í heimi heitir Albert Einstein? Einstein er þriggja ára gullkarfi sem lumar á sex skemmtilegum brellum. Hann getur til dæmis spilað fótbolta og dansað limbódans.

... að dýrasta íbúðarhúsnæðið í heimi er strandhýsið La Maison de L'Amite í Flórída? Það er í eigu milljarðamæringsins Donalds Trump en í maí 2006 var söluverð þessarar 3.065 fermetra fasteignar sagt vera 8,9 milljarðar króna.

... að stærsta skemmtiferðaskip í heimi er Freedom of the Seas? Skipið er 154.407 brúttótonn, eða þrefalt þyngra en Titanic. Þetta risafley er 63,7 m hátt og 339 m langt, 16 m lengra en Eiffel-turninn er hár og 56 m breitt þar sem það er breiðast. Skipið tekur 4.328 farþega og í áhöfn þess eru 1.412 manns. Smíði þess kostaði 67,4 milljarða króna. Jómfrúrferðin var farin í maí 2006.

... að lengsta lestarferð sem farin hefur verið milli landa án viðkomu er 1.421 km löng? Í maí 2006 ferðaðist Eurostar-lest frá London, Bretlandi, til Cannes, Frakklandi, án nokkurrar viðkomu. Þessi ferð var farin í kynningarskyni fyrir kvikmyndina Da Vinci Code.

... að dýrasta uppsetning söngleiks kostaði 1.587 milljónir króna? Þetta var kostnaðurinn við uppsetningu söngleiksins Hringadróttinssögu í Princess of Wales-leikhúsinu í Toronto í Kanada.

... að hæsti ísskúlptúr sem vitað er um er 12,28 m á hæð? Það var Michel Amann í Ski Dubai í Dubai, Sameinuðu arabísku furstadæmunum, sem smíðaði skúlptúrinn. Það tók hann tíu daga með tíu aðstoðarmönnum en alls voru 45 tonn af ís notuð í skúlptúrinn.

... að stærsta lófamálverkið er 337.802 fermetra stórt? Málverkið heitir Grænt afl og er ristastórt málverk sem 3.138 listamenn á öllum aldri máluðu með lófum sínum í Discovery-garðinum í Hong Kong.

... að stærsta prjónalistaverk í heimi er 60 m löng kanína? Hún liggur á hæð einni nærri þorpinu Artesina á Norður-Ítalíu og er gerð úr klósettpappírsbleiku garni. Verkið heitir einfaldlega Kanína og stóð prjónaskapurinn yfir í fimm ár. Villidýr á svæðinu hafa komið sér fyrir inni í kanínunni sem á að liggja á hæðinni í tvo áratugi og grotna niður.

... að stærsta tannstönglaskúlptúr í heimi er 4,5 m langur krókódíll sem vegur 132 kg?

... að stærsti baðmullarskúlptúr í heimi er 2,28 m há stytta af Mahatma Gandhi?

# Skynsamleg niðurstaða

**UMRÆÐAN**
Hvalveiðar

EINAR K. GUÐFINSSON

Þegar kemur að nýtingu á auðlindum hafsins njótum við Íslendingar alþjóðlegs álits og viðurkenningar. Þrátt fyrir fámenni þjóðarinnar eru sjónarmið okkar vel metin og við höfum áratugum saman haft mótandi áhrif á þróun þessara mála. Meðal annars var rifjað upp síðastliðið sumar, þegar minnst var fullnaðarsigurs okkar í landhelgismálum, hvernig Íslendingar komu að þróun hafréttarmálanna.

### Skýr stefna

Stefnumótun okkar um nýtingu á auðlindum hafsins er skýr, byggist á áratuga reynslu og var innsigluð í vandlega undirbúinni stefnumörkun íslenskra stjórnvalda um málefni hafsins. Eitt grundvallaratriði þar er að auðlindanýtingunni innan lögsagnar einstakra ríkja eigi viðkomandi ríki að stjórna og auðlindastjórn á úthafinu skuli vera á vegum svæðisbundinna stofnana þar sem það á við. Þetta er lykilatriði. Við getum ekki unað yfirþjóðlegri stjórnun.

*Þessari ábyrgu stefnu fylgdum við líka á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þar sem nýlega var gengið frá samkomulagi varðandi vernd viðkvæmra vistkerfa í úthafinu.*

Við Íslendingar höfum ætíð sýnt það með verkum okkar að við tölum röddu ábyrgrar auðlindanýtingar. Skýr dæmi þess má m.a. finna á vettvangi NEAFC, þar sem við höfum hvatt til hófs við nýtingu karfa á Reykjaneshrygg. Sama hefur mátt segja um afstöðu okkar til nýtingar annarra deilistofna.

Þessari ábyrgu stefnu fylgdum við líka á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þar sem nýlega var gengið frá samkomulagi varðandi vernd viðkvæmra vistkerfa í úthafinu. Samkomulag sem byggðist á málamiðlun náðist um niðurstöðuna. Að því samkomulagi stóðum við og um það var almenn sátt.

Þetta er mikilvægt mál. Bæði vegna sjálfstæðs gildis viðkvæmra vistkerfa svo sem kaldsjávarkóralla, neðansjávartinda og hverastrýta og vegna mikilvægis þessara vistkerfa fyrir viðgang nytjastofna hafsins. Samkomulagið felur í sér mikilvæga verndun og raunverulegar aðgerðir án þess að notkun tiltekinna veiðarfæra sé bönnuð.

### Ábyrg afstaða

Í aðdraganda samkomulagsins vorum við Íslendingar hluti af stærri hópi ríkja og ríkjasambanda, þar með talið ESB sem fer með umboð aðildarríkja sambandsins. Við vorum því síður en svo ein á báti heldur áttum samleið í meginatriðum m.a. með áhrifamiklum fiskveiðiþjóðum víða að úr heiminum.

Við Íslendingar ráðum sem betur fer okkar málum sjálf og þurftum ekki að framselja samningsumboð okkar fjölþjóðlegum stofnunum til ráðsmennsku. Sú hefði þó ekki verið raunin væru Íslendingar t.d. aðilar að ESB.

Ákveðinn og málefnalegur málflutningur Íslands undir styrkri forystu utanríkisráðuneytisins skilaði góðri efnislegri niðurstöðu sem almenn sátt varð um. Því vekur það mikla furðu að jafnvel á innlendum vettvangi er reynt að gera hlut okkar tortryggilegan. Slíkt er fullkomlega óskiljanlegt og hlýtur að byggjast á þekkingarleysi fremur en ásetningi.

### Gott fordæmi

Það er til frekara marks um afstöðu okkar að hér við land eru viðáttumiklir hafflettir verndaðir fyrir notkun togveiðarfæra. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp sem ég hef flutt og færir stjórnvöldum styrkari heimildir til verndunar viðkvæmra vistkerfa á hafsbotninum. Og skemmst er að minnast þess að síðastliðinn vetur var í góðu samkomulagi stjórnvalda, sjómanna og útvegsmanna ákveðið að loka togslóðum til að vernda kórallasvæði. Þeim mun sérkennilegra og ástæðulausara er að vega að íslenskum stjórnvöldum fyrir afstöðu þeirra á þessu sviði. Þarna göngum við í fararbroddi þeirra sem gæta hófs og fara fram með fagmannlegum málflutningi.

*Höfundur er sjávarútvegsráðherra.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Til varnar gagnrýnanda

**Sveinn Birkir Björnsson, ritstjóri Reykjavík Grapevine, gerir athugasemd við skrif í Fréttablaðinu.**

SVEINN BIRKIR BJÖRNSSON

Síðastliðinn laugardag (8.12.) birtist í slúðurdálki Fréttablaðsins ómerkileg aðdróttun þar sem alvarlega var vegið að starfsheiðri eins blaðamanna tímaritsins Reykjavík Grapevine. Það er alvarleg ásökun að vega að starfsheiðri hvers manns. Ekki síst þegar það er gert úr launsátri í skjóli nafnlausra ásakana í slúðurdálkum dagblaða.

Í dálk Fréttablaðsins er sagt frá því að nýlega útkominn geisladiskur Bart Cameron, fyrrum ritstjóra Reykjavík Grapevine, hafi hlotið fimm stjörnur af fimm mögulegum í umfjöllun um diskinn í nýjasta tölublaði Reykjavík Grapevine; en jafnframt er látið í veðri vaka að ekki sé fagmannlega staðið að dómnum og gefið í skyn að fyrrum störf tónlistarmannsins fyrir tímaritið hafi þar haft áhrif á hlutleysi gagnrýnandans, Páls Hilmarssonar.

Ég fullyrði að svo er ekki. Gagnrýnendum Reykjavík Grapevine er uppálagt í umfjöllun sinni að vinna af heilindum og fagmennsku. Ég, sem ritstjóri blaðsins, hef ekki áhrif á skoðanamyndun gagnrýnenda. Páll Hilmarsson starfaði ekki á blaðinu í ritstjórnartíð Bart Cameron og hefur lítil sem engin kynni af honum. Það er því algerlega tilhæfulaust að ætla Páli eða öðrum starfsmönnum blaðsins að hafa reynt að fegra hlut Bart Cameron. Fyrri störf hans fyrir blaðið voru hvorki talin vinna með honum eða á móti, heldur voru þau talin málinu algerlega óviðkomandi. Hann fékk að njóta sannmælis á síðum blaðsins, líkt og aðrir tónlistarmenn sem þar eru teknir til umfjöllunar.

Tilraunir nafnlausra blaðamanna Fréttablaðsins til þess að sverta störf Páls eru lúalegar. Til samanburðar má nefna umfjöllun í Fréttablaðinu fyrir skömmu um nýlegan disk tónlistarmannsins Bigga, sem er listamannsnafn Birgis Arnar Steinarssonar, tónlistargagnrýnanda á Fréttablaðinu. Það hefur aldrei hvarflað annað að mér en að dómur tónlistargagnrýnanda Fréttablaðsins, Trausta Júlíussonar, um disk Bigga hafi verið unnin af heilindum og fagmennsku, og að tónlistarmaðurinn hafi þar notið sannmælis algerlega óháð fyrri störfum sínum fyrir blaðið. Þó var sá dómur ekki minni lofsöngur en dómur Páls Hilmarssonar um disk Bart Cameron.

Afgreiðslutímar vínbúða yfir hátíðarnar

| Reykjavík og nágrenni | |
|---|---|
| Lau. 23. des | 11:00 - 22:00 |
| Sun. 24. des | LOKAÐ |
| Lau. 30. des | 11:00 - 20:00 |
| Sun. 31. des | LOKAÐ |

Opnunartími vínbúða helst óbreyttur nema ofangreinda daga.

VÍNBÚÐ
lífum, lærum & njótum

Nánari upplýsingar um afgreiðslutíma vínbúða er að finna á **vinbud.is**

# Eru Íslendingar pakk?

**UMRÆÐAN**

Opið bréf til íslensku þjóðarinnar

ELÍSABET ÓLAFSDÓTTIR

Einhverra hluta vegna hef ég alltaf haldið að Íslendingar væru bestir. Við erum svo frábær. Frekjan í Frökkum er fræg og hugsa ég oft að svona myndi fólk nú aldrei haga sér á Íslandi. Nei, á Íslandi eru allir kurteisir, hjálpsamir og góðir við hvern annan því við erum svo einangruð að við höfum bara okkur sjálf og þurfum að rækta eigin garð. Já, ég hef alltaf haldið að hið íslenska hjarta væri það besta og hinn íslenski náungi væri kurteis og góður við aðra.

En það er misskilningur. Um daginn lenti ég í því að það sprakk dekk á bílnum mínum. Ég hafði aldrei skipt um dekk sjálf en ætlaði að reyna eins og ég gæti. En boltarnir högguðust ekki. Og þarna var ég í þrjá tíma í nístandi frosti að reyna að losa bolta, juðaði, hamaðist á lyklinum, datt og allan þennan tíma var mér aldrei boðin hjálp. Þetta var í Vesturbænum þar sem búa margir gamlir eða vangefnir en ég var ekki einu sinni að búast við hjálp frá þeim þar sem þau horfðu á mig í hóp meðan þau biðu eftir strætó. Mér fannst sjálfsagt að þeir vangefnu myndu ekki bjóða fram aðstoð en um það bil þrjátíu karlmenn á aldrinum tuttugu til fimmtíu ára gengu framhjá mér meðan ég var að reyna að skipta um dekk. Af hverju bauð enginn fram aðstoð? Og þetta var meira að segja dagginn eftir að það kom grein í Blaðinu um hvað ég væri mikil dama. Hvaða fífl gengur framhjá dömu í krögg-um og býður ekki fram aðstoð?

Á fjórða tímanum hringdi ég í frænda minn sem uppgötvaði að græjurnar sem ég var með væru ónothæfar. Við fórum inn í Olís í Ánanaustum og báðum um að fá „kross“ lánaðan. Mér var neitað vegna þess að þau selja „krossa“ og eru þá náttúrulega ekkert að lána þá. Ég fer þá inn í verslunarkjarnann rétt hjá og spyr fjórtán starfsmenn hvort þeir séu með skiptilykil í bílnum sínum. Hver einn og einasti neitaði án þess að tékka á því. (Eru ekki verkfæri til að skipta um dekk í flestum seldum bílum?)

Þetta eru Íslendingar og ég er einfaldlega í áfalli yfir þessari leti og framtaksleysi en þess má geta að eini ókunnugi maðurinn sem nennti að hjálpa mér var útlendingur! Þarf maður að vera alinn einhvern veginn sérstaklega upp til að bjóða fram aðstoð eða finnast sjálfsagt að skutla gömlum konum með Bónuspoka heim? Erum við orðin svo rík að við týnumst í efnishyggjunni og verðum pakk sem pælir ekkert í náungakærleik? Eða eru allir orðnir skíthræddir við að bregða út af vananum í hræðslu við að vera Tekinn í falinni myndavél?

Mér finnst þetta glatað. Sorglegt og glatað. Eitt er að vera það stolt og töff að hópast ekki að frægum þegar þeir koma til landsins en að ganga framhjá fólki í vandræðum án þess að láta sér detta í hug að hægt væri að hjálpa ber vott um sjálfumglatt samfélag á niðurleið. Og við eigum að skammast okkar!

Elsku Íslendingar.

Látum þennan jólamánuð verða þann sem við gleymum afskiptaleysinu. Brosum til hvors annars. Hjálpum hvort öðru. Gefum stefnuljós. Þökkum fyrir með veifi ef einhver hleypir okkur inn í bílaröð. Blikkum fólk sem gleymdi að setja ljósin á. Stöndum upp fyrir gömlum í strætó. Þökkum fyrir í búðinni með brosi og síðast en ekki síst ... bjóðum fram aðstoð ef við sjáum einhvern sem gæti þarfnast hennar. Já, og látum alltaf laga bílana okkar hjá Nesdekkjum á Suðurströnd því þar vinna dásamlegir menn sem þekkja dömu þegar þeir sjá hana og hjálpa henni. Takk fyrir.

Gleðileg jól.

*Einhleyp dama í Vesturbænum.*

# Innflytjendur og fjölmiðlar

**UMRÆÐAN**

Innflytjendamál

OLGA MARKELOVA

Það leikur enginn vafi á, að það er svokallað „innflytjendamál“ sem er eitt af brýnustu umræðuefnum í íslenska þjóðfélaginu nú til dags. Það vantar ekki menn, sem eru viljugir að tjá sig um stöðu innflytjenda í blöðum, sjónvarpi og útvarpi, á ýmsum málþingum, og mig minnir, að umræðan um „Vannýtt vinnuafl“ sé ennþá í gangi í Reykjavíkurakademíunni. Það virðist engum vera sama um málið, og enginn vill láta útlendinga eiga sig, – þó að það séu til ólíkar skoðanir um það, hvernig samskipti Íslendinga við þessa óvæntu nágranna sína helst eigi að vera.

Samt er eitt vafasamt við þessa margrómuða umræðu: þótt innflytjendur frá ýmsum löndum séu mjög áberandi í íslenska þjóðfélaginu, í skólum, á vinnumarkaði og á mörgum sviðum daglega lífsins – eru þeir ekki sýnilegir í fjölmiðlum. Og hér með á ég ekki við lögreglufréttir um átök taílenskra unglingahópa einhvers staðar í Breiðholti, heldur einmitt fjölmiðlaefni, sem tengist „innflytjendamálum“. Við höfum nú ekki enn séð t.d. grein í Mogga um samskipti Íslendinga og innflytjenda, eða um erlent vinnuafl á íslenskum vinnumarkaði, sem væri samin af manni af erlendum uppruna. (Þau innflytjendapresturinn Toshiki Toma og kvenréttindakappinn Amal Tamimi fá víst að tjá sig, en þau eru þó í sæmilega háum stöðum í samfélaginu, þ.e.a.s. í útvöldum minnihluta; en það sem vantar eru einmitt skoðanir „venjulegra“ innflytjenda). M.ö.o. þeir, sem umræðan snýst um, fá ekki að tjá sig í málunum og eiga e.t.v. að sætta sig við það lítilláta hlutverk þolenda þar sem framtíð og örlög þeirra er um að ræða. Þannig séð, verður umræðan ekki ósvipuð hverri annarri umræðu um stöðu málleysingja, t.d. um vandamál íslenskra gæludýra. En ég geri samt ekki ráð fyrir því, að allir innflytjendur séu alveg mállausir. (Og það þarf heldur ekki að vera mikil tungumálamanneskja til þess að kvarta yfir óréttlæti eða segja frá lífsreynslu sinni).

Skilaboðin mín eru svona: það er ekki hægt að halda áfram umræðunni um „innflytjendamál“, – sama hvort hún tengist vinnumarkaði eða daglegum samskiptum – nema spyrja þá álits, sem viðkomandi umræða snýst um. Svo mikið veit ég, að það hefur aldrei átt sér stað nein skoðanakönnun á meðal innflytjenda sem mundi leiða í ljós hvaða vonir þeir binda við það að hafa flust til Íslands, hvort þær vonir hafi nokkuð ræst í veruleikanum og hvers konar samfélag þeir helst vilja búa í; hvort þeir vilji helst innlima sig inn í hérlenda menningarsamfélagið eða byggja upp svokallaða alþjóðamenningu hér á landi. Það væri nú alls ekki vitlaust að leggja þess konar spurningar fram fyrir innflytjendur (e.t.v. á fleiri tungumálum) til að fá réttari og nákvæmari mynd af innflytjendahópnum.

Það skiptir líka máli, að innflytjendahópurinn er alls ekki einsleitur, og ekki hafa þeir allir flust hingað til landsins eftir frjálsu vali eða vegna hrifningar af íslensku menningunni. Fyrir bragðið er ekki sömu lausn að finna á tilteknum vandamálum, sem hentar álíka vel fyrir þá alla. Einstaklingar af erlendum uppruna eru e.t.v. jafn fjölbreyttir, og löndin sem þeir koma frá, og þetta mun gera innlegg þeirra í ofangreinda umræðu enn skemmtilegra og áhrifaríkara.

Það er áríðandi að fá innflytjendur til að tjá sig, það er ekki hægt að komast að neinni sómasamlegri niðurstöðu í umræðunni á annan hátt!

*Höfundur er af erlendum uppruna.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Stekkjarstaur skrifar um nafnið sitt

**Deilan um r-ið í nafni jólasveinsins.**

Heilir og sælir kæru landsmenn.
Ég þurfti nú að segja honum Leppalúða föður mínum þrisvar sinnum að ég ætlaði að skrifa í blöðin. Hann veit jú manna best að aldrei lærðum við jólasveinarnir almennilega að skrifa þótt við teljumst stautfærir. Ég hef því fengið eina vinkonu mína, hana Maríu Önnu Þorsteinsdóttur, til þess að aðstoða mig við skriftirnar. Það hefur nefnilega frést hingað upp í fjöllin að einhverjir nýmóðinsmenn vilji að nafnið mitt sé ritað Stekkjastaur. Áekkí. Vantar errið. Allt frá því ég var lítill Sveinki fyrir mörg hundruð árum hefur móðir mín hún Grýla öskrað á mig: „Stekkjarstaur viltu hunskast hingað“ og urrað vel og lengi á errinu þegar ég þóttist ekki heyra í henni. Jólakötturinn varð meira að segja dauðskelkaður. Kannski voru þeir að spara prentsvertuna og pappírinn við útgáfu nýju Stafsetningarorðabókarinnar þegar þeir ákváðu að skrifa nafnið mitt r-laust, en eins og þið bruðlið með pappírinn nú á dögum er sparnaður varla ástæðan. Þið vitið trúlega að nafnið mitt var varðveitt í munnlegri geymd allt þar til blessaður guðsmaðurinn hann Páll Jónsson á Myrká skráði niður nöfn okkar bræðranna fyrir útgáfu Jóns Árnasonar og Magnúsar Grímssonar á íslenskum þjóðsögum. Ekki veit ég hvort séra Páll heyrði öskrin í Grýlu en alltjent skrá þeir félagar Jón og Magnús nafnið mitt rétt. Sjálft skáldið Jóhannes úr Kötlum, sem kenndi okkur eiginlega að hætta að stríða og gefa í staðinn þægu börnunum gott í skóinn, skrifar líka Stekkjarstaur. (Hann sagði öllum að ég væri stinnur eins og tré, og legðist á bóndans fé.) Já, og fína orðabókin sem Edda gefur nú út, áður Menningarsjóður, kallar mig einnig Stekkjarstaur. Árni Björnsson, karlinn sem veit allt um jólin og okkur fjölskylduna skrifar líka Stekkjarstaur í dagabókinni sinni og líka í uppáhaldsbókinni minni sem heitir Vættatal. Mér er sagt að stekkjar sé eignarfall eintölu orðsins stekkur og er ég mjög sáttur við það því þótt ég væri stundum duglegur við ærnar í gamla daga var ég aldrei nema í einum stekk í einu. Já, og fyrst ég nefni það þá er ég farinn að drekka mjólk frá Mjólkursamsölunni þegar ég kemst í námunda við hana og sá nýverið mynd af mér á fernunni og þar heiti ég Stekkjarstaur. Hún Bergljót litla Arnalds skrifar líka Stekkjarstaur í jólasveinabókinni sinni.
Ástæða þessa pars er einkum sú að ég kenni í brjósti um krakkagreyin sem eru að berjast við að læra að skrifa rétt. Nógu erfitt hlýtur að vera að skrifa og þekkja alla þessa stafi og hljóð, þótt fullorðna fólkið sé ekki að hringla með ritháttinn og skrifi stundum svona og stundum hinsegin. Svo er líka hitt að oft fer fólkið að rífast um hvað sé rétt og þá er hver höndin upp á móti annarri. Og ekki er það nú skemmtilegt á jólunum. Nei, eins og Grýla segir, haldið friðinn og strjúkið kviðinn.
Verið öll blessuð og sæl að sinni.

**Stekkjarstaur Leppalúðason**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.424 **+0,31%** **Fjöldi viðskipta:** 320 **Velta:** 2.648 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| 365 | +1,80% | Vinnslustöðin | -2,17% |
| Landsbankinn | +1,13% | FL Group | -0,83% |
| Exista | +0,91% | Mosaic | -0,61% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 4,53 +1,80% ... Actavis 66,30 0,30% ... Alfesca 5,12 +0,59% ... Atlantic Petroleum 548,00 +0,00% ... Atorka 6,57 +0,15% ... Bakkavör 62,90 +0,00% ... Eimskipafélagið 31,20 +0,00% ... FL Group 24,00 -0,83% ... Glitnir 23,50 +0,43% ... Kaupþing 840,00 +0,48% ... Landsbankinn 26,80 +1,13% ... Marel 77,00 +0,65% ... Mosaic Fashions 16,30 -0,61% ... Straumur-Burðarás 17,50 -0,57% ... Össur 113,00 +0,89%

**viðskipti**
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Landsbankinn sótti 18 milljarða til Kanada

Landsbankinn hefur lokið við 300 milljón kanadadollara skuldabréfaútgáfu í Kanada, eða sem nemur ríflega 18 milljörðum íslenskra króna. Útgáfan er á föstum vöxtum í Kanada á gjalddaga í janúar 2010.

Brynjólfur Helgason, framkvæmdastjóri alþjóðasviðs, segir kjör bankans í útgáfunni sambærileg við það sem gerist á mörkuðum í Evrópu, en þar hafa lánakjör bankanna hægt og bítandi verið að batna. Ávöxtunarkrafa bréfanna er 4,40 prósent og miðast við álag á kanadísk ríkisskuldabréf. Yfirumsjón með lántökunni var á höndum breska bankans HSBC en aðrir umsjónaraðilar voru CIBC og National Bank of Canada.

Brynjólfur segir útgáfuna hluta af stefnu bankans sem er að fjölga stöðum í erlendri fjármögnun og telur lántökuna staðfesta gott aðgengi bankans að fjármálamörkuðum. „Þetta gekk hratt og vel fyrir sig," segir hann og segir bankann í góðri stöðu til að fylgjast með verðþróun á fjármálamörkuðum og grípa þau tækifæri sem gefist. Brynjólfur segir frekari skuldabréfaútgáfu í Kanada vel mögulega. „Fyrsta tilraun gekk að minnsta kosti vel." - óká

### MARKAÐSPUNKTAR ...

Greining Glitnis spáir því að tíðindalítið verði á skuldabréfamarkaði út árið og fram á byrjun næsta árs. Í febrúar er búist við því að ávöxtunarkrafa skuldabréfa taki að lækka.

Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur leitt í ljós að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna kaupa Íslandspósts á Samskiptum þar sem ekki virðist vera skörun á starfsemi félaganna sem hefur í för með sér röskun á samkeppni.

Í nóvember nú í ár fóru rúmlega 133 þúsund farþegar um Leifsstöð en í fyrra voru þeir um 116 þúsund. Er þetta fjölgun um rúmlega fimmtán prósent milli ára.

**ÞJÓÐVERJAR Í ATVINNULEIT** Heldur er bjartara yfir atvinnumálum í evrulöndunum en í fyrra. Óvíst er samt að breytinguna megi merkja á biðröðum atvinnumiðlana.

# Atvinna eykst milli ára í löndum OECD

Atvinnuleysi mældist 5,9 prósent að meðaltali innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) í október. Þetta er 0,1 prósents samdráttur á milli mánaða og 0,6 prósentum minna en á sama tíma fyrir ári.

Atvinnuleysi á evrusvæðinu mældist 7,7 prósent á sama tíma sem er 0,1 prósenti minna en í mánuðinum á undan. Þá er mælingin á evrusvæðinu 0,8 prósentum undir því sem var á sama tíma fyrir ári.

Hér á landi mælist atvinnuleysi eitt prósent í október. - óká

# Tækifæri fyrir áhættusækna í stöðutöku með krónunni

Greiningardeild Glitnis segir að ekki sé hægt að útiloka gengishækkun krónunnar á næsta ári. Því sé stöðutaka með henni álitlegur kostur fyrir þá sem eru tilbúnir að taka talsverða áhættu, í ljósi mikils vaxtamunar, stöðu krónunnar og hagkerfisins.

Það er þó spá greiningardeildarinnar að, þótt brugðið gæti til beggja vona, muni gengi krónunnar veikjast á næsta ári. Mikið ójafnvægi hagkerfisins kalli á frekari gengisaðlögun og vænta megi þess að munur á innlendum og erlendum skammtímavöxtum dragist saman samhliða stýrivaxtalækkunum Seðlabankans á næstu misserum. Þá muni draga úr vilja fjárfesta og annarra til að taka stöðu með krónunni. Er staðan metin svo að gengisvísitala í 130 stigum stuðli að jafnvægi. Á þeim slóðum verði gengi krónunnar í lok næsta árs.

Í spánni segir að grunnur innlendur gjaldeyrismarkaður, mikið ójafnvægi hagkerfisins, stórar stöður erlendra aðila með krónunni og miklar erlendar skuldir Íslendinga gæti á skömmum tíma kallað fram talsvert meiri gengislækkun krónunnar. Áhættusækni alþjóðlegra fjárfesta hafi verið mikil og gengi krónunnar, sem og annarra hávaxtamynta, hafi notið góðs af því. Ef viðsnúningur í viðmóti þeirra eigi sér stað sé eins víst að flóttinn verði fyrstur frá litlu hagkerfi þar sem dýpt gjaldeyrismarkaðarins er lítil. Traustar stoðir efnahagslífsins ásamt því að gengi krónunnar virðist um þessar mundir í grennd við jafnvægi ætti að geta snúið slíkri gengislækkun við á tiltölulega skömmum tíma og án umtalsverðs skaða fyrir fjármálalífið eða hagkerfið í heild. - hhs

**VEIKARI KRÓNA** Greining Glitnis segir að meiri líkur séu á því að gengi krónunnar muni veikjast en styrkjast á næsta ári.

Heim að dyrum

PÓSTURINN
allur pakkinn

Sparaðu dýrmætan tíma og forðastu stress í jólaundirbúningnum með því að láta Póstinn sjá um jólasendingarnar þínar.

- Með okkur fer sendingin þín alla leið heim að dyrum
- Hún kemst í réttar hendur á réttum tíma, innanlands eða utan. Það tryggir öflugt dreifikerfi okkar
- Notaðu vefinn okkar, www.postur.is Þar finnurðu nýjustu heimilisföng vina og vandamanna sem uppfærast sjáflkrafa eftir að þú hefur búið til heimilisfanga-listann þinn. – Þú finnur líka pósthúsið næst þér á www.postur.is

Mundu að koma tímanlega til okkar með jólakortin og jólapakkana.

www.postur.is

ÍSLENSKA/SÍA/ISP 34581 11/06

**DAGUR KÁRI PÉTURSSON KVIKMYNDAGERÐARMAÐUR ER 33 ÁRA Í DAG**

*„Áður fyrr vildu Danir alltaf tala við mann um Björk, sem var orðið þreytandi en þó miklu skárra en í dag þegar allir eru uppteknir af peningum og kaupum Íslendinga hér. Það er ákveðinn fáránleiki í því fólginn að Ísland sé að breytast í herraþjóð yfir Dönum.“*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 12. DESEMBER 1913

## *Móna Lísa kemur í leitirnar*

Á þessum degi árið 1913 fannst Móna Lísa eftir Leonardo da Vinci að nýju, en þessu frægasta málverki heims hafði verið stolið af Louvre-safninu í París tveimur árum áður. Ræninginn var Ítalinn Vincenzo Perugia, en hann kvaðst síðar hafa framið ránið til þess að koma málverkinu aftur til Ítalíu þar sem það ætti heima.
Stuldurinn uppgötvaðist ekki fyrr en sólarhring eftir að Perugia hafði látið greipar sópa. Margir starfsmenn safnsins söknuðu málverksins, en gerðu ráð fyrir því að það væri í vörslu ljósmyndara sem vann að því að mynda frægustu verk safnsins. Þegar stuldurinn komst upp var lögregla hins vegar kölluð til tafarlaust. Frönsk dagblöð settu fram ýmsar kenningar varðandi brottnám Mónu Lísu og var Pablo Picasso einn þeirra sem lá undir grun um tíma, en hann var sagður hafa keypt skúlptúra sem hurfu af safninu nokkrum mánuðum áður.
Þrátt fyrir mikla leit sást ekkert til Mónu Lísu í rúm tvö ár, eða þar til að Perugia hafði samband við listsalann Alfredo Geri í Flórens á Ítalíu. Perugia tilkynnti að Móna Lísa væri í fórum hans og þar að auki föl fyrir 500.000 lírur. Geri og Giovanni Poggi, forstjóri Uffizi safnsins, hittu Perugia á hótelherbergi hans degi síðar og fundu þar málverkið góða.
Perugia var handtekinn og viðurkenndi glæp sinn skömmu síðar. Fangelsisdómurinn hljóðaði upp á eitt ár og tvær vikur.

### MERKISATBURÐIR

**1492** Kólumbus kemur til Ameríku. Hann taldi sig vera í Asíu.

**1905** Verzlunarskóli Reykjavíkur tekur til starfa.

**1915** Söngvarinn Frank Sinatra fæðist í New Jersey í Bandaríkjunum.

**1918** Katla gýs eftir 58 ára hlé.

**1962** Kvikmyndin 79 af stöðinni er frumsýnd í Háskólabíói og Austurbæjarbíói.

**1971** Söngleikurinn Jesus Christ Superstar er frumsýndur í Bandaríkjunum.

**1998** Guðrún Katrín Þorbergsdóttir forsetafrú andast, 64 ára að aldri.

*Elskuleg móðir mín,*

**Rósa Björk Ásgeirsdóttir**

lést á líknardeildinni í Kópavogi föstudaginn 8. desember. Útför hennar verður gerð frá Selfosskirkju fimmtudaginn 14. desember kl. 13.00.

**Íris Árný Magnúsdóttir**

†

*Hjartans þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og vináttu við andát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ingibjargar Jónsdóttur**

ljósmóður frá Gemlufalli í Dýrafirði, síðar húsfreyju á Hálsi í Kjós.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á elli- og dvalarheimilinu Grund fyrir góða nærveru og einstaka natni í allri umönnun.

**Guðmundur Gíslason**
**Jón Gíslason** — **Sólrún Þórarinsdóttir**
**Halldór Gíslason** — **Vilborg Sigurðardóttir**
**Ágústa Gísladóttir**
**Sigríður Kr. Gísladóttir**
**Gísli Örn Gíslason**
**Andrés Freyr Gíslason** — **Svana Lísa Davíðsdóttir**
**Hjörtur Gíslason** — **Guðrún Ingadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.

**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**

Sverrir Einarsson — Hermann Jónasson — Geir Harðarson — Bryndís Valbjarnardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: **581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt**
**Komum heim til aðstandenda ef óskað er**
Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

**JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON:** DAGUR ÍSLENSKRAR TÓNLISTAR Í DAG

# Árviss viðburður hér eftir

Dagur íslenskrar tónlistar verður haldinn hátíðlegur í dag. Dagurinn hefur verið haldinn nokkrum sinnum á undanförnum árum en nú stendur til að festa einn dag á ári í sessi. Til þess að ræða framtíð þessa dags og efla samstöðuna í kringum hann verður haldinn hádegisverðarfundur á Hótel Borg í dag.

„Við viljum efla veg íslenskrar tónlistar og höfum hug á því að gera þennan dag að árvissum viðburði frá og með 2007,“ segir Jakob Frímann Magnússon hjá Samtóni, samtökum rétthafa tónlistar. „Það er líka verið að koma á ákveðnu samráði á milli þeirra afla sem starfa á vettvangi íslenskrar tónlistar. Við lítum á að það fari saman að mörgu leyti hagsmunir, ekki bara höfunda, flytjenda, útgefenda, rétthafa tónlistar og tónlistarunnenda, heldur einnig þeirra sem fást við það að fjalla um tónlist og byggja megindagskrárefni sitt á tónlist,“ segir Jakob og nefnir þátt hins opinbera einnig til sögunnar.

Flutningur á íslenskri tónlist verður í fyrirrúmi hjá útvarpsstöðvum landsins í dag og vill Jakob sérstaklega vekja athygli á útvarpsstöðinni Kananum sem spili eingöngu íslenska tónlist alla daga. Bætir hann því við að hálft þriðja þúsund íslenskra laga hafi verið gefið út á árinu og yfir tvö hundruð íslenskar plötur gefnar út. „Það er útilokað að hinar íslensku útvarpsstöðvarnar, sem eru flestar háðar auglýsingamarkaði, geti sinnt svo fjölbreytilegri flóru sem er ekki öll að alþýðuskapi og er sértæk í mörgum tilfellum.“

**JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON** Jakob Frímann vill efla veg íslenskrar tónlistar með því að festa dag íslenskrar tónlistar í sessi.

**RAGNHEIÐUR GRÖNDAL** Söngkonan unga gefur út plötu fyrir jólin og lög af henni fá eflaust að hljóma á íslenskum útvarpsstöðvum í dag, á degi íslenskrar tónlistar.

Á fundinum í dag verður m.a. rætt um heppilega tímasetningu fyrir dag íslenskrar tónlistar og um umgjörð dagsins í framtíðinni með hliðsjón að því hvernig hefur tekist til með dag íslenskrar tungu. Jafnframt verða ræddar hugmyndir um íslenskt tónlistarsumar, sem eitt sinn var mikil stoð og stytta íslenskrar tónlistarútgáfu og tónlistarflutnings. „Það er verk að vinna á vettvangi lifandi tónlistar sem hefur átt undir högg að sækja, ekki síst utan borgarmarkanna,“ segir Jakob, sem býst við því að dagur íslenskrar tónlistar verði framvegis haldinn hátíðlegur á haustin þegar útgáfan fyrir jólin er að hefjast.

**freyr@frettabladid.is**

## AFMÆLI

**Ingibjörg Björnsdóttir dansari** er 64 ára.

**Gísli S. Einarsson, bæjarstjóri á Akranesi,** er 61 árs.

**Ólafur Þ. Harðarson prófessor** er 55 ára.

**Lárus Guðmundsson, fyrrum knattspyrnumaður,** er 45 ára.

**Guðrún S. Gísladóttir leikkona** er 52 ára.

**Jónas Friðrik Guðnason, skáld og textahöfundur,** er 61 árs.

**Jóhann Friðgeir Valdimarsson söngvari** er 39 ára.

**Orri Harðarson tónlistarmaður** er 34 ára.

Notaðir bílar. Fislétt kaup - aðeins 10% útborgun.
Engir ábyrgðarmenn. Lægra verð - lægri afborgun.*
Aðeins í 3 daga. Komdu strax.

# Fislétt kaup

## Þig vantar bíl. Núna
## Aðeins 38 bílar í 3 daga
## Komdu strax

Opið frá kl. 9-18

Tökum notaðan uppí notaðan

### Fislétt bílakaup - afborgun undir 18.000 kr. á mánuði

Citroën Xsara SX Wagon 1,6 beinsk. skrd. 07/2003 ek: 64.000 km.
Verð ~~1.060.000 kr.~~ Tilboðsverð 890.000 kr. Útborgun 89.000 kr.
12.548 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. VI-931.

Ford Focus Trend 1,6 beinsk. skrd. 06/2003 ek: 78.000 km.
Verð ~~1.220.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.070.000 kr. Útborgun 107.000 kr.
15.088 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 8 mánuði. G-220.

Ford Focus High Series 1,6 beinsk. skrd. 04/2000 ek: 120.000 km.
Verð ~~790.000 kr.~~ Tilboðsverð 690.000 kr. Útborgun 69.000 kr.
16.740 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. AL-751.

Ford Focus Trend 1,6 beinsk. skrd. 01/2004 ek: 48.000 km.
Verð ~~1.390.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.260.000 kr. Útborgun 126.000 kr.
17.765 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. RY-109.

### Fislétt bílakaup - afborgun 18.000 - 21.000 kr. á mánuði

Citroën C3 SX 1,4 beinsk. skrd. 01/2006 ek: 13.000 km.
Verð ~~1.430.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.290.000 kr. Útborgun 129.000 kr.
18.189 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. PY-147.

Renault Megane II Salon 1,6 beinsk. skrd. 12/200 ek: 2 .000 km.
Verð ~~1.710.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.3 0.000 kr. Útborgun 13 .000 kr.
1 .600 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 8 mánuði. MZ-218.

Citroën Picasso Exclusive 2,0 sjálfsk. skrd. 06/2004 ek: 35.000 km.
Verð ~~1.690.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.420.000 kr. Útborgun 142.000 kr.
19.999 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. AO-623.

Ford Focus Trend 1,6 sjálfsk. skrd. 07/2004 ek: 42.000 km.
Verð ~~1.580.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.450.000 kr. Útborgun 145.000 kr.
20.445 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. KG-412.

### Fislétt bílakaup - afborgun 21.000 - 29.000 kr. á mánuði

Citroën Picasso Exclusive 2,0 sjálfsk. skrd. 09/2004 ek: 30.000 km.
Verð ~~1.750.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.490.000 kr. Útborgun 149.000 kr.
21.000 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. LY-828.

Ford Mondeo Ghia 2,0 sjálfsk. skrd. 02/2003 ek: 69.000 km.
Verð ~~1.760.000~~ kr. Tilboðsverð 1.620.000 kr. Útborgun 162.000 kr.
22.843 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. MR-690.

Ford Galaxy Trend 2,0 beinsk. skrd. 10/2004 ek: 56.000 km.
Verð ~~2.170.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.890.000 kr. Útborgun 189.000 kr.
26.650 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. TN-213.

Ford Explorer XLT SP 4,0 sjálfsk. skrd. 01/2003 ek: 78.000 km.
Verð ~~2.290.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.990.000 kr. Útborgun 199.000 kr.
28.059 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. TY-843.

### Fislétt bílakaup - afborgun yfir 29.000 kr. á mánuði

Ford Escape XLS 2,3 sjálfsk. skrd. 07/2004 ek: 41.000 km.
Verð ~~2.390.000 kr.~~ Tilboðsverð 2.090.000 kr. Útborgun 209.000 kr.
29.469 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. OU-878.

Ford Escape XLS 2,3 sjálfsk. skrd. 12/2004 ek: 34.000 km.
Verð ~~2.350.000 kr.~~ Tilboðsverð 2.190.000 kr. Útborgun 219.000 kr.
30.879 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. NB-600.

Volvo V50 2,4 sjálfsk. skrd. 05/2005 ek: 20.000 km.
Verð ~~3.120.000 kr.~~ Tilboðsverð 2.950.000 kr. Útborgun 295.000 kr.
41.595 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. TD-202.

Ford Explorer XLT 4,0 sjálfsk. skrd. 04/2005 ek: 20.000 km.
Verð ~~3.860.000~~ kr. Tilboðsverð 3.690.000 kr. Útborgun 369.000 kr.
52.030 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. LZ-945.

**Þig vantar bíl. Komdu núna.**
**Kíktu á netið. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.**
**Vertu á betri bíl frá Brimborg um jólin.**

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.brimborg.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

*Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 25 ára og er fasteignaeigandi. Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá söluráðgjöfum Brimborgar. Lán háð samþykki viðkomandi fjármögnunarfyrirtækis.

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is**

# Sérfræðingur á Rannsóknamiðstöð

Vegna aukinna umsvifa auglýsir Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst eftir sérfræðingi til rannsóknastarfa. Leitað er að einstaklingi með menntun á sviði félags- eða hagvísinda. Færni og reynsla í eigindlegum og megindlegum rannsóknum eru mikilvægar. Kunnátta og ritfærni á ensku og einu Norðulandamáli eru einnig mikilvægar. Meistarapróf er skilyrði. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

Frekari upplýsingar gefur Dr. Grétar Þór Eyþórsson forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar í símum 433-3080 eða 892-0561 og einnig í tölvupósti gretar@bifrost.is.

*Umsóknir skulu sendar á: Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst, 311 Borgarnes, merkt starf–1206. Þær skulu hafa borist skólanum fyrir 22. desember nk.*

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

www.bifrost.is

BBC WORLD SERVICE

## STUÐ MILLI STRÍÐA: Jólin eru útbrunnin poppstjarna

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** VILL FÁ SKRÖGG Í OPINBERA HEIMSÓKN

Á sviðinu stendur poppstjarnan, þakin verðmiðum og vörumerkjum. Fyrir framan hana stendur skari fólks sem beðið hefur komu hennar í tvo mánuði, ef ekki lengur. Umhverfið allt minnir á poppstjörnuna – matvöruumbúðir, sjónvarpsauglýsingar og húsin í landinu eru skreytt seríum sem syngja vinsælustu slagara hennar, eins og Í Betlehem – löngu fyrir heimsókn hennar. Allt skal vera sem glæsilegast því annars gæti dívan hætt við að láta sjá sig.

Húsfreyjan telur niður klukkustundirnar þar til gulur glugga-póstur fer að flæða inn í staðinn fyrir kynningarbæklinga um nýjustu afurðir poppdívunnar. Dívan er ekki væntanleg fyrr en eftir tæpar tvær vikur en samt er platan orðin þreytt.

Klukkurnar í Hallgrímskirkju bæra á sér og þegar klukkan verður loks sex slær þögn á mannskapinn. Ljósin kvikna á sviðinu og það er eins gott fyrir þessa dívu að hefja upp raust sína og flytja fólkinu hinn fegursta boðskap. Allt kemur fyrir ekki. Enginn heyrir lengur þennan hreina tón. Allir eru of uppteknir af áhyggjum sínum yfir því hvort þeir hafi endanlega gert sig gjaldþrota eða jólatréð sé í réttum lit. Dívan sjálf er ekki nema skugginn af sjálfri sér, man ekki lengur hvernig það var að koma fyrst fram og allir fögnuðu henni. Nú eru allir ein taugahrúga fyrir heimsókn hennar. Nýverið hóf stórverslun auglýsingaherferð sem byggðist á því í hvernig stíl jólin ættu að vera. Sjálfur hafði ég ekki hugmynd um að jólin ættu að vera í einhverjum sérstökum stíl, að jólatréð ætti að vera skreytt með þessum kúlum en ekki hinum og að kransar, fötin, ungviðið og pakkarnir ættu að vera í sama lit. Eitthvað segir mér að kræsingar þessarar ágætu hátíðar séu farnar að rotna á hlaðborði næstríkasta lands heims.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli

### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# Hefurðu hugleitt hvar Orkustöðvarnar eru?

Með því að slaka aðeins á og nýta orkustöðvarnar má oft komast að farsælli niðurstöðu. Hefurðu til dæmis hugleitt hvar Orkustöðvarnar eru og hvað bensínið er ódýrt þar?

Bensínfrelsi Orkunnar gefur svo enn meiri afslátt eða 3 kr. í viðbót.

*Þegar ég leiddi hugann að því hvað má spara mikið á Orkustöðvunum, þá ákvað ég að snúa mér þangað.*
*Guðjón Bergmann, jógakennari og rithöfundur.*

**Fram að jólum er 2 krónu afsláttur á einni Orkustöð á dag. Stöð dagsins er auglýst í útvarpinu.**

Lárus & Lárus




ORKAN BENSÍN

ÞAÐ MUNAR UM MINNA

**Kl. 20**
*Sönghúsið Domus Vox heldur aðventutónleika í Hallgrímskirkju. Rúmlega tvö hundruð söngkonur á öllum aldri koma fram á tónleikunum, sem bera yfirskriftina Tendrum ljós á tré, ásamt einsöngvaranum Hönnu Björk Guðjónsdóttur og hljóðfæraleikurum. Stjórnandi er Margrét J. Pálmadóttir.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Þýðingarnar reifaðar

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttir gengst fyrir stuttri fyrirlestraröð um þýðingar nú fyrir jólin. Í dag halda þýðendurnir Guðni Kolbeinsson og Guðlaugur Bergmundsson erindi í Lögbergi, stofu 101. Guðni fjallar um þýðingu sína á ævintýrabókunum um Eragon en nýlega kom út önnur bókin, Öldungurinn, um þann mikla kappa. Höfundur bókanna, Christopher Paolini, hóf að skrifa bækur aðeins sautján ára gamall og hefur komið á óvart hversu þroskuð skrif hans eru. Þýðingar á barna- og unglingabókum eru ekki síður krefjandi og fáir sem státa af jafnmikilli reynslu í því og Guðni Kolbeinsson.

Guðlaugur Bergmundsson þýddi sakamálasöguna Krossmessu eftir færeyska rithöfundinn Jógvan Isaksen. Í Krossmessu tekur blaðamaðurinn Hannis Martinsson að sér að rannsaka morð á tveimur ungum breskum umhverfisverndarsinnum sem fundust látnir innan um dauða grindhvali í Þórshöfn. Krossmessa er æsispennandi og vekur upp spurningar um stöðu smáríkja og rétt þeirra til að nýta náttúruauðlindir sínar á sjálfbæran hátt. Krossmessa var mest selda bókin í Færeyjum 2005. Guðlaugur skýrir frá viðureign sinni við þýðinguna og hvernig er að þýða af svo skyldu tungumáli sem færeyskan er.

Fyrirlestrarnir hefjast kl. 16.30 og eru öllum opnir. Áhugafólk um þýðingar er hvatt til þess að mæta.

**GUÐNI KOLBEINSSON ÞÝÐANDI** Ræðir ævintýrabækurnar um Eragon.

### > Ekki missa af ...

spennandi tónleikum í vikunni.

**Antonía Hevesi** og **Eyjólfur Eyjólfsson** halda værðarlega jólatónleika í **Hafnarfjarðarkirkju** annað kvöld og sefa jólastressið.

**Jóel Pálsson** og félagar fagna útgáfu disksins **Varps** á **Domo bar** á fimmtudagskvöld.

Kammerkórinn **Vox academica** heldur árlega aðventutónleika sína í **Grafarvogskirkju** á föstudaginn og flytur Magnificat eftir Johann Sebastian Bach og Messías eftir Georg Friedrich Händel.

# Hljóðritasafn Ríkisútvarps í hættu

**Dagur tónlistarinnar er haldinn hátíðlegur í dag. Á tímamótum líta menn bæði til framtíðar og aftur: tónlistararfur þjóðarinnar er ekki aðeins varðveittur á nótum, heldur ekki síst í hljóðritunum. Stærstur hluti íslenskra hljóðritana á tónlist er í fórum Ríkisútvarpsins.**

**RÍKISÚTVARPIÐ BAÐAÐ Í LJÓSUM VEGNA HÁTÍÐARINNAR** Stofnunin hefur lengi sagst vera í fjársvelti. RÚV hefur efni á Eurovision og rándýrum fótbolta meðan hljóðritasafn þess liggur undir skemmdum og efnisbanki sjónvarpsins bíður þess að verða fluttur í stafrænt form. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ríkisútvarpið hefur um margra ára bil vanrækt hlutverk sitt um varðveislu þess efnis sem þar hefur safnast upp á mörgum áratugum. Ekki er reiða á skráningu. Mestur hluti af safni þess er einungis til í einu eintaki. Hálft stöðugildi er nýtt til að gera afrit af efni sem er að skemmast. Útvarpsstjóri og menntamálaráðherra gera sér vonir um að með breyttu rekstrarfyrirkomulagi verði bætt úr.

### Einkaréttur – og vanræksla

Morgunblaðið birti í síðustu viku fréttir þess efnis að afritun á safnadeild Ríkisútvarpsins væri í óefni og þar lægi efni undir skemmdum. Ríkisútvarpið hefur um sjötíu ára skeið haft einkarétt á útsendingu á hljóðritunum á Íslandi. Í skjóli þess einkaréttar var stofnunin eini aðilinn í landinu sem lagði stund á hljóðritanir í stórum mæli. Einkaaðilar sem létu vinna hljóðritanir gerðu það eingöngu fyrir hljómplötuútgáfur.

Safn Ríkisútvarpsins nær allt aftur til þess tíma að útsendingar fóru fram beint, það er sent var beint út frá tónlistarflutningi, upplestrum, fyrirlestrum og leiknum atriðum. Sumt af þessu efni var hljóðritað á lakkplötur sem síðar urðu aðalgeymsluform þar til segulbandið kom til.

Í frétt DV 6. júlí 2005 var fjallað um ástandið á safninu en þá hafði Ríkisútvarpið fengið styrk úr Þjóðhátíðarsjóði til að afrita lakkplötur en þær eru erfitt geymsluform og vilja verpast og springa ef þær eru ekki geymdar við rétt hitastig. Fyrir tíma lakkplötunnar var hljóðritað á vaxhólka og mun Ríkisútvarpið eiga eitthvað efni á því geymsluformi. Lýsti Dóra Ingvadóttir, sem hefur verið framkvæmdastjóri Ríkisútvarpsins um langt skeið, styrk Þjóðhátíðarsjóðs sem „mórölskum stuðningi“ í viðtali við DV.

### Löngu vitað í menntamálaráðuneyti

Áhyggjur manna beinast ekki síður að segulbandasafninu en hinum eldri formum: Segulbandasafn Ríkisútvarpsins verður að afrita og enginn veit fyrr en því verður lokið hvernig ástandið er á segulböndunum sem geyma frumeintökin. Danska ríkisútvarpið lét gera áætlun í fyrra um yfirfærslu á öllu sínu segulbandasafni á stafrænt form og var áætlað að kostnaður næmi 284 milljónum danskra króna. Dóra sagði í fyrrnefndu viðtali við DV að fyrir fjórum árum (2001) hafi menn reiknað að 34 milljónir dygðu til að afrita safnið.

Menntamálaráðherra sagði í viðtali við Morgunblaðið í síðustu viku að samkvæmt þjónustusamningi ætti Ríkisútvarpið ohf. að leggja fram áætlun um yfirfærslu alls efnis eftir ár – í árslok 2007. Henni var samkvæmt fréttinni vel kunnugt um ástandið á safninu og vísaði til fyrri starfa sinna hjá RÚV. Ráðamönnum er því kunnugt um ástandið á safninu, en sjálfstæðismenn hafa verið í forystu í menntamálaráðuneytinu sem Ríkisútvarpið hefur fallið undir í tólf ár.

### Rétthafar berskjalda

Varðveisla á gögnum í safninu varðar ekki aðeins skyldur Ríkisútvarpsins samkvæmt lögum: rétthafar texta og tónlistar og flytjendur hafa treyst Ríkisútvarpinu fyrir vörslu efnis í góðri trú. Samkvæmt samningum hefur Ríkisútvarpið aðeins rétt til takmarkaðs flutnings á öllu efni. Mörg dæmi eru um að þar hafi starfsmenn þurrkað út af böndum efni sem Ríkisútvarpið átti í sínum fórum, enginn veit hvað hefur farið forgörðum úr safni þess á liðnum áratugum.

Björn Árnason, formaður Félags íslenskra hljómlistarmanna, sagði félagsmenn hafa fylgst með stöðu á varðveislu hljóðritana í Ríkisútvarpinu lengi: „Við höfum gert athugasemdir við ástandið á safnadeild Ríkisútvarpsins og kostað yfirfærslu á efni þar. Við höfum talið þetta til sögu þjóðarinnar og menningararfs okkar. Það er nauðsynlegt að taka á þessu, meta þá hagsmuni sem þarna liggja undir skemmdum. Þarna liggja eignir höfunda, flytjenda og einstaklinga sem nú eiga þennan rétt. Við erum ekki sátt við hvað lítið hefur miðað í afritun þessa efnis.“

### Spurt um forgangsröð

Samtónn – heildarsamtök tónlistar í landinu – veittu fyrr á þessu ári fjórar milljónir í styrk til Ríkisútvarpsins svo afrita mætti eitthvað af eldra tónlistarefni sem lægi undir skemmdum í stafrænt form. Af lýsingum tæknimanna Ríkisútvarpsins í fréttum Morgunblaðsins í síðustu viku er ljóst að stofnunin hefur um langt árabil vikið sér undan þeirri skyldu að hafa safn sitt í viðunandi ástandi – að sögn starfsmanna.

Spurning vaknar hvort Ríkisútvarpið er skaðabótaskylt ef efni eyðileggst í þess umsjá. Kjartan Ólafsson er formaður Tónskáldafélags Íslands: „Ríkisútvarpið hefur öll tól og tæki til að standa myndarlega að afritun efnis í sínum fórum. Það er bara spurning um hver forgangsröðun er hjá stofnuninni. Þetta er óneitanlega efni sem telja verður hluta þjóðararfs okkar. Ríkisútvarpið getur staðið við lagaskyldur sínar en gerir það ekki.“

### „... af veikum mætti“

Hagsmunagæslumenn þeirra sem eiga efni í fórum Ríkisútvarpsins eru nokkrir; Félag hljómlistarmanna, Tónskáldafélag Íslands, Rithöfundasambandið, Félag íslenskra leikara og Leikstjórafélagið, þessi samtök hafa ekki átt í neinum formlegum viðræðum við ríkið um flutning safns Ríkisútvarpsins yfir á nýja kennitölu eða í nýtt rekstrarform. Staðan á safnadeildum Ríkisútvarps hljóðvarps og sjónvarps er þessum samtökum löngu kunn.

Randver Þorláksson er formaður Félags íslenskra leikara sem gætir hagsmuna þeirra sem eiga flutningsrétt á leiknu efni hjá Ríkisútvarpinu: „Það er dapurlegt til þess að hugsa að svona er komið. Það er eitthvað gert í yfirfærslu á efni hjá Ríkisútvarpinu en af veikum mætti.“ Randver hafði ekki minni áhyggjur af því hverju væri búið að farga. Hann sagði Fíl ekkert hafa fylgst með hvernig væri staðið að varðveislu leikins efnis hjá RÚV en gert væri ráð fyrir að allt safn Ríkisútvarpsins færi til nýs opinbers hlutafélags samkvæmt lagafrumvarpi ráðherra og hefðu safnamálin og réttur listamanna sérstaklega verið rædd á vettvangi stjórnar Bandalags íslenskra listamanna. - pbb

**DÓRA INGVADÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI RÍKISÚTVARPS -HLJÓÐVARPS**

Sagði í fyrra í viðtali við DV að áætlun frá 2001 gerði ráð fyrir að afritun kostaði 34 milljónir króna.

**PÁLL MAGNÚSSON ÚTVARPSSTJÓRI**

Lofar bót og betrun með nýju rekstrarfyrirkomulagi, en hvað hefur hann gert til þessa í bættri vörslu menningararfsins?

**KJARTAN ÓLAFSSON, FORMAÐUR TÓNSKÁLDAFÉLAGS ÍSLANDS**

„Ríkisútvarpið hefur tól og tæki til afritunar – þetta er bara spurning um forgangsröðun!“

**RANDVER ÞORLÁKSSON, FORMAÐUR FÉLAGS ÍSLENSKRA LEIKARA**

„Dapurlegt ástand“ en hefur meiri áhuga á því sem þegar er búið að farga.

## RITHÖFUNDASAMBAND ÍSLANDS ÁLYKTAR

Stjórn Rithöfundasambands Íslands krefst þess að gripið verði til aðgerða til þess að tryggja varðveislu ómetanlegra menningarverðmæta sem liggja undir skemmdum í húsakynnum Ríkisútvarpsins. Það er skylda æðstu embættismanna menningarmála að vernda, skrá og tryggja aðgang að þeim þjóðararfi sem orðið hefur til í þessum stærsta menningarmiðli þjóðarinnar. Yfirfærsla, forvarsla og varðveisla efnis ætti ekki að reynast vandkvæðum bundin á vorum tímum. Sá kostnaður sem slíku verkefni fylgir er óhjákvæmilegur sjálfstæðri þjóð sem vill þekkja sögu sína og hugsun.

*Samþykkt á stjórnarfundi í gær 11. desember 2006.*

## NÝJAR BÆKUR



Nonnikonni og kúlurnar heitir nýjasta samvinnuverkefni þeirra Margrétar Þ. Jóelsdóttur og Stephen Fairbairn en bókin kemur út hjá Skjaldborg. Sagan fjallar um Nonnakonna sem á þann draum að geta flogið. Hann gefur sér tíma til að skoða í kringum sig og uppgötva hluti sem leiða hann í spennandi ævintýri. Uppi í sumarbústað hjá afa sínum og ömmu fær hann þá hugmynd að láta flottu glerkúlurnar, sem afi hans gaf honum, í vatn og þá fara undarlegir hlutir að gerast. Fyrr en varir er hann kominn á loft og flýgur með kúlunum til Jakúlíu, heimsins bak við fjólubláu þokuslæðuna, sem aðeins útvaldir fá að sjá og þar sem margar hættur leynast. Nonnikonni uppgötvar dvigglafólkið sem býr í hömrunum og skrýtnu skráningarskýin sem fylgjast með öllu. Hrikaleg gljúfrin eru hættuleg og þangað má Nonnikonni ekki fara einsamall.

Mál og menning gefur úr skáldsögur Gyrðis Elíassonar, Gangandi íkorna og Næturluktina, út í kilju. Gangandi íkorni eftir Gyrði Elíasson kom fyrst út árið 1987 og vakti strax mikla athygli. Gyrðir hafði þá þegar fest sig í sessi sem eitt hugmyndaríkasta ljóðskáld sinnar kynslóðar, en með þessari bók sannaði hann sig sem ekki síðri prósahöfundur. Hin magnaða saga af drengnum Sigmari og sveitadvöl hans hjá eldri hjónum markaði viss tímamót í íslenskum bókmenntum. Næturluktin, sjálfstætt framhald sögunnar, kom svo út árið 2001 og var einnig afar vel tekið. Gyrðir Elíasson hlaut Stílverðlaun Þórbergs Þórðarsonar árið 1989 og Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2002. Hér koma báðar sögurnar saman í einni bók, ásamt ítarlegum eftirmála Valgerðar Brynjólfsdóttur.

Litir íslenska hestsins eftir Friðþjóf Þorkelsson er gefin út hjá Máli og menningu. Litadýrð íslenska hestakynsins er einstakur fjársjóður sem hrossaræktendur hafa borið gæfu til að halda við og hlúa að. Í þessari bók er loksins komið til móts við þarfir hestafólks fyrir skýrt, greinargott og heildstætt yfirlit yfir alla liti og litbrigði íslenska hrossastofnsins. Höfundurinn, Friðþjóður Þorkelsson, hefur af fádæma elju og þolinmæði unnið áratugum saman að því að ljósmynda alla liti og öll litbrigði sem þekkt eru. Sjáldgæfum afbrigðum er gefinn sérstakur gaumur og fylgt er þróun lita frá folaldsaldri til fullorðinsára. Ágúst Sigurðsson, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, ritar formála og vísindalega ráðgjöf veitti dr. Anne Phaff Ussing líffræðingur. Bókin er á fjórum tungumálum: íslensku, ensku, þýsku og dönsku.

12.12.2006

# DAGUR ÍSLENSKRAR TÓNLISTAR

**Íslenskir tónlistarmenn, höfundar, flytjendur, rétthafar, útgefendur og tónlistarunnendur, til hamingju með daginn!**

**Við styðjum íslenska tónlist.**
**Við leikum íslenska tónlist.**
**Við fjöllum um íslenska tónlist.**

Bókmenntaþjóðin er orðin tónlistarþjóð. Íslensk tónlist er það sem víðast hefur borið hróður Íslands frá því að land var numið. Með lögum skal land byggja!

**Treystum grunninn, styrkjum innviðina, njótum afrakstursins. Íslensk tónlist er sómi okkar sverð og skjöldur!**

**Kynntu þér nýja íslenska tónlist á www.plotutidindi.is**


Ný útvarpsstöð
Kaninn Fm 89,0
Kaninn leikur eingöngu íslenska músík
Íslensk músík alltaf!

*Eingöngu íslensk tónlist - allan sólarhringinn*
*Nú getur þú líka hlustað á www.kaninn.is*

**Barna- og unglingaleikhús Austurbæjar kynnir Jólafárið eftir Kikku.**
Lau 9. des kl. 13.00 / Lau 16. des kl. 13.00 / Sun 17. des kl. 13.00 Miðaverð kr. 800
**Hljómsveitin Dúndurfréttir.**
Þri 12. des kl. 20.00 *Pink Floyd* / Þri 12. des kl. 22.30 *Led Zeppelin, Deep purple, Uriah Heep*
Fim 14. des kl. 20.00 *Led Zeppelin, Deep purple, Uriah Heep* / Fim 14. des kl. 22.30 *Pink Floyd*
Miðaverð kr. 3500. Tvennir tónleikar sama dag kr. 5000.
**Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is**

ÖÐRUVÍSI JÓLATÓNLEIKAR
**Kammersveitin Ísafold ásamt Huldu Björk Garðarsdóttur sópran og Ágústi Ólafssyni baritón flytja verk eftir Mahler. Hljómsveitarstjóri: Daníel Bjarnason**
**6. janúar kl. 17.00 í DUUS - húsum í Keflavík**
**7. janúar kl. 20.00 í Íslensku óperunni**
**Miðaverð kr. 2.000**
SpKef
**FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress - STRAVINSKY**
**Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - nokkur sæti laus** - 2. sýn. sun 11. feb. kl. 20
3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20 - **FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX**
**GJAFAKORT Í ÓPERUNA – jólagjöf sem gleður!** Verð við allra hæfi.
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

„KLUKKUSTUND Í ÓSKILUM INNIHELDUR GRÍÐARLEGA ORKU.“
ÓFAGRA VERÖLD

**ÓFAGRA VERÖLD**
Fim 28/12 kl. 20 Forsýning Miðaverð 1.000
Fös 29/12 kl. 20 Frumsýning UPPS.
Fim 4/1 kl. 20 2. sýning Gul kort
Fös 12/1 kl. 20 3. sýning Rauð kort
Fim 18/1 kl. 20 4. sýning Græn kort
Sun 21/1 kl. 20 5. sýning Blá kort

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Lau 30/12 kl. 20 Fös 5/1 kl. 20
Lau 13/1 kl. 20 Fös 19/1 kl. 20

**SAN FRANCISCO BALLETTINN**
Samstarfsverkefni Listahátíðar Reykjavíkur og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20 Miðaverð 4.800

**BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fös 29/12 kl. 20 Lau 30/12 kl. 20
Lau 6/1 kl. 20 Lau 13/1 kl. 20

**MEIN KAMPF**
Sun 7/1 kl. 20 AUKAS.
Sun 14/1 kl. 20 AUKAS.
Lau 20/1 kl. 20 AUKAS.
Lau 27/1 kl. 20 AUKAS.
Síðustu sýningar

**DAGUR VONAR**
Mið 10/1 kl. 20 Forsýning Miðaverð 1.000
Fim 11/1 Afmælissýning UPPS.
Fös 12/1 kl. 20 Fim 18/1 kl. 20
Sun 21/1 kl. 20 Fös 26/1 kl. 20

**AMADEUS**
Sun 7/1 kl. 20 Sun 14/1 kl. 20
Lau 20/1 kl. 20 Allra síðustu sýningar

**FOOTLOOSE**
Lau 6/1 kl. 20 Fim 11/1 kl. 20
Fim 18/1 kl. 20 Lau 27/1 kl. 20

**JÓLALEIKRITIÐ RÉTTA LEIÐIN**
Barna og unglingaleikhúsið Borgarbörn
Í dag kl. 9:30 UPPS.
Mið 13/12 kl. 9:30 UPPS.
Fim 14/12 kl. 9:30 UPPS.
Fös 15/12 kl. 9:30 UPPS.
Lau 16/12 kl. 13:0 Lau 16/12 kl. 15:00
Sun 17/12 kl. 13:00 Sun 17/12 kl. 15:00
Miðaverð 500 virka daga og 1400 um helgar

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Lau 30/12 kl. 14 Sun 7/1 kl. 14
Sun 14/1 kl. 14

**GJAFAKORT**
Gjafakort í Borgarleikhúsið, frábær jólagjöf.
Gjafakortin gilda endalaust!

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


# Rithöfundar með Jólaroll

Það verður jólahrollur í Þjóðmenningarhúsinu fram að jólum en þar verður boðið upp á samnefnda upplestrardagskrá. Tólf rithöfundar eða staðgenglar þeirra munu kveðja sér hljóðs þar líkt og jólasveinarnir sem tínast nú til byggða einn af öðrum, og lesa úr nýjum spennusögum. Lesturinn hefst kl. 12.15 alla dagana. Að honum loknum býðst áhlýðendum súputilboð í veitingastofu Þjóðmenningarhússins.

**YRSA SIGURÐARDÓTTIR RITHÖFUNDUR**
Á lokaorðið í Jólahrollinum og les upp í hádeginu á Þorláksmessu.

Riðið verður á vaðið með spennusögu Arnaldar Indriðasonar, Konungsbók, og mun leikarinn Ingvar E. Sigurðsson lesa úr verkinu í dag. Í þessari viku er síðan von á rithöfundunum Ævari Erni Jósepssyni, Stefáni Mána, Braga Ólafssyni, Einari Hjartarsyni og Stellu Blómkvist en fyrir þann dulúðuga höfund les Ólafía Hrönn Jónsdóttir leikkona.

Sérstök athygli er vakin á því að Konungsbók sú sem bók Arnaldar Indriðasonar er nefnd eftir er engin önnur en Konungsbók Eddukvæða, handrit frá um 1270 sem er nú til sýnis í Þjóðmenningarhúsinu. Af þessu tilefni býðst þeim sem hlýða á upplestur Ingvars E. Sigurðssonar úr Konungsbók í dag að skoða handritið án þess að greiða aðgangseyri að sýningunni. Þar eru aukinheldur til sýnis ýmis merkustu skinnhandrit frá miðöldum, svo sem Flateyjarbók og valin handrit lagabóka, kristilegra texta og Íslendingasagna, og auk þess nokkur mikilvæg pappírshandrit frá seinni öldum. Leiðsögumaður Þjóðmenningarhússins verður á staðnum og veitir gestum nánari upplýsingar um handritin.

Í Þjóðmenningarhúsinu standa enn fremur yfir sýningar á íslenskri tískuhönnun og þýskri bóklist. Þrjátíu og átta úrvalsverk eftir tíu íslenska hönnuði sýna fjölbreytni og sköpunarkraft tískugeirans en á sýningu á bókum Berlínar-forlagsins Edition Mariannenpresse, Berlin Excursion, er boðið til skoðanaferðar um þann geira menningarlífs Berlínar sem getur af sér sérstæðar bækur, sannkölluð listaverk, því um er að ræða sérstaklega hannaðar bækur sem flestar eru gerðar í samvinnu rithöfundar og myndlistarmanns og gefnar út í mjög takmörkuðu tölusettu upplagi. **- khh**

**ÆVAR ÖRN JÓSEPSSON RITHÖFUNDUR**
Les úr bók sinni Sá yðar sem syndlaus er á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Gjafakort fyrir alla fjölskylduna!
Gjafakort í miðasölu og á www.leikhusid.is

**Stóra sviðið kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter
Lau. 6/1, lau. 13/1 lau. 20/1, lau. 27/1.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Fös. 29/12 **kl. 20:00 uppselt**, lau. 30/12 **kl. 14:00 uppselt** og **kl. 17:00 uppselt**, lau. 6/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus,** sun. 7/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 20:00**, lau. 13/1 **kl. 14:00 nokkur sæti laus**, sun. 14/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, lau. 20/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 21/1 **kl. 14:00**.

**BAKKYNJUR** eftir Evripídes
Frumsýning 26/12 **uppselt**, 2. sýn. mið. 27/12 **örfá sæti laus,** 3. sýn. fim. 28/12 **örfá sæti laus**, 4. sýn. fim. 4/1 **örfá sæti laus,** 5. sýn. fös. 5/1 **örfá sæti laus,** 6. sýn. fim. 11/1 **örfá sæti laus**, 7. sýn. fös. 12/1 **nokkur sæti laus,** 8. sýn. fim. 18/1.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Lau. 6/1, lau. 13/1 **nokkur sæti laus**, lau. 20/1
**Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.**

**Kúlan**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 **kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, sun. 7/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, lau. 13/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 14/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00 uppselt**.

**Leikhúsloftið**

**LEITIN AÐ JÓLUNUM** eftir Þorvald Þorsteinsson
Lau. 16/12 kl. 13:00 **uppselt**, kl. 14:30 **uppselt** og kl. 16:00 **uppselt**, sun. 17/12 kl. 13:00 **uppselt**, kl. 14:30 **uppselt** og kl. 16:00 **uppselt**, fös. 22/12 kl. 13:00 **uppselt**, lau. 23/12 kl. 13:00 **uppselt**.

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**


## NÝ TÓNLIST

Út er kominn nýr geisladiskur með tenórsöngvaranum Snorra Wium þar sem hann syngur aríur og sönglög. Það er Jónas Ingimundarson sem leikur á píanó. Þetta er fyrsti geisladiskur Snorra en hann hefur sinnt sönggyðjunni um langa hríð. Hann hóf söngferil sinn með Pólýfón-kórnum, Mótettukór Hallgrímskirkju og Kór Íslensku óperunnar. Snorri hefur sungið fjölda hlutverka á sviði Íslensku óperunnar og má þar nefna hlutverk Malcolms í Macbeth, titilhlutverkið í óperunni Werther og hlutverk Don Basilios og Don Curizos í Brúðkaupi Fígarós. Þá söng Snorri hlutverk Stýrimannsins í uppfærslu Þjóðleikhússins á Hollendingnum fljúgandi eftir Wagner og nú síðast vann hann stórsigur í Brottnáminu úr Kvennabúrinu eftir Mozart. Upptökur fóru fram í Salnum í mars og júní í fyrra, um hljóðritunina sá Sveinn Kjartansson og Vilborg Anna Björnsdóttir hannaði umslag. Snorri gefur diskinn út sjálfur en 12 tónar sjá um dreifingu. Snorri heldur útgáfutónleika í Salnum í Kópavogi næstkomandi fimmtudag ásamt Jónasi Ingimundarsyni píanóleikara.

Ertu að leita að gjöf? – stæði fyrir alla

Á bíl í jólaösinni í miðborg Reykjavíkur. Hvað má bjóða þér? Miðastæði, stöðumæli eða bílahús. Viltu greiða með korti eða krónum, eða kannski gsm símanum þínum?

**Tímamiðar** úr miðamælum gilda áfram þegar lagt er við stöðumæli innan sama gjaldsvæðis.

**Ótakmarkaður tími** býðst á stöðumælum í miðborginni.

Í desember verða **bílahúsin opin klukkustund lengur en verslanir í miðborginni.** Gleðilega aðventu!

Reykjavíkurborg
Bílastæðasjóður
... svo í borg sé leggjandi

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

9 10 11 **12** 13 14 15

**Þriðjudagur**

### SKEMMTANIR

☐ 21.30 Tónleikar á **Café Oliver** Laugavegi. **D&R** halda uppi fjörinu.

### FYRIRLESTRAR

☐ 20.00 **Dr. Adrienne Heijnen,** mannfræðingur við **Háskólann í Árósum**, fjallar í máli og myndum um grímuhefðir granna okkar í vestri, hvernig **Grænlendingar** nota grímur í daglegu lífi, sögulega þróun og þýðingu í samtímanum. Fyrirlesturinn, sem er í boði **Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar** og Kalak, vinafélags Grænlands og Íslands, með stuðningi danska sendiráðsins á Íslandi, verður í **Norræna húsinu** í Reykjavík. Allir velkomnir.

☐ 21.10 Hinar fjölbreytilegu sérfræðileiðsagnir Þjóðminjasafnsins **Ausið úr viskubrunnum** halda áfram. **Þóra Kristjánsdóttir,** list- og sagnfræðingur, verður með erindi og leiðsögn sem hún kallar **Hin mörgu andlit Maríu** í **Þjóðminjasafninu**. Þóra byrjar í fyrirlestrarsal safnsins og gengur síðan með gestum um safnið og bæði sýnir og segir frá Maríu mey. Boðið verður upp á táknmálstúlkun með leiðsögninni.

### SÝNINGAR

☐ 09.00 Í Hallgrímskirkju stendur yfir sýningin **Mynd mín af Hallgrími** þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu. Sýningarstjóri er **Jón Reykdal** en Listvinafélag kirkjunnar stendur fyrir henni.

☐ 11.00 **Rúna (Sigrún Guðjónsdóttir)** sýnir í **Hafnarborg**. Á sýningunni **Ofið úr þögninni** sýnir Rúna verk unnin á pappír með akrýl, olíukrít, pastel og bleki; einnig eru þar myndir unnar á steinleir. Sýningin stendur til 30. desember.

☐ 11.00 Yfirlitssýning á verkum **Drafnar Friðfinnsdóttur** stendur yfir í **Listasafni Akureyrar**. Dröfn lét mikið að sér kveða í íslensku listalífi og haslaði hún sér völl í einum erfiðasta geira grafíklistarinnar, tréristunni. Opið alla virka daga nema mánudaga 12-17.

☐ 14.00 **Helga Óskarsdóttir** og **Kristinn Már Pálmason** sýna verk sín í **Galleríi Kling & bang** um þessar mundir. Sýningarnar eru opnar fimmtudaga til sunnudaga milli 14 og 18.

### BÆKUR

☐ 20.00 Tveir gestir verða á **Skáldaspírukvöldi** í **Iðuhúsinu** í kvöld. **Ævar Örn Jósepsson** les úr bók sinni **Sá yðar sem syndlaus er** og **Kristian Guttesen** upp úr magnaðri skáldsögu, **Brekkunni** eftir norska rithöfundinn **Carl Frode Tiller**. Gestir mega hafa með sér veitingar niður í bókarými. Skipuleggjandi kvöldsins er sem fyrr skáldaspíran með meiru, **Benedikt S. Lafleur.**

☐ 20.00 Árlegur bókakynningarfundur **Sögufélags og Sagnfræðingafélags Íslands** verður í húsi **Sögufélags við Fischersund.** Kynntar verða bækurnar Guðni í Sunnu, Saga biskupsstólanna, Sá nýi yfirsetukvennaskóli og ævisaga Ólafíu Jóhannsdóttur auk annarra rita, m.a. þeirra sem Sögufélagið hefur gefið út á árinu. Léttar veitingar í boði.

### UPPÁKOMUR

☐ 11.00 Jólasveininn **Giljagaur** heimsækir **Þjóðminjasafnið**. Íslensku jólasveinarnir eru hrekkjóttir pörupiltar sem eiga dálítið erfitt með að átta sig í tæknivæddri nútímaveröld en í Þjóðminjasafninu finnst þeim alveg dásamlegt að vera því þar er svo mikið af þjóðlegu dóti sem þeir kunna að meta. Þar stendur líka yfir sýningin Sérkenni sveinanna þar sem nafngiftir þeirra félaga eru útskýrðar á myndrænan hátt. Sveinarnir þrettán munu mæta hver að öðrum í safnið fram til jóla, þar verður meira að segja opið á aðfangadag milli 11 og 12 svo **Kertasníkir** fái einnig að heimsækja safnið.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Hátíðleikinn í Langholtskirkju í kvöld

Söngsveitin Fílharmónía heldur síðari aðventutónleika sína í Langholtskirkju í kvöld kl. 20. Á efnisskránni eru tónverk tileinkuð Maríu mey ásamt jólalögum frá ýmsum löndum, meðal annars frá öllum Norðurlöndunum. Einnig verður frumflutt nýtt verk eftir stjórnanda kórsins, Magnús Ragnarsson.

Einsöngvari að þessu sinni er Hulda Björk Garðarsdóttir sópransöngkona sem áður hefur komið fram með söngsveitinni í flutningi stórra kórverka og á aðventutónleikum, en slíkir tónleikar hafa verið fastur liður í starfi kórsins frá 1989. Á þeim tónleikum hefur jafnan verið flutt fjölbreytt jóla- og hátíðartónlist, íslensk og erlend, bæði ný og gömul. Söng-sveitin hefur gefið út tvo geisladiska með efni sem flutt hefur verið á þessum aðventutónleikum. Organisti á aðventutónleikunum nú er Kári Þormar.

**SÖNGSVEITIN FÍLHARMONÍA** Magnús Ragnarsson stýrir sveitinni og verður nýtt verk eftir hann flutt á tónleikunum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Söngsveitin Fílharmónía var stofnuð árið 1959 til að flytja stór kórverk með Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur allt frá því tekið þátt eða staðið fyrir flutningi flestra helstu kórverka tónbókmenntanna. Nefna má sem dæmi verk eftir Beethoven, Brahms, Händel, Haydn, Mozart og Verdi og íslensku tónskáldin Pál Ísólfsson, Jón Þórarinsson og Þorkel Sigurbjörnsson. Í ríflega tuttugu ár hefur kórinn starfað á eigin vegum og fengið fjölda hljóðfæraleikara og einsöngvara til liðs við sig eftir því sem verkefnin hafa gefið tilefni til hverju sinni.



fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

**MEL B** Samdi illa við mömmu Eddies Murphy.

## Var dónaleg við tengdó

Eins og kunnugt er fékk kryddpían Mel B á dögunum sömu meðferð og Minnie Driver mátti sæta hér um árið, þegar henni var sagt upp í beinni útsendingu eða því sem næst. Nú virðist ástæða sambandsslitanna vera að koma í ljós, því fregnir herma að Mel B og móður Eddies Murphy hafi samið svo illa að hann hafi neyðst til þess að taka afstöðu. Segja vinir hans að það hafi bara einn sigurvegari komið til greina í þeirri vinsældakeppni. Þjónustufólk á heimili Murphy segir kryddpíuna hafa verið dónalega og ruddalega í framkomu, og ef slíkt hið sama átti við um samskipti hennar við tengdamóður sína er varla skrýtið að Murphy hafi látið dömuna sigla sinn sjó, þó að hann hefði getað farið smekklegar að því.

# Margt um manninn hjá Hemma

**Hemmi Gunn hélt upp á sextugsafmæli sitt með veglegri veislu á Broadway á sunnudag. Þar var samankominn stór hópur velunnara, enda hefur Hemmi sett mark sitt á ófáan manninn í gegnum árin.**

„Þetta var alveg stórkostlegt og frábært að finna þennan hlýhug," sagði Hemmi um veisluhöldin. „Þarna voru allir mínir traustustu og bestu vinir samankomnir ásamt meistaradeild skemmtikrafta," bætti hann við. Myndirnar tala sínu máli.

**Í FAÐMI FJÖLSKYLDUNNAR** Hemmi ásamt tveimur börnum sínum, þeim Hendriki Birni og Evu Laufeyju. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

**MEÐ HANGANDI HENDI AÐ VANDA** Raggi Bjarna, einn af góðvinum Hemma, lét ekki sitt eftir liggja og söng fyrir afmælisbarnið.

**ÞAÐ VAR LAGIÐ** Ómar Ragnarsson samdi heilt lag í tilefni tímamótanna og frumflutti það á Broadway, gestum til mikillar ánægju.

**RÍFANDI STUÐ** Eftir fjörutíu ára starf í fjölmiðlum hefur Hemmi eignast vini úr öllum áttum. Þessir vinir létu ekki sitt eftir liggja og fögnuðu almennilega.

**FALLERÍ, FALLERA**... Hemmi þandi raddböndin ásamt áhöfn Halastjörnunnar, enda skemmtikraftur í húð og hár sjálfur.

**TVEGGJA GRÍNISTA TAL** Gestgjafinn hafði í mörg horn að líta meðan á fögnuðinum stóð, en þau hafa væntanlega fá verið skemmtilegri en hornið hans Ladda.

**RÆÐUMAÐUR KVÖLDSINS** Að sögn Hemma fóru ræðumenn kvöldsins á kostum hver á eftir öðrum en Guðni Ágústsson stal þó senunni. Afmælisbarnið lét þó hafa eftir sér að honum hafi ekki litist á blikuna þegar Guðni fór að líkja honum við Ólaf liljurós.

**PRÚÐBÚNIR VEISLUGESTIR** Linda Pétursdóttir var ein af mörgum þjóðþekktum manneskjum sem fögnuðu áfanganum með Hemma á Broadway.

**ÁHÖFNIN Á HALASTJÖRNUNNI** Áhafnarmeðlimirnir Gylfi Ægisson, Þórir Baldursson og Rúnar Júlíusson mættu ekki bara í veisluna heldur tróðu líka upp.

**KVENNAFANS** Magnús Kjartansson tók Flugfreyjukórinn með sér í veisluna. Eftir að hafa sungið svifu freyjurnar að Hemma og smelltu á hann kossi hver á fætur annarri, afmælisbarninu til mikillar ánægju.

# Fiskur og franskar í Tryggvagötu

Fyrrverandi fjölmiðlakonan Erna Kaaber opnaði nýja veitingastaðinn sinn, Icelandic Fish'n Chips, með formlegum hætti fyrir helgina.

Gestirnir fengu að gæða sér á ýsu, gellum og rauðsprettu, djúpsteiktum í speltdeigi með ýmsum tegundum af „skyronese" sósum, auk tveggja tegunda af frönskum kartöflum. Ekki var laust við forvitni hjá gestum sem virtust mjög hrifnir af þessari nýjung í veitingahúsarekstri hér á landi og skoluðu matnum niður með sérpöntuðu hvítvíni.

Spennandi verður að sjá hvernig landinn mun taka í þessa nýbreytni hjá Ernu en þess má geta að allt hráefnið er lífrænt ræktað.

**STOLTIR AÐSTANDENDUR** David Rosengarten, matgæðingur frá Bandaríkjunum, Erna Kaaber og foreldrar hennar, Svanhildur Guðmundsdóttir og Sverrir Kaaber, voru öll í skýjunum með viðbrögð gesta við veitingastaðnum.

**ÁNÆGÐIR GESTIR** Hans Kristján Árnason og Sigríður Þorvarðardóttir voru ánægð í boðinu og skáluðu í sérinnfluttu hvítvíni staðarins.

**HRESSAR VINKONUR** Vinkonurnar Sigríður, Halldóra, Björg og Sóley voru í hrókasamræðum þegar ljósmyndari greip þær í myndatöku. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

TÓNLIST VERÐLÆKKUN

# Tónlistarjól

## Mikið úrval af íslenskri tónlist á frábæru verði

2.999kr.
Verð áður 3.299kr.

**Björgvin Halldórsson og Sinfóníuhljómsveit Íslands**
DVD + CD

2.299kr.
Verð áður 2.999kr.

**Sálin og Gospel**
DVD + CD

2.999kr.
Verð áður 3.299kr.

**100 íslensk jólalög**
5 CD

1.999kr.
Verð áður 2.299kr.

**Friðrik Karls -** Álfar og fjöll

1.999kr.
Verð áður 2.299kr.

**Todmobile -** Ópus 6

1.999kr.
Verð áður 2.299kr.

**Í svörtum fötum -** Orð

1.999kr.
Verð áður 2.299kr.

**Baggalútur -** Jól og blíða

1.999kr.
Verð áður 2.299kr.

**Lay low -** Please don't hate me

1.999kr.
Verð áður 2.299kr.

**Regína Ósk -** Í djúpum dal

1.999kr.
Verð áður 2.299kr.

**Bríet Sunna -** Bara ef þú kemur með

1.999kr.
Verð áður 2.299kr.

**Friðrik Ómar -** Annan dag

Gildir til 14. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Sambandsslit **Eddie Murphy** og fyrrum Kryddpíunnar **Mel B** hafa verið mikið í fréttum að undanförnu. Nýjustu fregnir í þeim málum herma að ástæða þess að Eddie niðurlægði Mel í viðtali með því að segjast ekki viss um faðerni barnsins sem hún ber undir belti sé sú að Mel B hélt framhjá honum. Sögusmettur í Hollywood segja að Eddie hafi ráðið einkaspæjara til þess að fylgjast með Mel og fljótlega komst hann að því að ekki var allt sem sýndist. Þess vegna hefndi hann sín svona hroðalega í viðtalinu. Já, ekki er öll vitleysan eins.

Það gerðist í fyrra að leikarinn **Samuel L. Jackson** neitaði að leika í kvikmynd á móti rapparanum **50 Cent** og gaf upp þá ástæðu að hann ynni ekki með ófaglærðum leikurum. En allt kom fyrir ekki og leika nú kapparnir saman í kvikmyndinni Home of The Brave og keppast við að hrósa hvor öðrum í fjölmiðlum. Jackson segir að 50 cent sé hinn ágætasti leikari en 50 cent segist læra eitthvað nýtt á hverjum degi af Jackson. Hann er algjör meistari, ég sit bara og læri eitthvað nýtt á hverjum degi," segir 50 cent um málið.

# Heimurinn er hér

Borgarmálaráð Samfylkingarinnar blæs til opins fundar í kvöld um málefni innflytjenda. Fundurinn verður á veitingastaðnum DOMO Þingholtsstræti 5 og hefst klukkan 20.

Все с нами

Hãy cùng sát cánh bên nhau

All together

Tout le monde ensemble

Erindi flytja:

**Anh Dao Tran**, verkefnisstjóri.
**,,Framtíð í nýju landi"**

**Ásgeir Beinteinsson**, skólastjóri Háteigsskóla.
**,,Er grunnskólinn fyrir alla Íslendinga?"**

**Haukur Harðarson**, verkefnisstjóri hjá Mími-símenntun.
**,,Sögur af vinnumarkaði"**

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir**, formaður Samfylkingarinnar.
**,,Sköpum jafnvægi í samfélaginu"**

**María Reyndal**, leikstjóri.
**,,Best í heimi"**

**Tatjana Latinovic**, situr í stjórn Alþjóðahúss, samtökum kvenna af erlendum uppruna og Innflytjendaráði.
**,,Jöfn á öllum sviðum"**

Fundarstjóri er **Oddný Sturludóttir**, varaborgarfulltrúi

Allir með!

Samfylkingin
www.samfylkingin.is


# Mont og efasemdir

**TÓNLIST**

**Rottweilerhundur**

Bent

★★★

Þessi fyrsta sólóplata Bents stendur vel fyrir sínu. Taktarnir eru hráir og einfaldir en virka vel og Bent tekst vel að koma frá sér því sem hann vill segja.

Rottweilerhundur er fyrsta sólóplata Ágústs Bents, en hann á að baki tvær plötur sem meðlimur í XXX Rottweilerhundum og plötuna Góða ferð sem hann gerði með 7berg. Nafnið á plötunni Rottweilerhundur er ágætlega við hæfi þar sem flestir taktarnir á henni eru gerðir af Lúlla, aðaltaktsmið XXX Rottweilerhunda, en auk hans eiga nokkrir aðrir taktsmiðir eitt lag hver á plötunni. Í anda ameríska hip-hop stjarna eru nokkrir gestarapparar; - BlazRoca mætir á svæðið í titillaginu Rottweilerhundur og 7berg rappar í laginu Hér kemur flugvélin. Þeir tveir ásamt U-Fresh og B-Kay eiga svo innkomur í endurgerð af laginu Skríbent sem lokar plötunni fyrir utan aukalag sem kemur í ljós nokkrum mínútum eftir að Skríbent rímixið endar.

Það eru mörg flott lög á Rottweilerhundi, þ.á.m. Skríbent (sérstaklega flottur þungur trommutaktur sem stendur alveg einn ef frá er talinn kórsöngur í viðlaginu) og Móða (útvarpsvænsta lag plötunnar. Textinn flottur og líka takturinn sem er gerður af Johnny Sexual) og Rottweilerhundur. Almennt séð eru taktarnir frekar hráir og einfaldir en virka vel og heildarsvipurinn á plötunni er nokkuð sterkur. Lúlli í stuði. Lögin eru samt ekki öll jafn góð. Slakasta lagið að mínu mati er Skunda skakkur.

Bent er fínn rappari. Hann hefur flotta rödd og gott flæði. Textarnir eru líka margir ágætir. Þeir eru skemmtilegt sambland af monti og efasemdum. Ekki að Bent sé eitthvert stórskáld, en honum tekst að koma vel frá sér því sem hann vill segja.

Íslenskt rapp er ekki mjög áberandi í dag, en það eru samt fínir hlutir í gangi. Nýjabrumið er löngu farið og það er ekkert merkilegt lengur í sjálfu sér að gera íslenska rappplötu. Eina leiðin til að vekja athygli er bara að gera góða plötu. Bent hefur tekist það, þó að ekki sé hún fullkomin.

**Trausti Júlíusson**

# *Heim frá Japan*

Benni Hemm Hemm heldur útgáfutónleika í Tjarnarbíói föstudagskvöldið 15. desember. Fagnar hljómsveitin þá útgáfu annarrar plötu sinnar, Kajak, sem hefur fengið góðar viðtökur. Var hún nýverið tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem besta poppplatan.

Hljómsveitin er nýkomin til landsins eftir tónleikahald í Englandi og Japan. Í Englandi lék hljómsveitin á tónleikum á The Luminaire í London. Þaðan var farið til Japan, þar sem hljómsveitin lék á þremur vel heppnuðum tónleikum, tvennum í Tókýó og einum í Kyoto.

Ásamt Benna Hemm Hemm koma fram á útgáfutónleikunum hljómsveitirnar Skakkamanage, Retro Stefson og Hjaltalín. Húsið verður opnað kl. 20.30 og hefjast tónleikarnir kl. 21. Kynnir kvöldsins er Hugleikur Dagsson.

Einungis eru um tvö hundruð miðar í boði á tónleikana. Miðasala fer fram í verslun 12 tóna. Miðaverð er eitt þúsund krónur.

**BENNI HEMM HEMM** Hljómsveitin Benni Hemm Hemm heldur útgáfutónleika í Tjarnarbíói á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






www.haskolabio.is



| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BOSS OF IT ALL | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.12 | NATIVITY STORY | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.7 |
| THE US VS. JOHN.. | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.12 | MÝRIN | kl. 6 - 8 - 10:10 | B.i. 12 |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 5:50 - 8 | Leyfð | THE DEPARTED | kl. 10:10 | B.i. 16 |

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| DEAD OR ALIVE | kl. 4 - 6 - 8 - 9 - 10:10 | B.i.12 | SANTA CLAUSE 3 | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð |
| DEAD OR ALIVE VIP | kl. 5 - 8 - 10:10 | | THE GRUDGE 2 | kl. 5:50 - 10:30 | B.i. 16 |
| SAW 3 | kl. 8 - 10:20 | B.i.16 | FLY BOYS | kl. 8 | B.i. 12 |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| FLUSHED AWAY M/-Ensk tal. | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | Leyfð | | | |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE HOLIDAY | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.7 | |
| DEAD OR ALIVE | kl. 6 - 8 - 10 | B.i.12 | |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð | DIGITAL |
| FLUSHED AWAY M/-Ensk tal | kl. 8 - 10 | Leyfð | DIGITAL |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE HOLIDAY | kl. 8 - 10:30 | Leyfðð |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 8 | Leyfð |
| THE GRUDGE 2 | kl. 10 | B.i. 16 |
| | | |
| | | |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE NATIVITY STORY | kl. 6 | Leyfð |
| DEAD OR ALIVE | kl. 8 - 10 | B.i.12 |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |
| FLUSHED AWAY M/-Ensk tal | kl. 8 | Leyfð |
| THE LAST KISS | kl 10 | B.i.12 |

www.sambioin.is 575 8900 www.sambioin.is

**THE QUEEN** Fékk fjögur verðlaun í heildina, meðal annars fyrir bestu leikkonu og besta handrit.

# Clint og Drottningin verðlaunuð

**Kvikmyndin Letters From Iwo Jima eftir Clint Eastwood var valin kvikmynd ársins af Samtökum gagnrýnenda í Los Angeles, en þeirra árlega verðlaunaafhending fór fram um helgina.**

Verðlaunin þykja gefa góða vísbendingu um hvaða kvikmyndir það verði sem lenda efst á blaði þegar kemur að því að velja Óskarsverðlaunin og því fylgdust margir spenntir með. Letters from Iwo Jima fjallar um seinni heimsstyrjöldina frá sjónarhorni Japana, hún er næstum því öll á japönsku og var einnig tilnefnd sem besta erlenda kvikmyndin.

Kvikmyndin The Queen lenti í öðru sæti, en hún var einnig atkvæðamikil á afhendingunni og sópaði til sín fjórum verðlaunum allt í allt, meðal annars fékk Helen Mirren verðlaun sem besta leikkona í aðalhlutverki og Peter Morgan fyrir besta handrit. Það vakti mikla athygli að Letter from Iwo Jima hafi þótt besta myndin en í flokknum var einnig myndin Flags of Our Fathers, sem líka er

**BARON SACHA COHEN** Þótti besti leikarinn þetta árið, fyrir túlkun sína á Borat í samnefndri mynd.

**CLINT EASTWOOD** Kvikmyndin Letters from Iwo Jima var valin besta mynd, en Flags of Our Fathers sem einnig er eftir Clint var líka tilnefnd.

eftir Eastwood og var eins og margir muna tekin að stórum hluta upp hér á landi.

Besti leikstjórinn var valinn Paul Greengras fyrir kvikmyndina United 93 og í öðru sæti var Eastwood sjálfur fyrir stríðsmyndirnar tvær. Óvæntasti verðlaunahafi hátíðarinnar var án nokkurs vafa leikarinn Sacha Baron Cohen, en hann var valinn besti leikari ársins fyrir túlkun sína á Borat, en verðlaununum deildi hann með Íslandsvininum Forrest Whitaker, en hann þykir skara fram úr fyrir túlkun sína á Idi Amin Dada í kvikmyndinni The Last King of Scotland. Besta erlenda kvikmyndin var valin The Lives of Others eftir Florian Henckel von Donnersmarck, en kvikmyndin Volver eftir Pedro Almodovar fylgdi fast á hæla hennar. Af öðrum verðlaunum ber að nefna kvikmynd Al Gores An Inconvenient Truth sem sigraði í flokki heimildarmynda og fjölskyldumyndina Happy Feet sem þótti besta teiknimyndin. Þess ber að geta að kvikmyndin Letters from Iwo Jima átti ekki að koma út fyrr en snemma á næsta ári, en forsprakkar Warner Brothers ákváðu í flýti að frumsýna hana núna í desember.

dori@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Kvikmyndaleikstjórinn **Spike Lee** er ekki dauður úr öllum æðum enn. Nýlega sendi hann frá sér fjögurra klukkustunda heimildarmynd um Katarinu-hvirfilbylinn, áhrif og afleiðingar í New Orleans og þar áður var það spennumyndin Inside Man. Næsta kvikmynd leikstjórans sem fer í framleiðslu á næsta ári gerist í skugga óeirðanna í Los Angeles en þær áttu sér stað eftir að fjórir lögreglumenn voru sýknaðir af ofbeldisákærum en þeir náðust á myndband við að berja Rodney King nokkurn til óbóta. Segir ofurframleiðandinn **Brian Grazer** að hæfileikar Lees nýtist best í mynd af þessu tagi.

Leikkonan **Renée Zellweger** sem lék Bridget Jones með eftirminnilegum hætti, dundar sér víst við að skrifa endrum og sinnum og er hálfgert skúffuskáld. Hún segist hafa skrifað nokkrar bækur til enda en er ekki alveg viss um hvort hún þori að gefa þær út. „Ég veit ekki hvort ég vilji að fólk sjái þetta, en það gæti alveg breyst," segir Zellweger sem nú síðast lék enska barnabókahöfundinn **Beatrix Potter** í kvikmynd sem er byggð á ævisögu rithöfundarins og ber heitið Miss Potter.

## > Baldur þarf að bíða

Baldur Sigurðsson æfði í síðustu viku með norska úrvalsdeildarliðinu Lyn. Eftir því sem Henning Berg, þjálfari liðsins, segir í viðtali við heimasíðu Lyn þarf Baldur að bíða eitthvað eftir samningstilboði frá félaginu. „Ef við ætlum að fá nýjan leikmann til félagsins þarf hann að vera það góður að hann geti labbað beint inn í byrjunarliðið. Það eru fyrir mjög góðir leikmenn hjá félaginu," sagði Berg. Baldur var ekki sá eini sem æfði með félaginu til reynslu því tveir leikmenn frá Nígeríu æfðu með liðinu á sama tíma.

sport@frettabladid.is

B-LIÐ KEFLAVÍKUR: GUÐJÓN SKÚLASON OG GAMLAR KEFLAVÍKURKEMPUR LÉKU SAMAN Á NÝ

# Setti nokkra þrista úr horninu

Einu reynslumesta byrjunarliði sögunnar var stillt upp í B-liði Keflavíkur sem mætti bikarmeisturum Grindavíkur í bikarkeppni KKÍ og Lýsingar í fyrrakvöld. Í liðinu voru þeir Jón Kr. Gíslason, Falur Harðarson, Guðjón Skúlason, Sigurður Ingimundarson og Albert Óskarsson. Samanlagt eiga þessir menn 1507 úrvalsdeildarleiki að baki sem og 451 A-landsleik.

„Þetta var hörkuleikur enda finnur maður vel fyrir því í dag," sagði Guðjón við Fréttablaðið í gær. „Maður getur varla gengið upp stiga og ég veit að þetta verður erfið vika," sagði hann og hló.

Fjölmargir áhorfendur lögðu leið sína í sláturhúsið í Keflavík til þess að horfa á þetta stjörnum prýdda lið sem lék síðast saman árið 1991. Og reynsluboltarnir gáfu ekkert eftir og komust meira að segja yfir í þriðja leikhluta. En úthaldið reyndist meira hjá Grindvíkingum sem skildi á milli að lokum.

„Við ætluðum okkur að vinna þennan leik og slá bikarmeistarana úr leik," sagði Guðjón sem spilaði nokkra leiki með Keflavík í fyrra vegna manneklu. Það segir hann aðallega hafa verið gert til málamynda.

„Ég hef lítið sem ekkert æft í vetur og þarf meiri undirbúning en það fyrir svona leik."

Hann sýndi þó gamalkunna takta og setti eina fjóra þrista, þar af einn eða tvo úr horninu að eigin sögn.

„Þetta var algert topplið og við sáum að við verðum að hóa þessum hópi saman aftur. Ætli við þurfum þó ekki að velja okkur aðeins slakari mótherja þá."

Guðjón hyggur ekki á frekari afrek í körfunni í vetur þrátt fyrir allt. „Það er ágætt að vita hvar maður stendur. En ef við ætluðum að spila eitthvað meira þyrfti að minnsta kosti tveggja vikna hlé á milli leikja."

Grindavík sigraði að lokum í leiknum, 116-88.

Alan Pardew sendi frá sér tilkynningu í gær:

# Óskar Eggerti og West Ham alls hins besta

**FÓTBOLTI** Alan Pardew sendi í gær frá sér sína eigin tilkynningu þar sem hann ávarpaði fyrst og fremst stuðningsmenn liðsins.

„Ég er stoltur af mínum afrekum hjá West Ham. Þegar ég tók við liðinu var það stefnulaust í 1. deildinni. Okkur tókst að vinna okkur sæti í umspilskeppninni um úrvalsdeildarsæti tvö tímabil í röð og tryggja félaginu þann sess sem það á skilið í úrvalsdeildinni síðara árið.

Ég er einnig stoltur af fyrsta tímabili okkar í efstu deild þegar við náðum níunda sæti og vorum afar nálægt því að vinna bikarkeppnina. Stuðningsmenn West Ham hafa staðið þétt að baki mér og mun ég ávallt varðveita minningar um stuðning þeirra og dyggð á meðan illa gekk á núverandi tímabili.

Ég þakka þeim frá innstu hjartarótum. Þetta er sannarlegur sérstakur stuðningsmannahópur.

Stoltastur er ég af leikmönnunum sem hafa margir hverjir þroskast og orðið góðir úrvalsdeildarleikmenn undir leiðsögn minni og míns þjálfaraliðs.

Starfsmenn félagsins, þjálfarar og læknar, eru í hæsta gæðaflokki og vil ég óska nýja stjórnarformanninum, Eggerti Magnússyni, og félaginu alls hins besta í framtíðinni." - esá


**Knattspyrnuskóli Kristjáns Bernburg**
**Knattspyrnuskóli Kristjáns Bernburg 4-12 ágúst**

Líkt og undanfarin ár bjóðum við upp á þennan sívinsæla knattspyrnuskóla í Lokeren í Belgíu.
Skólinn er ætlaður fyrir pilta á aldrinum 13-16 ára og er eingöngu pláss fyrir 24 í skólann.
Æfingum er stjórnað af hámenntuðum þjálfurum frá Belgíu og Hollandi og er meðal annars boðið upp á sérstaka markmannsþjálfun í hæðsta gæðaflokki.
Áherlsla er lögð á að piltarnir bæti sig sem knattspyrnumenn í skólanum og er boðið upp á ýmsa fræðslu auk æfinganna sjálfra.
Íslenskur fararstjóri, Þórir Bergsson margreyndur unglingaþjálfari, er með hópnum allan tímann og skólastjóri er Kristján Bernburg sem búsettur er í Lokeren
Nánari upplýsingar um skólann er að finna á heimasíðu okkar www.uu.is

**Verð: 123.500 kr.**
*Innifalið:* flug, skattar, gisting allan tímann með fullu fæði, öll þjálfun, fararstjórn, allur akstur og búningur merktur skólanum

**Knattspyrnuskóli Manchester United**
**Tvö námskeið: 27. júlí - 3. ágúst og 3. ágúst - 10. ágúst**

Í ár bjóðum við upp á tvö námskeið í Knattspyrnuskóla Man.Utd (Man.Utd soccer school).
Skólinn er ætlaður piltum og stúlkum á aldrinum 12-16 ára og er lágmarksfjöldi á hvort námskeið 30 krakkar
Krökkunum er skipt upp eftir kyni, og er því skólinn haldinn á tveimur stöðum sem þó eru nálægt hvor öðrum.
Boðið er upp á dagsferð í Alton Towers skemmtigarðinn, auk þess sem Old Trafford heimavöllur Man.Utd er heimsóttur
Öll þjálfun er í höndum unglingaþjálfara sem uppfyllt hafa strangar kröfur Man.Utd um að fá að starfa við skólann
Nánari upplýsingar um skólann er að finna á heimasíðu okkar www.uu.is

**Verð: 119.900 kr.**
*Innifalið:* flug, skattar, rútur til og frá flugvelli, gisting með fullu fæði, skoðunarferð um Old Trafford, ferð í Alton towers, bolur og húfa merkt skólanum, öll kennsla og þjálfun og íslensk fararstjórn

**Skráning í skólana er hjá Úrval Útsýn í síma 585-4000 eða á tölvupósti tonsport@uu.is**

**STUTT SAMSTARF** Eggert Magnússon og Alan Pardew á Upton Park þegar tilkynnt var um yfirtöku Eggerts. NORDIC PHOTOS/AFP

# Eggert rak Alan Pardew

**West Ham sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem fram kom að knattspyrnustjóri liðsins, Alan Pardew, hefði verið leystur frá störfum. Liðið tapaði 4-0 fyrir Bolton á útivelli um helgina. Alan Curbishley þykir líklegur eftirmaður.**

**FÓTBOLTI** Alan Pardew hefur verið rekinn úr starfi knattspyrnustjóra enska úrvalsdeildarfélagsins og reyndist það vera eitt af fyrstu verkum Eggerts Magnússonar sem stjórnarformaður félagsins. Hann og Björgólfur Guðmundsson keyptu West Ham í síðasta mánuði og vann liðið fyrsta leikinn eftir að það var tilkynnt, gegn Sheffield United. Síðan þá hefur gengi þess verið eins og það var stærstan hluta haustsins og nú um helgina tapaði West Ham illa fyrir Bolton á útivelli, 4-0. Markatala félagsins í síðustu þremur leikjum liðsins er 0-8.

West Ham er í 18. sæti ensku úrvalsdeildarinnar og á í harðri fallbaráttu eins og sakir standa. Það var yfirlýst markmið Eggerts Magnússonar að koma félaginu í fremstu röð sem allra fyrst og ljúka þessu keppnistímabili í efri hluta deildarinnar.

„Eggert Magnússon stjórnarformaður og stjórn félagsins telur það þjóna best hagsmunum félagsins að kalla nú á breytingar," sagði í yfirlýsingu frá félaginu.

Kevin Keen tekur tímabundið við starfi Pardews en hann starfar sem þjálfari aðalliðsins. Enskir fjölmiðlar sögðu í gær að Alan Curbishley, fyrrverandi stjóri Charlton, sé hvað líklegastur sem eftirmaður Pardews.

Þegar Eggert var kynntur til sögunnar sem nýr eigandi félagsins sagði hann að Alan Pardew nyti síns trausts sem knattspyrnustjóri liðsins.

Fyrir aðeins sjö mánuðum var Pardew aðeins fáeinum mínútum frá að vinna ensku bikarkeppnina með West Ham og stýrði hann liðinu í níunda sæti úrvalsdeildarinnar. Hann tók við liðinu haustið 2003 og kom liðinu upp í úrvalsdeildina vorið 2005.

Pardew hóf þjálfaraferil sinn hjá Reading árið 1999 þar sem hann var uns hann tók við West Ham.

Á 20. öldinni voru aðeins átta knattspyrnustjórar við völd hjá félaginu sem lék sitt fyrsta tímabil í deildakeppni árið 1902. Stjórnartíð Pardew fer því í sögubækurnar sem ein sú skemmsta í sögu félagsins.

Pardew er annar stjórinn í ensku úrvalsdeildinni þetta tímabilið sem fær að taka staf sinn og hatt. Hinn er Ian Dowie, stjóri Charlton og eftirmaður Alans Curbishley hjá því félagi.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

Amare Stoudemire fer á kostum með Phoenix Suns:

# Tíundi sigur Phoenix í röð

**KÖRFUBOLTI** Phoenix Suns eru enn á hörkusiglingu í NBA-deildinni en í fyrrinótt vann liðið sinn tíunda sigur í röð. Í þetta sinn á Charlotte Bobcats, 114-84.

Amare Stoudemire fer á kostum sem aldrei fyrr en hann skoraði 22 stig í leiknum og tók tólf fráköst. Var það sjöunda tvöfalda tvennan hans í síðustu átta leikjum Phoenix.

„Við spiluðum góðan körfubolta í kvöld," sagði hann eftir leikinn. „Það er það sem þarf til að vinna þessa sterku deild. Okkar markmið er að vinna meistaratitilinn og ef ég get bætt minn leik eigum við meiri möguleika á að ná því markmiði."

Boris Diaw skoraði sautján stig fyrir Phoenix og Steve Nash ellefu auk þess sem hann gaf tíu stoðsendingar.

Kobe Bryant fór fyrir LA Lakers sem vann góðan sigur á San Antonio Spurs, 106-99. Kobe skoraði 34 stig en hann missti af síðasta leik Lakers þar á undan vegna meiðsla á ökkla. Var það fimmti sigur liðsins í sex leikjum.

Sem fyrr ber vesturdeildin höfuð og herðar yfir austurdeildarliðin. Utah, Lakers, Phoenix, San Antonio, Houston og Dallas eru bestu lið NBA-deildarinnar eins og stendur og þurfa meistarar Miami að fara að hysja upp um sig ætli liðið sér að eiga þess kost að verja titilinn í úrslitakeppninni. - esá

**STOUDAMIRE** Treður hér yfir Emeka Okafor. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Íslensku jólalögin!

...Þú komst með jólin til mín · Ég hlakka svo til · Jól · Kæri jóli Snjórinn fellur · Verði ég bara heima um jólin · Gamli jólasveinn · Mamma · Manstu það? · Góða nótt Bráðum koma jólin · Grenitré · Jólin eru að koma · Höldum heilög jól · Betlehem · Þeir koma þar · Á jólunum er gleði og gaman · Jól yfir borg og bæ · Jólasveinarnir Kom allir hér · Hring, þú bjallan fagra · Upp, þér hirðar · Jólaklukkur · Jól á hafinu · Gefðu mér gott í skóinn · Jólin allsstaðar · Snæfinnur snjókarl · Hvít jól · Hátíð í bæ Jólasnjór · Ég sá mömmu kyssa jólasvein · Jólasveinninn minn · Litla jólabarn · Jólin koma Loksins komin jól · Meiri snjó · Jólainnkaupin · Hvít jól · Hátíð í bæ · Stjarna stjörnum fegri · Snæfinnur snjókarl · Klukkur jólasveinsins · Heilaga nótt · Jólaklukkur · Ljósanna hátíð · Aðfangadagskvöld · Í Betlehem er barn oss fætt · Göngum við í kringum · Jólasveinar einn og átta · Hvít jól · Hún Þyrnirós var besta barn · Mamma mín · Jólaklukkur · Hátíð í bæ · Jólaljós skært · Ef hjá honum pabba einn fimmeyring ég fengi · Það á að gefa börnum brauð · Adam átti syni sjö · Hvar sem flýtur mitt fley · Heims um ból · Jólasyrpa · Svo er ein handa þér · Rokkað í kringum jólatréð · Mig langar heim á Syðra-Hól · Skrámur skrifar jólasveininum · Nei, nei, ekki um jólin · Glæddu jólagleði í þínu hjarta · Komdu um jólin · Syngjum öll · Ég ætla að skreyta jólatréð · Bæjarferð með Hurðaskelli og Stúfi · Básúnan mín · Á góðri jólastund með · Bryndísi Schram · Jólasveinafylkingin · Handtaka jólasveinanna · Jólasveinar í danstíma Áramótadans Grýlu og Leppalúða · Allir upp á sleðann · Hurðaskellir og Stúfur · Heiðra skulum vér herrann Krist · Heyr himnasmiður · Í dag er glatt · Það aldin út er sprungið · Af himnum ofan boðskap ber · Sjá himins opnast hlið · Í Betlehem er barn oss fætt · Nóttin var sú ágæt ein · Heims um ból · Gefðu að móðurmálið mitt · Lof sé þér Guð · Allt eins og blómstrið eina · Í dauðans böndum Drottinn lá · Kristur reis upp frá dauðum · Guð helgur andi, heyr oss nú · Mín sál, þinn söngur hljómi · Tíminn flýgur Gleði og friðarjól · Jólaómur...

## Við komum þér í jólastemninguna

**Þú færð aðgang að yfir 60.000 lögum og 2.000 myndböndum!**

TONLIST.IS

**SIR ALEX** Eldri en tvæ vetur í bransanum.

Sir Alex Ferguson:

## Ekki hlusta á Mourinho

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, hefur varað leikmenn sína við því að hlusta ekki of mikið á Jose Mourinho, stjóra Chelsea, sem sagði leikmönnum United að passa sig þar sem baráttan um titilinn væri ekki á enda þótt United væri með átta stiga forystu í deildinni.

„Við lendum í vandræðum ef við hlustum of mikið á Jose," sagði Ferguson sem er ekki alls ókunnur slíkum leikjum. „Leikmenn mínir munu ekki falla í þá gryfju að telja mótið unnið á þessum tímapunkti. Við munum einbeita okkur að því að halda haus því stöðugleikinn verður að vera til staðar." **- hbg**

Joe Cole:

## Kominn í frí

**FÓTBOLTI Enski landsliðsmaðurinn Joe Cole mun ekki leika meira með Chelsea á þessu ári eftir að í ljós kom að hann hefði fótbrotnað í leiknum gegn Man. Utd á dögunum.**

**Cole verður að taka sér að minnsta kosti mánaðarhvíld og þetta er enn eitt áfallið fyrir Cole sem hefur aðeins verið þrisvar í byrjunarliði Chelsea í vetur. - hbg**

Mikill hiti í leikmönnum Chelsea og Arsenal eftir leik liðanna um helgina:

# Starfsmenn komu í veg fyrir slagsmál hjá Cole og Fabregas

**FÓTBOLTI** Það gekk mikið á þegar Chelsea og Arsenal gerðu jafntefli á Stamford Bridge um helgina. Ballið var ekki búið þegar leikurinn var flautaður af því Cesc Fabregas, leikmanni Arsenal, og Ashley Cole, leikmanni Chelsea og fyrrum leikmanni Arsenal, lenti saman eftir leikinn og varð að stía þeim í sundur svo þeir færu ekki að slást.

Breskir fjölmiðlar hafa greint frá því að Cole hafi boðist til að taka í hönd Fabregas í leikslok en það hafi Spánverjinn ungi ekki viljað sjá. Cole reyndi að róa Fabregas en það skilaði litlu því hann hellti sér duglega yfir Cole og kallaði hann öllum illum nöfnum. Þegar þeim báðum var orðið mjög heitt í hamsi gengu starfsmenn Chelsea á milli áður en þeir byrjuðu að láta hendur skipta.

Talið er að rekja megi reiði Fabregas í garð Cole til ævisögu þess síðarnefnda sem kom út fyrir fáum misserum síðan. Þar sagði Cole að missir Patrick Vieira fyrir Arsenal væri gífurlegur. „Með fullri virðingu fyrir Fabregas þá er hann enginn Patrick. Þetta er eins og taka hanska þungavigtarmeistara og setja þá á hendurnar á óreyndum fjaðurvigtarkappa," segir í ævisögu Cole en hann gefur einnig í skyn í bókinni að það hafi verið Fabregas sem kastaði flatböku í Sir Alex Ferguson, stjóra Man. Utd, eftir frægan leik United og Arsenal.

**- hbg**

**SKAPHEITIR** Cesc Fabregas heldur hér aftur af skapheitum Ashley Cole þegar þeir léku saman með Arsenal. Vinskapur þeirra virðist ekki vera mikill í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Niðurstöðu að vænta í málefnum kvennalandsliðsins í knattspyrnu:

## Eggert mun greina frá niðurstöðunni

**FÓTBOLTI** Kjartan Daníelsson, formaður landsliðsnefndar kvenna, segir að niðurstöðu sé að vænta í málefnum A-landsliðs kvenna en málefni landsliðsins, sem hafa verið talsvert í brennidepli síðustu vikur, voru rædd á stjórnarfundi KSÍ í síðustu viku.

„Ég vísa á forystumenn knattspyrnusambandsins en við tilkynnum eitthvað síðar í mánuðinum," sagði Kjartan en hvað nákvæmlega á að tilkynna? „Niðurstöðu stjórnarfundarins. Formaðurinn mun tilkynna það síðar. Meira hef ég ekki um málið að segja," sagði Kjartan stuttur í spuna. **- hbg**

**EGGERT MAGNÚSSON** Hefur ekkert tjáð sig um málefni kvennalandsliðsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

**TOMLINSON** Var vel fagnað er hann setti metið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

LaDainian Tomlinson:

## Setti snertimarkamet í NFL

**NFL** Hlaupari San Diego Chargers í amerísku ruðningsdeildinni, NFL, setti sögulegt met um helgina þegar hann skoraði sitt 29 snertimark á leiktíðinni og bætti þar með eins árs gamalt met Shaun Alexander yfir flest snertimörk á einni leiktíð.

Það sem gerir met Tomlinson glæsilegra en ella er sú staðreynd að hann sló það í þrettán leikjum og enn eru þrír leikir eftir af leiktíðinni. **- hbg**

Stórtíðindi hjá Sixers:

## Hvert fer Allen Iverson?

**KÖRFUBOLTI Allt útlit er fyrir að Allen Iverson fari frá Philadelphia 76ers á næstu dögum eftir ellefu ára dvöl hjá félaginu. Stjórnarformaður Sixers, Ed Snider, sagði fjölmiðlum á föstudag að allt útlit væri fyrir að hann hefði spilað sinn síðasta leik fyrir félagið.**

**Fjölmiðlar vestra velta sér mikið upp úr því hvert hann gæti farið og er ljóst að um einhver athyglisverðustu félagaskipti síðustu ára eru framundan í NBA-deildinni. - esá**


Glimrandi góður hljómur yfir jólin!

PHILIPS

DIVX VIDEO

Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0/Ultra – Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG

**Philips HTS3115**
HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DivX DVD SPILARA, 500w (4x75w og 2x100w RMS) Digital magnara, Video Upscaling í 720p/1080i, 2 framhátölurum á gólf, miðja, 2 litlir bakhátalarar og Bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með stöðvaminnum, SCART (með RGB) og HDMI tengi, Aux inn og fjarstýringu.

TILBOÐ 29.995
FULLT VERÐ 39.995

**Kenwood og Dali HEIMABÍÓPAKKI**
**Kenwood** KRF-V5100D 5x120w RMS Dolby Digital Ex/DTS-ES **MAGNARI**
**Kenwood** DVF-3300-B fjölkerfa DivX **DVD SPILARI**
**Kenwood** KS-3200HT 5x120w **HÁTALARASETT**
**Dali** AW10 60w **BASSABOX**

HEIMA BÍÓ PAKKI

TILBOÐ 89.995
FULLT VERÐ 109.995

Spilar CD og CD-R/RW

NAD DALI

STEREÓ PAKKI

**NAD og Dali STEREÓ PAKKI**
2x110w (2x50w RMS) **NAD MAGNARI** með 7 inngöngum, Pre Out, MP3 tengi að framan og fjarstýringu
**NAD CD SPILARI** með Burr-Brown Sigma-Delta 20bita DAC.
150w **Dali CONCEPT GÓLFHÁTALARAR** með 39Hz-30kHz tíðnisviði og 91dB næmni.

TILBOÐ 99.995
FULLT VERÐ 124.995

CASIO

**Casio SA75**
HLJÓMBORÐ með 3 áttundum, 37 nótum, 100 hljóðum, 4 nótna polyfóníu, 30 prógrömmum, 10 innbyggðum lögum og hljóðnema.

TILBOÐ 7.995
FULLT VERÐ 9.995

**Casio CTK800**
61 nótna HLJÓMBORÐ með ásláttarnæmni, 32 nótna pólifóníu, 500 hljóðum og 120 rythmum, 3ja skrefa kennslukerfi, LCD skjá með baklýsingu, tengi fyrir USB, míkrafón og pedala.

TILBOÐ 22.995
FULLT VERÐ 26.995

**Casio CTK230**
HLJÓMBORÐ með 4 áttundum, 49 nótum, 100 hljóðum, 12 nótna polyfóníu, 10 prógrömmum, 50 innbyggðum lögum og hljóðnema.

VERÐ 14.995
FRÁBÆRT VERÐ

HLJÓMBORÐ MEÐ ÁSLÁTTARNÆMNI

SOUND TECHNOLOGY CASIO

TILBOÐ 49.995
FULLT VERÐ 59.995

**CASIO RAFMAGNSPÍANÓ**
**Casio CDP100**
88 nótna RAFMAGNSPÍANÓ með 32 nótna pólifóníu, 5 hljóðum og 20 rythmum, Midi In/Out, tengi fyrir 2 heyrnartól og 2 pedala. Spennubreytir og pedali fylgja.

Heimilistæki
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT www.ht.is

REYKJAVÍK SÆTÚNI 8 SÍMI 569 1500
AKUREYRI GLERÁRGÖTU 36 460 3380
SELFOSS EYRARVEGI 21 480 3700

www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

# Jólatilboð!

# VAXTALAUSAR GREIÐSLUR!

Nú getur þú keypt þér alvöru ameríska **heilsurúm** frá **King Koil** og fengið að skipta því niður á allt að **12 mánuði VAXTALAUST** (Visa/Euro) ásamt fjölda annara hluta fyrir svefnherbergið.

Full búð af frábærum heilsukoddum, rúmteppum, sængurverum, sængum, yfirdýnum, hlífðardýnum og lökum á allar stærðir ameríska rúma.

PowerComfort™

**VERÐDÆMI**
Rafmagnsrúm
(Twin XL 97x203 cm)
149.000 kr.
**12.141 kr.**
**vaxtalaust í 12 mánuði!**
5.498 kr. í 36 mánuði miðað við 16,85% breytilega vexti

**VERÐDÆMI**
Spine support
(Queen size153x203 cm)
139.400 kr.
**11.760 kr.**
**vaxtalaust í 12 mánuði!**
4.600 kr. í 36 mánuði miðað við 16,85% breytilega vexti

# POWER COMFORT

Fjölstillanleg rafmagnsrúm frá King Koil.
Allar tegundir af dýnum: Latex, Memory foam (þrýstijöfnunarsvampur) og gormadýnur.

COMFORT solutions®
By King Koil®

Good Housekeeping

## Svefnsófar

Eitt mesta úrval af svefnsófum á landinu!

Þægilegir svefnsófar í ýmsum gerðum og stærðum. Fjölmargir litir!

Jólatilboð!
Mirai svefnsófi
**kr. 49.400**

## Comfort solutions by King Koil

- Ameríska heilsudýnur í hæsta gæðaflokki.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (alþjóðarannsóknasamtök kíropraktora) og Good housekeeping, stærstu neytenda-samtök í Bandaríkjunum.

Mikið úrval af fallegum og vönduðum svefnherbergishúsgögnum á góðu verði. Rúm, rúmgaflar, náttborð, kommóður og skenkar ásamt barnarúmum og rekkjum.

Rekkjan Heilsurúm

Rekkjan ehf | Skipholti 35 | 105 Reykjavík | 588 1955 | www.rekkjan.is

> **Kim Basinger**

Fæddist í Athens í Georgíuríki árið 1953. Kim hlaut Óskarsverðlaun fyrir kraftmikinn leik í myndinni „L.A. Confidental" sem vændiskonan Lynn Bracken. Kim var gift leikaranum Alec Baldwin og á með honum eitt barn. Kim lék á móti Al Pacino í myndinni „People I Know" sem er sýnd á Stöð 2 bíó í kvöld á miðnætti.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR HORFÐI Á FRIEDMAN

## *Þriðjudagur til þrautar*

Einu sinni var alltaf leiðinlegt sjónvarp á mánudögum. Það var meira að segja svo leiðinlegt að fólk fór óvenjulega mikið í bíó á mánudögum, bara af eintómum leiðindum. Þá voru útlenskar myndir sýndar í bíó (og með útlenskar á ég við á öðru tungumáli en ensku), listrænar og öðruvísi myndir. Svokallaðar mánudagsmyndir. Þegar sjónvarpsstöðvum fjölgaði sá einhver markaðstækifæri í því að létta dagskrána á mánudögum og um sama leyti hætti fólk að borða soðna ýsu á mánudögum til að bæta fyrir syndir helgarinnar. En í staðinn fyrir að nú yrðu allir dagar jafnskemmtilegir þá færðust leiðindin yfir á þriðjudaga. Og nú er ekkert í sjónvarpinu á þriðjudögum sem ég get hugsað mér að horfa á. Í gærkvöld gat ég til dæmis valið um þátt um löggur sem elta fjöldamorðingja, efni sem ætti að vera skemmtilegt en virkar einhvern veginn alls ekki í þessum þætti, tvo aldraða raunveruleikaþætti um fólk sem ætti löngu að vera búið að éta hvað annað úr tómum leiðindum, unglingaþætti og endursýningar á endursýningar ofan. Ein þeirra er reyndar eftirtektarverð og nokkuð sjaldséð og ég er að spá í að leggja mig yfir hinu sjónvarpsefninu svo ég verði í stuði til að sjá þetta. Friedman í sjónvarpssal 1984 verður örugglega bráðskemmtilegur áhorfs, heimild um horfinn tíma, bæði í fjölmiðlum og veröld sem var. Milton Friedman var víst frekar merkilegur kall, voða frjálslegur í hugsun og svona. Og svo má auðvitað hlæja vel og lengi að hárgreiðslu helstu ráðamanna þjóðarinnar.

## EKKI MISSA AF

▶ **20.00 Queer Eye** SKJÁR EINN

▶ **20.55 NCIS** STÖÐ 2

▶ **21.00 24** SIRKUS

▶ **21.25 Himneskir tónar** SJÓNVARPIÐ

▶ **23.50 Ensku mörkin** SÝN

## SJÓNVARPIÐ

**17.00 Jóladagatalið - Stjörnustrákur**
**17.10 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**17.55 Magga og furðudýrið (14:26)** (Maggie and the Ferocious Beast)
**18.20 Kappflugið í himingeimnum (14:26)** (Oban Star-Racers)
**18.45 Jóladagatalið - Stjörnustrákur**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Veronica Mars (15:22)** (Veronica Mars II) Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem tekur til við að fletta ofan af glæpamönnum eftir að besta vinkona hennar er myrt og pabbi hennar missir vinnuna.
**21.00 Svona var það (22:22)**
▶**21.25 Himneskir tónar** Búlgarski kvennakórinn Angelite á tónleikum í Hallgrímskirkju á Listahátíð í Reykjavík í sumar. Dagskrárgerð: Arnar Þór Þórisson.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Örninn (7:8)** (Ørnen) Danskur spennumyndaflokkur um hálfíslenskan rannsóknarlögreglumann í Kaupmannahöfn, Hallgrím Örn Hallgrímsson, og baráttu hans við skipulagða glæpastarfsemi. Þessi þáttur og sá síðasti, sem verður sýndur að viku liðinni, voru að hluta til teknir á Íslandi. Meðal leikenda eru Jens Albinus, Ghita Nørby, Marina Bouras, Steen Stig Lommer, Janus Bakrawi, Susan A. Olsen, David Owe. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.25 Dauðinn í deiginu** Ný þýsk sakamálamynd. Leikstjóri er Jochen Nitsch og meðal leikenda eru Dietz-Werner Steck, Rita Russek, Rüdiger Wandel og Walter Schultheiß.
**0.55 Kastljós**
**1.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Kalli á þakinu**
**8.00 Hackers**
**10.00 Fíaskó**
**12.00 The Notebook**
**14.00 Kalli á þakinu**
**16.00 Hackers**
**18.00 Fíaskó**
**20.00 The Notebook**
**22.00 The Woodsman**
**0.00 People I Know**
**2.00 Ash Wednesday**
**4.00 The Woodsman**

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið**
**9.00 Bold and the Beautiful**
**9.20 Í fínu formi 2005**
**9.35 Martha**
**10.20 Ísland í bítið (e)**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Neighbours**
**13.05 Valentína** (My Sweet Fat Valentina)
**13.50 Silfur Egils** Vikulegur umræðuþáttur í beinni útsendingu þar sem Egill Helgason fer yfir helstu þjóðmálin ásamt vel völdum álitsgjöfum.
**15.25 Whose Line Is it Anyway? 4**
**15.50 Mr. Bean**
**16.13 Shin Chan** Leyfð öllum aldurshópum.
**16.38 Nornafélagið**
**17.03 Tasmanía** (Taz-Mania)
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Íþróttir og veður**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Simpsons (12:21)**
**20.05 Amazing Race**
▶**20.55 NCIS (22:24)**
**21.40 Prison Break (9:22)** Michael vingast við eiginkonu Mahones til að fræðast meira um þann sem veitir honum eftirför. L.J. og Lincoln lenda í svaðilför og T-Bag fær óvæntan glaðning. Eiginkona C-Notes þarf að velja á milli eiginmanns síns og dóttur. 2006. Bönnuð börnum.
**22.25 The Unit (1:13)** Bönnuð börnum.
**23.10 Thief (3:6)** (Þjófur)(3:6) Nick þarf nauðsynlega að komast í peningaskáp Roz til að teymið geti ýtt ætlunarverki sínu úr vör. Bönnuð börnum.
**23.55 Numbers (8:24)**
**0.40 My Little Eye** (Undir eftirliti) Krassandi hrollvekja. Hópur unglinga fellst á að láta loka sig inni í afskekktri villu þar sem leynilegum myndavélum hefur verið komið fyrir í hverju skúmaskoti. Þeir halda að hér sé um saklausa tilraun að ræða en vita ekki að í undirbúningi eru skelfileg fjöldamorð. Stranglega bönnuð börnum.
**2.15 Sleeping Dictionary** Bönnuð börnum.
**4.00 Ísland í bítið e.**
**5.35 Fréttir og Ísland í dag**
**6.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider (e)**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**20.00 Entertainment Tonight**
**20.30 The Hills** Lauren úr Laguna Beach þáttunum er flutt til L.A. og er á leiðinni í skóla. Með skólanum hefur hún ráðið sig í vinnu hjá hinu vinsæla tímariti Teen Vogue. Í þessari þáttaröð fáum við að fylgjast með Lauren í hinu daglega lífi þar sem hún reynir að sameina skólann, vinnuna og vinina.
▶**21.00 Twenty Four (1:24)**
**21.45 Twenty Four (2:24)**
**22.30 Insider** Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider.
**23.00 Four Kings (e)** Drepfyndnir gamanþættir frá höfundum Will & Grace þar sem fylgst er með fjórum æskuvinum sem ákveða að flytja saman í íbúð í New York. Vinirnir, sem eru allir á þrítugsaldrinum, hegða sér ennþá eins og þeir séu unglingar en alvara lífsins er þó skammt undan hjá þeim. Þegar vinirnir flytja í íbúðina fer fyrst að reyna á vinskap þeirra og alls ekki víst að vinskapurinn þoli sambúðina. Með aðalhlutverk fer leikarinn Seth Green en flestir muna eflaust eftir honum úr Austin Powers myndunum og Italian Job.
**23.25 Seinfeld** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**23.50 Entertainment Tonight (e)** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjum fréttum af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomum sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum. Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum.
**0.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**7.00 6 til sjö (e)**
**8.00 Rachael Ray (e)**
**8.50 Innlit / útlit (e)**
**15.00 Just Deal (e)**
**15.30 One Tree Hill (e)**
**16.20 Beverly Hills 90210**
**17.05 Rachael Ray** Glænýir spjallþættir.
**18.00 6 til sjö** Guðrún Gunnarsdóttir og Felix Bergsson eru í beinni útsendingu alla virka daga og taka á móti góðum gestum í myndveri SkjásEins.
**19.00 Everybody loves Raymond (e)**
**19.30 Out of Practice (e)**
▶**20.00 Queer Eye for the Straight Guy** Fimm samkynhneigðar tískulöggur þefa uppi lúðalega gaura og breyta þeim í flotta fýra. Allt er tekið í gegn og lífi viðkomandi snúið á hvolf. Fataskápurinn er endurnýjaður, flikkað upp á hárgreiðsluna, íbúðin endurskipulögð og gaurnum kennt að búa til rómantíska stemningu. Eftir stendur flottur gæi sem er fær í flestan sjó.
**21.00 Innlit / útlit** Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við og skoða hús, híbýli og flotta hönnun. Áhorfendur fá tækifæri til að taka þátt í fjörinu því Þórunn mun m.a. heimsækja fólk sem vill breyta og bæta á heimilinu. Nadia sýnir áhorfendum hvernig þeir geta gert hlutina sjálfir og bendir á einfaldar lausnir á meðan Arnar Gauti sér um allt sem viðkemur hönnun, jafnt nýrri sem eldri. Þetta er áttunda árið sem þátturinn er á dagskrá og hann batnar með hverju ári.
**22.00 Close to Home** Lögfræðidrama af bestu gerð.
**22.50 Everybody Loves Raymond** Bráðfyndin gamansería.
**23.20 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum.
**0.05 Survivor: Cook Islands (e)** Raunveruleikasería.
**1.05 Beverly Hills 90210 (e)**
**1.50 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**7.00 Að leikslokum (e)**
**14.00 Portsmouth - Everton (frá 9. des)**
**16.00 Lazio - Roma (frá 10. des)**
**18.00 Þrumuskot**
**19.00 Að leikslokum (e)**
**20.00 Wigan - Liverpool (frá 2. des)**
**22.00 Chelsea - Arsenal (frá 10. des)**
**0.00 Ítölsku mörkin (e)**
**1.00 Dagskrárlok**

*Glæný línuýsa 890 KR*
*Gellur og kinnfiskur*
*þorskhnakkar*
*Kæst skata að vestan*
*Kryddsíld og marineruð síld*
*saltfiskur 1180 kr*
*Túnfiskur, hörpuskel,*
*risarækjur, laxaflök*
*humarsúpa 1080 kr lítrinn*
*Glæsilegt úrval fiskrétta*

***Jólahumarinn er komin***

***Stærsta og flottasta fiskborð landsins***

**HVAÐ KOSTAR FISKURINN ÞAR SEM ÞÚ VERSLAR?**

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
Opið alla laugardaga 11-14

## Í KVÖLD

### SÝN

### DR 1

### NRK 1

### SVT 1

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-ID** / Enginn viðbjóður

## Í KVÖLD

### Stöð 2 KL. 22.25

### THE UNIT (ÚRVALSSVEITIN)

Nýr, bandarískur spennumyndaflokkur um störf leynilegrar úrvalssveitar innan bandaríska hersins sem hefur það hlutverk að fara í hættulegustu og leynilegustu sendiferðirnar. Þótt sveitin sé skipuð þeim allra færustu sem fyrirfinnast í hernum þá taka verkefnin mjög á, ekki síst fyrir eiginkonur þeirra og fjölskyldur sem lifa í stöðugum ótta um líf sinna manna. Þættirnir eru hugarsmíð leikstjórans og leikritaskáldsins virta, Davids Mamet, sem á m.a. að baki myndir og handrit á borð við Spartan, Heist, The Untouchables og Glengarry Glen Ross. Í þessum fyrsta þætti komast evrópskir viðskiptajöfrar í hann krappan þegar hryðjuverkamenn fremja flugrán. Kemur þá til kasta úrvalssveitarinnar að leysa fólkið úr klóm hinna miskunnarlausu ógnvalda. Bönnuð börnum.

### ▸VIÐ MÆLUM MEÐ

### „Whose line is it anyways?" KL. 15.25 Á STÖÐ 2

Þátturinn er bandarísk útgáfa af breskum grínþáttum og er kynnirinn gamanleikarinn Drew Carey. Drew fær tillögur af grínþáttum frá áhorfendum í sal og fær til sín grínistana Wayne Brady, Colin Mochre og Ryan Stiles sem eiga að leika grínþættina. Frægir gestaleikarar hafa komið fram í þáttunum eins og t.d. Whoopi Goldberg og Jerry Springer. Fyndinn grínþáttur sem lætur alla fýlupúka fá bros á vör.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **8.00** Fréttir **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stelpulitir **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Vítt og breitt **14.00 Fréttir** **14.03** Útarpssagan: Gangandi íkorni **14.30** Seiður og hélog **15.00** Fréttir **15.03** Orð skulu standa **16.00** Fréttir **16.10** Veðurfregnir **16.13** Hlaupanótan **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir og auglýsingar **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Perlur Tékklands **21.00** Afsprengi **21.55** Orð kvöldsins **22.00** Fréttir **22.10** Veðurfregnir **22.15** Lóðrétt eða lárétt **23.10** Fimm fjórðu **0.00** Fréttir **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-ID** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**17.25 FIFA World Club Championship 2005**
**19.05 Gillette Sportpakkinn** (Gillette World Sport 2006)
**19.30 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**20.00 X-Games 2006 - þáttur 4** (X-Games 2006 - þáttur 4) 4. þátturinn frá X-games á þessu hausti þar sem keppt er í nánast öllu milli himins og jarðar sem viðkemur adrenalín íþróttagreinum. X-games njóta geysilegrar hylli í Bandaríkjunum enda prýðilegt sjónvarpsefni þar sem ótrúleg tilþrif líta dagsins ljós.
**20.55 World Golf Championship 2006**
**22.55 World Supercross GP 2005-06** (Rogers Centre) Í Supercrossi er um að ræða keppni á vélhjólum þar sem kappaksturinn fer fram við erfiðar aðstæður, til dæmis á grasi, sandi eða möl svo dæmi sé nefnt.
**23.50 Ensku mörkin** Farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu. Mörg félaganna í deildinni eru með íslenska leikmenn á sínum snærum og því kærkomið að fá tækifæri til þess að fylgjast með tilþrifum þeirra í hverri einustu umferð.

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

## DR 1

11.35 Dagens Danmark 12.00 OBS 12.05 Ildsjæle 12.35 Desperate boligdrømme 13.05 Flyver med ørne 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawson's Creek 15.00 Boogie special: 50 cent 15.30 En lille reminder 15.40 SPAM 16.00 Absalons Hemmelighed 16.30 Absalon Live 17.00 Julefandango 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.55 Dagens Danmark 18.25 TV Avisen 18.30 Absalons Hemmelighed 19.00 Hammerslag 19.30 Danskernes Krønike 20.00 TV Avisen 20.25 Kontant 20.50 SportNyt 21.00 Forræderi og sammensværgelser 22.40 OBS 22.45 Min fars sind 23.40 Clement Kontra

## NRK 1

11.40 Fra Hordaland og Sogn og Fjordane 12.00 Siste nytt 12.05 V-cup skiskyting: Sprint, menn 13.00 Siste nytt 13.05 V-cup skiskyting: Sprint, menn 14.00 Siste nytt 14.05 Anne fra Bjørkely 14.55 Nifse saker 15.00 Siste nytt 15.03 VG-lista Topp 20 16.00 Siste nytt 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 VG-lista Topp 20 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Jul i Svingen 17.25 Peo 17.30 Klønete kløner 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Norge rundt 18.55 På tråden med Synnøve 19.55 Nytt på nytt 20.25 Først & sist 21.15 Politiagentene 22.00 Kveldsnytt 22.15 Den skjønne linje 23.15 Frank Zappa - grenseløs artist 0.05 Alfred Hitchcock presentere

## SVT 1

11.05 Den undre världen 12.15 Ridsport: Världscuphoppning 12.55 Hos Jihde 13.25 Biffen och bananen 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Animalitos 16.05 Top! En español 16.25 Animalitos 16.30 Krokodill 17.00 Världens största kör 17.10 Pettson och Findus - Tomtemaskinen 17.25 Känsliga bitar 17.30 Julkalendern: LasseMajas detektivbyrå 17.45 Hanna Mias resa till Antarktis 18.00 Lilla Aktuellt - kortnyheter 18.05 Trackslistan 18.30 Rapport 19.00 Uppdrag Granskning 20.00 Sejer - svarta sekunder 21.00 Argument 22.00 Rapport 22.10 Kulturnyheterna 22.20 Kobra 22.50 HippHipp: Itzhaks julevangelium 23.20 Yizo, Yizo 23.45 Sändning från SVT24

**HRÓSIÐ ...**

*... fá Daníel Ágúst og Krummi í Mínus sem skorða sig ekki við ákveðna tónlistarstefnu og huga nú að því að ferðast til Nashville til að taka upp sveitatónlist sína.*

# Furðuleg ástríða fyrir enska boltanum

Leikstjórinn Róbert Douglas er nú að vinna að því að gera heimildarmynd um hina merkilegu ástríðu íslenskra knattspyrnuáhugamanna á enska boltanum sem mörgum þykir alveg sérískenskt fyrirbæri. Knattspyrnan hefur lengi leikið stóran sess í kvikmyndum Róberts og nægir þar að nefna Strákana okkar sem fjallaði um samkynhneigt knattspyrnulið.

Róbert var staddur í London þegar Fréttablaðið hafði tal af honum og sagði leikstjórinn að verkefnið væri enn á byrjunarstigi. „Maður fer ekki alveg á fullt svona strax við gerð heimildarmynda," segir Róbert. „Ég er að viða að mér efni, hef tekið tvö viðtöl og ætla að tala við menn sem hafa brennandi áhuga á enska boltanum og þá sem hafa tekið virkan þátt í honum," segir Róbert en tökuliðið hefur þegar farið í eina ferð út til Englands með íslenska Liverpool-stuðningsmannaklúbbnum og reiknaði fastlega með að fara í fleiri slíkar ferðir. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er einn þeirra sem Róbert hefur tekið viðtal við íþróttavöruframleiðandinn Halldór Einarsson, betur þekktur sem Henson, en hann sá meðal annars enska úrvalsdeildarliðinu Aston Villa fyrir búningum.

Áhugi Íslendinga á ensku úrvalsdeildinni hefur síst minnkað eftir að Eggert Magnússon og Björgólfur Guðmundsson yfirtóku West Ham og verður því forvitnilegt að sjá hvaða augum Íslendingar sjá ást sína á enskri knattspyrnu. - fgg

**EGGERT MAGNÚSSON** Kaup hans á West Ham hafa orðið til þess að sífellt fleiri fylgjast með gangi mála í ensku úrvalsdeildinni.

**RÓBERT DOUGLAS** Vinnur að gerð heimildarmyndar um ástríðu Íslendinga fyrir enska boltanum.



**LÁRÉTT**
**2** ofneysla **6** dreifa **8** hversu **9** knæpa **11** bardagi **12** heill **14** unna **16** einnig **17** andi **18** fát **20** óreiða **21** traðkaði.

**LÓÐRÉTT**
**1** sót **3** tveir eins **4** ógætinn **5** skref **7** árviss **10** fiskur **13** suss **15** vingjarnleiki **16** margsinnis **19** eldsneyti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** ofhöf, **6** sá, **8** hve, **9** krá, **11** at, **12** allur, **14** elska, **16** og, **17** sál, **18** fum, **20** ru, **21** tróð.

**LÓÐRÉTT:** **1** aska, **3** hh, **4** óvarkár, **5** fet, **7** árlegur, **10** all, **13** uss, **15** alúð, **16** oft, **19** mó.

**MÁNI SVAVARSSON:** EKKI ORÐINN RÍKUR ÞRÁTT FYRIR VELGENGNI LATABÆJAR

# Tölum ekki niður til barnanna

„Latibær slær nýtt met í hverri viku," segir Máni Svavarsson, lagahöfundur sjónvarpsþáttanna um Íþróttaálfinn og vini hans. Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum hafnaði smáskífan Bing Bang í fjórða sæti breska smáskífulistans en engum íslenskum tónlistarmanni hefur tekist að koma hugarsmíð sinni svona hátt í fyrstu vikunni. Platan seldist í hundrað þúsund eintökum á einni viku og er því þegar komin með gullplötu upp á arminn en það er leikkonan unga, Julianna Rose Mauriello, sem syngur lagið.

„Ég hef ekki enn áttað mig almennilega á þessu en þetta kemur auðvitað í beinu framhaldi af þeim frábæru viðtökum sem Latibær hefur fengið," útskýrir Máni. „Við höfðum heyrt af því fyrr í vikunni að hún gengi vel en þessi niðurstaða er framar öllum vonum," bætir Máni við en smáskífan fór beint í sjötta sætið fyrstu dagana og hélt síðan áfram að bæta við sig, jafnt og þétt. Þegar farið er yfir listann kemur í ljós að Latibær slær mörgum af helstu stórstjörnum poppheimsins við og nægir þar að nefna P. Diddy ásamt Christinu Aguilera með lagið Tell Me, Íslandsvininum Morrissey og nýjasta Bond-laginu sem Chris Cornell syngur. Þá hafði Gwen Stefani ekkert roð í Sollu og félaga en hún hafnaði í fimmta sæti listans með lagið Wind it Up.

**FRAMAR ÖLLUM VONUM** Máni Svavarsson þakkar velgengni Latabæjar vinsældir smáskífunnar Bing Bang sem komst í fjórða sæti breska smáskífulistans.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

**ORÐIN STÓRSTJARNA** Julianna Rose Mauriello söng sig inn í hug og hjörtu breskra aðdáenda Latabæjar með laginu Bing Bang.

Máni segir að öll lög og textar séu unnin í nánu samstarfi við Magnús Scheving, skapara þáttanna, og Bing Bang er engin undantekning á þeirri reglu. „Lagið varð til fyrir leikritið Glanni glæpur í Latabæ árið 1999 sem sýnt var í Þjóðleikhúsinu og ég man að það var tiltölulega stuttan tíma í smíðum," útskýrir Máni og viðurkennir síðan að hann hafi snemma haft það á tilfinningunni að þetta væri ágætis poppsmellur.

**ÁTTI EKKI ROÐ Í SOLLU** Gwen Stefani varð að láta sér fimmta sætið að góðu verða með smáskífu sína Wind it up.

Lagahöfundurinn segist hins vegar ekki setja sig í neinar sérstakar stellingar þótt hann sé að semja tónlist fyrir barnaþátt enda vilji hann fá alla fjölskylduna til að standa upp úr sófanum og dansa heima í stofu. „Ég held að það sé líka hluti af velgengninni hjá Latabæ, við tölum ekki niður til barnanna," segir Máni sem vill ekki meina að hann sé orðinn milljónamæringur þrátt fyrir þessar miklu vinsældir. „Það tekur yfirleitt lengri tíma fyrir peningana að byrja að tikka inn í kassann."

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Væringunum og átökunum innan Frjálslynda flokksins voru gerð góð skil hjá þeim Spaugstofumönnum á laugardaginn þegar félagarnir settu upp sína útgáfu af Gullna hliðinu sem reyndar var kallað Frjálslynda hliðið. Framkvæmdastjóri flokksins, **Margrét Sverrisdóttir**, hefur staðið í miðju stormsins en hún hafði gaman af útfærslunni og hrósar henni á bloggsíðu sinni. „Þar er **Guðjón Arnar** eins og kerlingin hans Jóns að reyna að lauma syndugri sálinni hans **Jóns Magnússonar** (úr Nýju afli) inn í himnaríki, en ég er í hlutverki Lykla-Péturs/ Sankti Péturs og kölluð Heilög Margrét – og vil ekki sjá Jón. Svo kemur pabbi til sögunnar í gervi andskotans og flytur magnaðan kveðskap um afleysi Nýs afls, enda er hann þekktur fyrir mergjað málfar. Þetta var bráðskemmtilegt," skrifar Margrét.



Ein af veislum ársins verður haldin um næstu helgi þegar sjónvarpsmaðurinn **Logi Bergmann Eiðsson** fagnar fertugsafmæli sínu. Logi er vinamargur maður og dugar ekki minni staður en Nasa við Austurvöll undir herlegheitin. **Stefán Hilmarsson** og félagar í Sálinni hans Jóns míns hafa verið fengnir til að skemmta Loga og hans fólki.

Ekki þarf að hafa miklar áhyggjur af því að Stefáni og félögum gangi illa að draga afmælisgesti út á dansgólfið. Margir vina Loga velta því aftur á móti fyrir sér hvort hann og eiginkonan **Svanhildur Hólm Valsdóttir** muni leggja hljómsveitinni lið í einu lagi eða svo. Frægt varð ekki alls fyrir löngu þegar þau skelltu sér upp á svið á Sálarballi á Nasa og tóku lagið með hljómsveitinni. Vinum og samstarfsmönnum Loga myndi alla vega ekki leiðast að heyra hann syngja Hey kanínu, Með þér eða jafnvel Sódómu. - fgg/hdm

# Eberg með lag í The O.C.

Lag með íslenska tónlistarmanninum Eberg var spilað í sjónvarpsþættinum vinsæla The O.C. í Bandaríkjunum síðastliðinn fimmtudag. Fetar hann þar með í fótspor Emilíönu Torrini sem hefur átt fjögur lög í þættinum Grey´s Anatomy.

Lag Ebergs nefnist Inside Your Head og er að finna á annarri sólóplötu hans, Voff Voff, sem kom út fyrr á árinu við góðar undirtektir. Eberg, sem heitir réttu nafni Einar Tönsberg, segir að áhugi framleiðenda The O.C. hafi komið sér mjög á óvart. „Þetta kom til fyrir nokkrum vikum síðan. Ég var aldrei neitt viss með þetta fyrr en það var komið í loftið," segir Einar. „Ég hef fengið ótrúlega fín viðbrögð við þessu og lagið er komið í sjötta sæti á iTunes-sölulistanum í Bandaríkjunum undir „electronics"-hattinum."

Einar, sem gaf nýlega út smáskífulagið The Twinkle Star í Bretlandi, segir þetta hafa verið sérlega óvænt því hann hafi ekki ennþá gefið plötuna út í Bandaríkjunum. „Þetta er bara út í bláinn en það er meiriháttar fínt að þetta fái svona mikið áhorf. Ég var að sjá þetta brot og það er spilað lengri útgáfa en er á plötunni. Þetta eru síðustu fjórar mínúturnar í þættinum og það er svaka drama í gangi."

Einar segir ágætar líkur á því að lög hans verði notuð í svipuðum þáttum og The O.C. á næstunni en vill þó ekki gefa neitt upp enn sem komið er. Hann hlær þegar hann er spurður hvort hann sé aðdáandi þáttarins. „Ég er orðinn svaka „fan" núna," segir hann í léttum dúr. „Systur mínar voru að setja mig inn í þetta og þær tjáðu mér að þetta væri mjög mikilvæg sena."

Systur hans hafa mikið til síns máls því á meðal hljómsveita sem hafa vakið á sér athygli í þættinum eru virtar sveitir á borð við Jet, Zero 7 og Death Cab For Cutie. - fb

**EBERG** Einar Tönsberg er hæstánægður með viðbrögðin við lagi sínu Inside Your Head.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# AEG

- **Mjög hljóðlát**, aðeins 49 dB(A)
- **5 þvottakerfi**, þ.á.m. hraðkerfi og sjálfvirkt kerfi, glasakerfi og erfiðiskerfi
- Val um 70°/65°/50°/45°C
- Sveigjanleg innrétting
- Snertitakkar
- Fuzzy Logic þvottatækni sem tryggir skínandi hreint leirtau í hvert skipti
- **A/A/A einkunn** fyrir orkunýtni, þvottagæði & þurrkun
- HxBxD: 87-93x60x61 cm
- Verð áður kr. 79.900

AFSLÁTTUR 20%
Verð nú **64.900**

A ORKA | A ÞVOTTUR | A ÞURRKUN

175 cm

# ZANUSSI

- Rúmmál kælis **226 lítrar** og **110 lítra** frystir
- **Orkunýtni A**
- **MAXI frystiskúffur** með betri nýtingu og nægu rými
- Flöskurekki
- **Stórar grænmetisskúffur**
- Glerhillur með kanti
- Sjálfvirk afþíðing í kæli
- Hljóðlátur 38 dB(A)
- HxBxD: 175x59,5x62 cm
- **Verð áður kr. 69.900**

ÞÚ SPARAR 10.000
Verð nú **59.900**

STÁL
AFSLÁTTUR 20%
Verð nú **39.900**

# CATA

EYJUHÁFUR!

- Stílhreinn stál **blástursofn**
- **Heitur blástur**
- Undir- og yfirhiti
- Stórt **grill**
- **Klukka**
- Spegilgler
- Verð áður kr. 49.900

AFSLÁTTUR 40%
Verð nú **69.900**

# Electrolux

- Fríhangandi háfur með 4x halogen ljósum
- Góður sogkraftur
- 3 hraðastillingar
- Fyrir hvort útblástur eða kolasíu
- Verð áður kr. 113.900

**25** gerðir af viftum og háfum með allt að **70% afsl.**

AFSLÁTTUR 23%
Verð nú **34.900**

SNERTITAKKAR

appliance

- Keramik helluborð með **snertitökkum** á öllum hellum
- **High Light** hraðhellur
- Verð áður kr. 44.900



AFSLÁTTUR 40%
Verð nú **79.900**

SPANSUÐA!

# Electrolux

Spansuðuhelluborð með snertitökkum, stafrænu stjórnborði og Boost tækni

- Með glerkanti, niðurslípuðum til hliða
- Sjálfvirkur öryggisútsláttur
- Klukka með hringingu
- Verð áður kr. 129.900

ensemble

- Einföld hvít eldavél með steypum hellum
- Undir- og yfirhiti
- Grill
- Djúp ofnskúffa, bökunarplata og grind fylgir
- HxBxD: 85x59,5x60 cm
- Verð áður kr. 49.900

AFSLÁTTUR 40%
Verð nú **34.900**

ÞÚ SPARAR 10.000
Verð nú **24.900**

ensemble
84 lítra frystiskápur 84 cm hár. Verð áður kr. 34.900

# OFUR-TILBOÐ!

VERÐ OG GÆÐI SEM STANDAST ALLAN SAMANBURÐ!

# ZANUSSI

- Einföld og þægileg 1000 sn. þvottavél frá Zanussi
- Stillanlegur vinduhraði Hraðval á flestum kerfum
- Stór hurð
- A einkunn fyrir orkunotkun
- A einkunn fyrir þvottaeiginleika
- Þriggja ára ábyrgð
- HxBxD: 90x59,6x60 cm
- Verð áður kr.59.900

A ORKA | A ÞVOTTUR

AFSLÁTTUR 20%
Verð nú **47.900**

143 cm

HVÍTUR
ÞÚ SPARAR 10.000
Verð nú **34.900**

STÁL
ÞÚ SPARAR 10.000
Verð nú **39.900**

ensemble

- Kæli- og frystiskápur með frysti að ofanverðu
- 171 lítra kælir og 41 lítra frystir
- Orkuflokkur A
- Afhríming í kæli
- Glerhillur
- HxBxD: 143x55x58 cm
- Verð áður kr. 44.900 / 49.900

154 cm

Verð nú **59.900**

# Electrolux

- Kæli- og frystiskápur með 211 lítra kælir og 79 lítra frystir
- Orkuflokkur A
- Flöskurekki og glerhillur
- HxBxD: 154x59,5x60 cm
- Verð áður kr. 68.300

AFSLÁTTUR 45%
Verð nú **16.900**

28 L M / GRILLI

# Electrolux

Stór örbylgjuofn með stafrænu og notendavænu stjórnborði með skjá

- **1300W Grill**
- **28 lítra**
- RedDot alþjóðleg hönnunarverðlaun
- Verð áður kr. 29.900

# Electrolux

Stílhrein eldhúsvifta með góðum sogkrafti og vinnuljósi

- Þrískiptur hraðastillir
- Þvoanleg fitusía úr áli
- HxBxD: 13x59,8x48 cm
- Verð áður kr. 9.990

AFSLÁTTUR 30%
Verð nú **6.990**

Mikið úrval af olíufylltum rafmagnsofnum bæði á vegg og á hjólum eða gólf

Verð frá kr. **2.990**

FRÁBÆRT VERÐ!

Rafha ehf

Opið
Virka daga 9-18
Laugardaga 10-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
**www.rafha.is**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Drögum í dag
Átt þú miða?
HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
800 6611 - www.hhi.is




BAKÞANKAR

ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

## Jól í hjarta

Eftir að hafa staðið í þeirri trú áratugum saman að líta út nákvæmlega eins og um tvítugt er hlægilegt að heyra einstaka miðaldra menn og konur halda því fram að þau telji sig yngri en maður er sjálfur. Skelfilegt að komast að því við vísindalegan samanburð á fæðingarárum að stundum er það rétt, hinir rosknu viðmælendur reynast töluvert yngri. Að mínum dómi eru þeir sem eldast furðuvel nefnilega ég sjálf og vinir mínir, eða yfirhöfuð það fólk sem ég hitti oft. Aðrir eru ekki jafnheppnir, sumir gamlir skólafélagar sem ég hitti eftir áratugi eru til dæmis orðnir mjög ellilegir.

**VEGNA** minnar óþrjótandi ásku verð ég alltaf dálítið skelfd á aðventunni að uppgötva eigið vægi sem foreldri í jólaundirbúningi heimilisins. Af öllum þeim hlutverkum sem við leikum um ævina fylgir því einna mestur ábyrgðarhrollurinn að vera sjálf komin í burðarhlutverk í jólaævintýrinu. Að stíga inn í mikilvægar rullur sem foreldrar og forfeður allar götur aftur í móðuharðindin hafa slípað með sóma, og fela í sér framleiðslu á notalegum jólaminningum fyrir komandi kynslóðir. Vera þau sem halda í hefðirnar, finna upp nýjar, ákveða gjafirnar. Skipuleggja vægi tiltekta og jólaföndurs og bera höfuðábyrgð á stemningunni.

**KONUR** sáu fyrrum að mestu um framkvæmdastjórn jólanna á meðan framlag karlanna var einkum að skreppa stöku sinnum með innkaupalista í kaupstað. Þá var verkefni margra foreldra að gera mikið úr litlu, gleðjast með börnunum yfir spilastokki og skini tólgarkerta. Þótt ytri umbúnaður hafi breyst erum við aldrei eins bundin í hefðir og um jólin. Syngjum enn gagnrýnislaust um hann sem fékk bók og hana sem fékk nál og tvinna. Líka um mömmu sem er enn í eldhúsinu eitthvað að fást við mat á meðan pabbi er enn í ógnarbasli með að koma á sig hálstauinu. Skiljanlega er honum heldur illa treystandi fyrir jólasteikinni fyrr en hann lærir að klæða sig sjálfur án aðstoðar.

**Í** offramboði af vörum og afþreyingu sem auðveldlega getur kæft hvaða jólagleði sem er, er hlutverk nútímaforeldra enn það sama. Verkefnið er enn að kenna börnum sínum að stilla væntingum í hóf og kunna að gleðjast yfir litlu.


BBC WORLD SERVICE

www.toyota.is

Til: Þín
Frá: 11.656 kr. á mán.*

* m.v. Yaris Terra, 3 dyra, 2005 árgerð á 930 þús. kr. og bílasamning í 84 mánuði með 20% útborgun.

Nýna geturðu fengið 2005 árgerð af Yaris frá 11.656 krónum á mánuði*.

Þetta er verð sem sést ekki allt árið um kring og því vissara að koma í heimsókn fyrr en síðar.

Opið virka daga frá kl. 9 til 18.

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

Toyota Kópavogi, Nýbýlavegi 4, Kópavogur, Sími: 570-5070
Toyota Akureyri, Baldursnesi 1, Akureyri, Sími: 460-4300
Toyota Reykjanesbæ, Njarðarbraut 19, Reykjanesbær, Sími: 421-4888
Toyota Selfossi, Fossnesi 14, Selfoss, Sími: 480-8000
Toyota Austurlandi, Miðási 2, Egilsstaðir, Sími: 470-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA SIA.IS/TOY 38215 12/06